


**skoðun 12**

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Lífrænn lífsstíll




**Réttir úr hollu hráefni**
*Hinrik Carl Ellertssen hjá Spírunni eldar úr grænmeti beint frá býli.*
**allt 2**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**21. september 2010**
221. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Höfðingleg gjöf**
*Minjastofu Kvennaskólans á Blönduósi áskotnuðust ómetanlegir munir utan úr heimi.*
**tímamót 14**

**Amiina púslar**
*Amiina gefur út aðra plötu sína á morgun.*
**tónlist 20**



**Agabannið hafði áhrif**
*Björn Daníel Sverrisson hefur farið á kostum með FH-liðinu í september.*
**sport 22**

**veðrið í dag**




**HÆGVIÐRI EN SVALT** Í dag má búast við hægri norðaustlægri átt, víða 3-8 m/s. Norðantil má búast við súld eða slyddu en vestanlands þykknar heldur upp síðdegis með úrkomu á stöku stað.
**VEÐUR 4**

# Tæplega fimm þúsund bílar á ábyrgð tryggingafélaganna

**Ótryggðum ökutækjum í umferðinni hefur fjölgað um helming á fimm árum. Tryggingafélögum ber skylda til að bæta fyrir tjón ótryggðra ökutækja. Um 250 þúsund ökutæki eru skráð í umferð hér á landi.**

**UMFERÐ** Alls eru 4.684 ótryggð ökutæki í umferð í dag. Flest eru þau á skrá Umferðarstofu vegna vangoldinna tryggingagjalda. Tryggingafélögin bæta tjón sem þessi ökutæki valda. Ótryggðum ökutækjum hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Árið 2005 voru þau tæplega 2.500 talsins og í fyrra tæplega 4.000.

Þegar eigandi ökutækis hefur ekki greitt iðgjald sendir tryggingafélagið tilkynningu til Umferðarstofu sem skráir það ótryggt. Lögreglan fær útlistun á þeim bílum mánaðarlega og klippir af þeim númerin.

> **297** þúsund ökutæki eru skráð hér á landi, þar af eru um 250 þúsund í umferð.

Árni Friðleifsson, hjá umferðardeild lögreglunnar, segir mál sem þessi ekki vera í hæsta forgangi hjá lögreglunni en þeim sé þó vissulega sinnt eftir bestu getu.

Ef ótryggt ökutæki veldur öðrum tjóni í umferðinni ber tryggingafélagi þess ökumanns sem tjóninu olli að bæta fyrir það. Séu liðnar meira en fjórar vikur síðan trygging féll niður sökum vanskila er fjármagn sótt í sjóð Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi (ABÍ), sem öll bílatryggingafélög eru með aðild að.

Jón Ólafsson, framkvæmdastjóri ABÍ, segir sjóðinn bæta fyrir hátt í hundrað tjón á ári og fjárhæðirnar geti skipt tugum milljóna. Algengt sé að rukkanir til einstaklinga vegna endurkröfurétts gangi misvel.

„Við eigum mjög sterka endurkröfu á eigandann og ökumanninn og við eltum þetta fólk alveg til enda,“ segir Jón. „En ef við náum því ekki þurfa tryggingafélögin að koma til og borga okkur.“

Einar Magnús Magnússon, verkefnastjóri hjá Umferðarstofu, segir ákveðna sanngirni felast í ferlinu.

„Það er verið að sjá til þess að fórnarlambið þurfi ekki að standa í kröfum til að fá tjónið bætt. Enginn hefur rétt á því að afsala sér tryggingu. Ökutækin verða ólögleg um leið og þau eru ótryggð og verða þá ekkert annað en tilræðistæki.“ **- sv**



**HUNDUR SEM ÞRÁIR HAFIÐ** Fjórfættu sunddrottningunni Esju finnst fátt skemmtilegra en að svamla um í köldum sjónum. Esja stakk sér til sunds í Hafnarfjarðarhöfn í gær, lék við hvurn sinn fingur og sótti að lokum þessa stóru spýtu við litlar undirtektir eigenda hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekið á átta ára dreng:

## Ökumaðurinn réttindalaus og ölvaður á lánsbíl

**LÖGREGLUMÁL Ekið var á átta ára dreng í Suðurhólum, við Vesturhóla í Breiðholtinu, um kvöldmatarleytið í gær. Ökumaðurinn, kona á þrítugsaldri, var réttindalaus og ölvuð.**

**Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var konan ekki eigandi bílsins heldur með hann í láni frá vinkonu sinni.**

**Eigandinn mætti á staðinn stuttu eftir að atvikið átti sér stað og ætlaði að taka á sig sökina. Ökumaðurinn slapp þó ekki með skrekkinn og var færð á lögreglustöðina þar sem hún fékk að dúsa í fangaklefa yfir nótt.**

**Henni verður líklega sleppt að lokinni yfirheyrslu í dag.**

**Drengurinn slasaðist þó nokkuð á fæti og var fluttur á bráðamóttöku Landspítalans. Hann fékk þó að fara heim að lokinni skoðun. - sv**

Atli Gíslason um gagnrýni forsætisráðherra á niðurstöðu þingmannanefndar:

## „Alvarlegt umhugsunarefni fyrir mig“

**ALÞINGI** „Þetta er mjög alvarlegt umhugsunarefni fyrir mig. Ég ætla að sofa á þessu og telja upp að tuttugu,“ segir Atli Gíslason, formaður þingmannanefndarinnar, vegna ummæla Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á Alþingi í gær.

Jóhanna gagnrýndi harðlega tillögur meirihluta þingmannanefndar um að ákæra beri fjóra fyrrverandi ráðherra fyrir landsdómi. Sagði hún meðal annars að ráðherrarnir hefðu ekki, árið 2008, verið í aðstöðu til að afstýra bankahruninu.

Jóhanna vék sérstaklega að málefnum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Sagði hún yfirgnæfandi líkur á að Ingibjörg verði sýknuð fyrir landsdómi komi mál hennar þar til dóms. Rökin voru þau að einungis embættisbrot vörðuðu ráðherraábyrgð. „Staða utanríkisráðherra og verksvið í stjórnskipan landsins er með þeim hætti að það er vandséð hvernig unnt er að komast að þeirri niðurstöðu að sá ráðherra hafi gerst sekur um brot í embættisrekstri sínum í aðdraganda falls íslensku bankanna.“

Jóhanna sagði það veikja málatilbúnaðinn að niðurstöður þingmannanefndarinnar væru aðrar en rannsóknarnefndar Alþingis sem og sú staðreynd að þingmannanefndin hefði skilað þremur niðurstöðum eftir flokkslínum.

Þá efaðist hún um að málsmeðferðin samrýmdist kröfum um mannréttindavernd sakborninga. Kvaðst hún undrast að þingmannanefndin hefði ekki viðhaft sjálfstæða rannsókn og skýrslutöku. Rétt hefði verið að leita álits sérstakrar nefndar Evrópuráðsins um hvort gætt hefði verið að réttarstöðu fjórmenninganna. **- bþs, sv**










## SPURNING DAGSINS



*Björn, þykir þetta fínn pappír?*

„Já, þetta er langfínasti pappírinn. Eins og sést á myndunum.“

Fréttablaðið sagði í gær frá áhugamáli Björns Finnssonar, sem stundar mikið origami-föndur úr pappír. Hús hans er undirlagt pappírsskúlptúrum.

Gæsluvarðhaldsúrskurðir yfir meintum skattsvikurum staðfestir í Hæstarétti:

# Rannsaka tengsl við útlönd

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurði héraðsdóms yfir sexmenningunum sem handteknir voru í síðustu viku grunaðir um umfangsmikil skattsvik. Varðhald yfir einum þeirra rann út í gær og var það framlengt að kröfu lögreglu.

Sexmenningarnir eru grunaðir um að hafa svikið út 270 milljóna króna endurgreiddan virðisaukaskatt. Tvö einkahlutafélög voru notuð til verksins, en grunur er um að þau hafi aldrei haft starfsemi. Forsvarsmenn þeirra skiluðu fölsuðum reikningum fyrir um eins milljarðs endurbótum á atvinnuhúsnæði í Mosfellsbæ og Reykjavík til vitorðsmanns síns hjá skattinum, sem afgreiddi beiðnirnar um endurgreiðslu.

Féð er ekki komið í leitirnar og rannsakar lögregla nú hvað varð um það, meðal annars hvort því hafi verið varið til kaupa á fíkniefnum. Rúm ellefu kíló af hassi fundust í húsleit hjá einum sakborninganna.

Jón H.B. Snorrason, sem stýrir rannsókninni, segir málið á frumstigi. Spurður hvort fleiri hafi verið handteknir segir hann að í það minnsta hafi ekki verið farið fram á varðhald yfir fleirum. Hann útilokar þó ekki frekari handtökur, né að málið teygi sig út fyrir landsteinana. Það sé nú rannsakað. **- sh**




**RÍKISSKATTSTJÓRI** Einn hinna handteknu var starfsmaður skattsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vilja strák í auglýsingu:

## Calvin Klein leitar á Íslandi

**FÓLK** Tískurisinn Calvin Klein leitar að strákum á Íslandi til að koma fram á tískusýningu í New York. Sá sem verður fyrir valinu á möguleika á að verða andlit næstu auglýsingaherferðar fyrirtækisins.

„Þetta er bæði mjög spennandi verkefni fyrir okkur og mikill heiður,“ segir Ingibjörg Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Elite-umboðsstofunnar á Íslandi, sem sér um keppnina hér á landi.

Meðal frægra nærfatamódela má nefna leikarann Mark Wahlberg. **- sm /** **sjá síðu 26**



**FC WATTHAI** Liðið er á leið á fótboltamót í Danmörku.

Taílenskt fótboltalið:

## Keppir fyrir Íslands hönd

**HEILSA** Íslenskt fótboltalið, FC Watthai, sem er skipað Taílendingum, heldur utan til Stenløse í Danmörku í október til að taka þátt í stóru árlegu fótboltamóti.

„Dagurinn fer í stífa spilamennsku og um kvöldið verður hálfgerð uppskeruhátíð þar sem yngri og eldri kynslóðir Taílendinga koma saman,“ segir Somchai Yuangthong, leikmaður FC Watthai.

Fótboltaliðið var stofnað að undirlagi búddamunks til að hvetja Taílendinga til íþróttaiðkunar. **- rve/****sjá allt**

Hætt við ráðningu:

## Sveitarstjóraefni leyndi gjaldþroti sínu

**REYKHÓLAR** Hreppsnefnd Reykhólahrepps afturkallaði í gær ákvörðun um ráðningu Gylfa Þórs Þórissonar í starf sveitarstjóra.

Eftir að Gylfi Þór var valinn úr hópi umsækjenda kom í ljós að bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta í apríl á þessu ári. Hann upplýsti það ekki þegar hann sótti um sveitarstjórastarfið, að því er segir á reykholar.is.

„Hreppsnefnd mun að nýju fara yfir allar umsóknir um starfið með það að markmiði að velja þann hæfasta sem kostur er á,“ segir í bókun sem hreppsnefndin gerði um málið í gær. **- pg**

# Heilbrigðisráðuneytið eitt fram úr fjárlögum

**Útgjöld ellefu af tólf ráðuneytum voru innan fjárheimilda á fyrri hluta ársins. Í heild voru útgjöld ríkissjóðs 13,3 milljörðum innan heimilda. Stofnanir sem átt hafa við verulega rekstrarerfiðleika að etja eru nú reknar innan fjárheimilda.**

**EFNAHAGSMÁL** Heilbrigðisráðuneytið fór, eitt tólf ráðuneyta, fram úr fjárheimildum á fyrri hluta ársins. Skýrist það einkum með stöðu Sjúkratrygginga sem fóru rúman milljarð króna fram úr heimildum.

Þetta kemur fram í minnisblaði fjármálaráðuneytisins til fjárlaganefndar Alþingis um framkvæmd fjárlaga fyrri helming ársins.

Í minnisblaðinu segir að útgjöld ríkissjóðs séu í heild 13,3 milljörðum króna innan fjárheimilda og 22,2 milljörðum að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá fyrra ári.

Fram kemur að rekstur stofnana sé að langstærstu leyti í samræmi við áætlanir. „Í heild sýnir uppgjörið að stofnanir og ráðuneyti halda almennt vel utan um útgjöld og eru í flestum tilfellum innan fjárheimilda. Líðum með útgjöld umfram heimildir fækkar verulega milli ára og nokkrar stofnanir sem undanfarin ár hafa átt við verulega rekstrarerfiðleika að etja, eru komnar innan fjárheimilda,“ segir í minnisblaðinu. Þessum árangri þurfi að fylgja vel eftir með áframhaldandi aðhaldi í rekstri til að tryggja megi að rekstur ríkissjóðs endi innan fjárheimilda á árinu öllu.

Þótt ráðuneyti í heild sé innan heimilda er ekki þar með sagt að hið sama gildi um alla fjárlagaliði þess. Þannig kemur fram í minnisblaðinu að átta framhaldsskólar voru reknar yfir heimildum. Einnig greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga, ríkisábyrgða og málskostnaðar í opinberum málum. Þá kemur fram að í tilvikum nokkurra liða sem enn eru innan heimilda hafi nú þegar verið óskað eftir viðbótarheimildum í fjáraukalögum vegna áætlaðs halla á síðari hluta ársins. Stærstu liðirnir sem þar um ræðir eru vaxtabætur, barnabætur og Fæðingarorlofssjóður.

Styrking krónunnar á fyrri hluta ársins hefur nokkur áhrif á ríkisútgjöldin. Eru heildaráhrif þess áætlaðir 1,5 milljarðar til lækkunar fjárheimildum. Enn er óvíst hvaða áhrif gengisþróunin hefur á endanlegar niðurstöður ársins. **bjorn@frettabladid.is**



**HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ** Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um leiðir til að bregðast við milljarðs króna framúrkeyrslu Sjúkratrygginga, segir í minnisblaði fjármálaráðuneytisins til fjárlaganefndar Alþingis.

### Minna framkvæmt en heimilt var

Í minnisblaði fjármálaráðuneytisins til fjárlaganefndar kemur fram að nokkru minna fé var varið til viðhalds og stofnkostnaðar á fyrri helmingi ársins heldur en heimilt var samkvæmt fjárlögum. Hér eru dæmi:

| | Gjöld | Heimildir |
|---|---|---|
| **Viðhald** | | |
| Framkvæmdaverkefni vegagerðar | 731 | 1.279 |
| **Stofnkostnaður** | | |
| Vegagerðin | 4.837 | 5.689 |
| Hafnarframkvæmdir | 800 | 916 |
| Sjúkrahús og heilsugæsla | 305 | 426 |
| Öldrunarmál og félagsleg verkefni | 522 | 1.607 |
| Skólar og menningarstofnanir | 1.148 | 1.727 |
| Landhelgissjóður | 892 | 1.708 |
| Ofanflóðasjóður | 105 | 1.697 |



*Fjárhæðir eru í milljónum króna.*

Borgarfulltrúi Vinstri grænna:

## Meirihlutinn viðhaldi fátækt

**REYKJAVÍK Fulltrúar Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks og Besta flokksins í velferðarráði Reykjavíkurborgar kolfelldu fyrir helgi tillögu Þorleifs Gunnlaugssonar frá VG um að hækka fjárhagsaðstoð til einstaklinga úr 17 þúsund krónum á mánuði í 22 þúsund.**

**Þorleifur lagði af því tilefni fram bókun þar sem hann sagði eftirtektarvert að fulltrúar flokkanna þriggja hefðu „tekið höndum saman um að viðhalda sárri fátækt skjólstæðinga Reykjavíkurborgar“. Sjálfstæðismenn væru reyndar samkvæmir sjálfum sér en það væru vonbrigði að fulltrúar Besta flokksins og Samfylkingar skyldu sveigja af leið og hafna tillögu sem væri í anda bókunar sem flokkarnir lögðu fram ásamt VG síðastliðið vor.**

**Í greinargerð sem fylgdi tillögu Þorleifs kom fram að umrædda hækkun þyrfti til svo fjárhagsaðstoð næði lágtekjumörkum. - sh**

Dómur dregur úr óvissu:

## Áhrif á lánshæfið engin

**EFNAHAGSMÁL** Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's telur nýlegan dóm Hæstaréttar um gengisbundin lán draga úr óvissu en ekki hafa áhrif á lánshæfismat.

Á vef Seðlabankans kemur fram að í inngangi nýs álits Moody's sé vísað til þess að fyrirtækið búist við að ríkisstjórnin kynni brátt lagafrumvarp sem skýri frekar til hvaða annarra lána dómur Hæstaréttar eigi að taka. „Dómurinn og væntanlegar frekari skýringar eru mikilvægt og jákvætt skref í átt að því að draga töluvert úr óvissu um getu bankakerfisins til að fást við yfirfærslu lána í innlenda mynt,“ segir þar. **- óká**






Laun fyrstu varaborgarfulltrúa Reykjavíkur hækkuðu um síðustu mánaðamót:

# 20 til 60 prósenta launahækkun

**REYKJAVÍKURBORG** Laun fyrstu varaborgarfulltrúa Reykjavíkurborgar verða hækkuð frá og með síðustu mánaðamótum. Þeir Páll Hjaltason úr Besta flokknum, Hjálmar Sveinsson, Samfylkingu, Geir Sveinsson, Sjálfstæðisflokki, og Þorleifur Gunnlaugsson, Vinstri grænum, hækka í launum um 20 til 60 prósent, samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu borgarstjórnar.

Fyrstu varaborgarfulltrúar fá greidd 70 prósent af grunnlaunum borgarfulltrúa og gilda um þá sömu reglur varðandi álag og skerðingar.

Tillagan var samþykkt á fundi forsætisnefndar síðastliðinn föstudag og með því var fallið frá breytingum á kjörum um starfsaðstöðu fyrstu varaborgarfulltrúa sem tóku gildi í upphafi kjörtímabilsins.



**GEIR SVEINSSON**



**HJÁLMAR SVEINSSON**



**PÁLL HJALTASON**

Ólafur Hjörleifsson, skrifstofustjóri Reykjavíkurborgar, segir aukalegan kostnað við hækkanirnar nemi um fimm milljónum króna á komandi ári miðað við núverandi nefndarskipan, en forsendurnar geti þó breyst.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokks, mótmælti tillögunni á föstudag og lagði fram bókun sem í stóð að þótt breytingin nái einungis til nokkurra aðila og upphæðin sem um ræðir ekki há í samhengi hlutanna, sé aðgerðin engu að síður táknræn um ranga forgangsröðun. **- sv**


Nýr ferðabæklingur
er kominn út!
Nýtt!
HAUST&
VETUR
2010-11
ÚRVAL-ÚTSÝN
HAUST OG VETUR 2010 2011
HAUST &
VETUR
2010
SÓL | SIGLINGAR | ÆVINTÝRI | ÚRVALSFÓLK | GOLF | ÍÞRÓTTIR
MEIRA Á
urvalutsyn.is
ÚRVAL-ÚTSÝN

## GENGIÐ 20.09.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,60 | 117,16 |
| Sterlingspund | 181,88 | 182,76 |
| Evra | 152,66 | 153,52 |
| Dönsk króna | 20,496 | 20,616 |
| Norsk króna | 19,206 | 19,320 |
| Sænsk króna | 16,588 | 16,686 |
| Japanskt jen | 1,361 | 1,369 |
| SDR | 177,68 | 178,74 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

206,7108

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ásakanir um kosningasvindl endurtaka sig í Afganistan:

# Rannsókn sögð nauðsynleg

**AFGANISTAN, AP** Óháð kosningaeftirlitsstofnun í Afganistan hvetur Hamid Karzai forseta og önnur stjórnvöld til að leyfa ítarlega rannsókn á því hvort víðtækt kosningasvindl hafi verið viðhaft um helgina.

Í bráðabirgðaskýrslu sinni um framkvæmd kosninganna er lýst fjölmörgu, sem ábótavant þótti. Til dæmis eru dæmi um að kjósendur hafi komið með mörg atkvæði, greitt atkvæði fyrir aðra, greitt atkvæði án þess að hafa náð kosningaaldri, notað fölsuð skilríki eða greitt atkvæði oftar en einu sinni.

Þingkosningar voru haldnar í landinu á laugardag þrátt fyrir árásir og hótanir talibana. Ofbeldið kostaði eitthvað á þriðja tug manns lífið.

Aðeins ár er liðið síðan forsetakosningar voru haldnar í landinu, þar sem Karzai tryggði sér annað kjörtímabil við völd.

Staða hans veiktist hins vegar vegna ásakana um víðtækt kosningasvindl, sem nú er að endurtaka sig eins og margir höfðu óttast. **- gb**



**ATKVÆÐI TALIN** Ekki er reiknað með endanlegum tölum fyrr en eftir nokkrar vikur eða jafnvel mánuði. NORDICPHOTOS/AFP

Þjóðhöfðingjar í New York:

# Þúsaldarmarkmiðin yfirfarin

**BANDARÍKIN, AP** Leiðtogar aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, meira en 140 talsins, eru saman komnir í New York til að skoða hve miðað hefur í áttina að svonefndum þúsaldarmarkmiðum, sem sett voru árið 2000. Meðal annars átti að útrýma verstu fátæktinni, tryggja öllum grunnskólamenntun, tryggja jafnrétti kynja og draga úr ungbarnadauða.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri SÞ, hvetur þjóðhöfðingjana til dáða og segir mögulegt að ná markmiðunum strax árið 2015. **- gb**

Atvinnuleysi í ágúst:

# Þrettán þúsund atvinnulausir

**VINNUMARKAÐUR** Alls voru 12.714 manns skráðir atvinnulausir í lok ágúst. Það er fækkun um 918 frá síðasta mánuði og um 1.657 frá sama tíma í fyrra.

Atvinnulausum fjölgaði mjög hratt í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Á heildina litið hefur þeim ekki fækkað mjög mikið síðan þá, samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun. Ástandið hefur skánað yfir sumarmánuðina en nánast farið í sama farið yfir veturinn. Af þeim sem voru atvinnulausir í lok ágúst tóku rúmlega 1.900 þátt í sérstökum úrræðum hjá Vinnumálastofnun, eða rúmlega 15 prósent. **- shá**

Lögreglumenn ekki sáttir:

# Vilja ekki stöðugleikasáttmála

**EFNAHAGSMÁL Landssamband lögreglumanna hefur ákveðið að taka ekki þátt í mögulegri framlengingu á stöðugleikasáttmála þegar kjarasamningar lögreglumanna renna út í lok nóvember.**

**Í yfirlýsingu á vef sambandsins segir að miklar vonir hafi verið bundnar við sameiginlega framkvæmdaáætlun stöðugleikasáttmálans sem gerður hafi verið sumarið 2009. Þar er átalið að nánast ekkert af því sem kveðið hafi verið á um í þeirri áætlun hafi gengið eftir.** **- bj**

## LEIÐRÉTTING

Ekki var rétt sem fram kom í frétt af ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar í máli Gagnaveitunnar að lán fyrirtækisins skyldi vera vaxtalaust á lánstímanum. Hið rétta er að samkvæmt lánasamningi átti að fresta vaxtagreiðslum þar til að lánstímanum loknum.

# Amerískur risi kaupir íslenska dvergkafbáta

**Starfsemi vegna GAVIA-dvergkafbáts Hafmyndar verður áfram hér þótt fyrirtækið hafi verið selt tæknirisanum Teledyne Technologies. Hafmynd var í eigu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Össurar Kristinssonar og smærri hluthafa.**

**IÐNAÐUR** Bandaríska hátæknifyrirtækið Teledyne Benthos keypti í gær íslenska nýsköpunarfyrirtækið Hafmynd, sem þróar og framleiðir dvergkafbáta. Seljendur eru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Mallard Holding (félag Össurar Kristinssonar) og smærri hluthafar. Fyrirtækjaráðgjöf Saga Capital hafði milligöngu um söluna.

Ekki fæst uppgefið hvað Teledyne greiddi fyrir Hafmynd, en samkvæmt lauslegri áætlun gæti verðið verið á milli 800 og 1.000 milljónir króna.

Thomas W. Altshuler, framkvæmdastjóri Teledyne Benthos og Teledyne Webb Research, sem gekk frá kaupunum í gær, segir stefnt að því að hönnun og þróun GAVIA-dvergkafbáts Hafmyndar verði áfram hér á landi. Þá sé í skoðun að stofna hér sérstaka þjónustudeild með prófunaraðstöðu fyrir aðra tengda framleiðslu fyrirtækisins. Félögin sem Altshuler hefur fyrir heyra undir sjávartæknisvið Teledyne Technologies Incorporated samstæðunnar. Hún er risavaxin að umfangi, með hagnað upp á 28,6 milljónir dala (3,3 milljarða króna) á öðrum fjórðungi þessa árs. Félagið þjónar meðal annars olíu- og gasleitarfyrirtækjum, rannsóknastofnunum og sjóherjum.

Altshuler segir að núna verði lagst í að meta fremur samlegðaráhrif vegna kaupanna og koma verði í ljós hvort, eða hvernig starfsemin hér á landi verði efld. Teledyne Benthos hafi þróað ómannaða kafbáta sem hafa aðra eiginleika en




**THOMAS W. ALTSHULER OG JÚLÍUS BENEDIKTSSON** Teledyne Benthos hefur fest kaup á íslenska sprotafyrirtækinu Hafmynd. Thomas W. Altshuler, framkvæmdastjóri Teledyne Benthos, skrifaði í gær undir samning um kaupin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GAVIA-bátarnir, sem henti fremur til langsiglinga og gagnasöfnunar í hafinu. Samlegðaráhrifin séu því mikil. Til þessa hafa fimmtán GAVIA-kafbátar verið seldir, en Benthos hafi selt milli fjörutíu og fimmtíu af sínum bátum á ári hverju. „Við teljum að sala Hafmyndar til þessa sé bara toppur ísjakans," segir hann og segir stefnt að því að árleg sala GAVIA-báta fari í tíu til fimmtán á ári.

Hjá Hafmynd starfa átján manns og segir Júlíus Benediktsson framkvæmdastjóri að engar breytingar séu fyrirhugaðar á mannahaldi í tengslum við eigendaskiptin. Hann fagnar aðkomu Teledyne og segir hana viðurkenningu á um fjórtán ára þróunarstarfi. Markaður fyrir kafbáta Hafmyndar sé afar sérhæfður og lykillinn að frekari árangri aðkoma jafnöflugs samstarfsaðila og Teledyne.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins átti 31,6 prósenta hlut í Hafmynd. „Við seljum okkur út með hagnaði og fáum góða ávöxtun sem við getum sett í önnur félög," segir Helga Valfells, framkvæmdastjóri sjóðsins. Hún fagnar því að Teledyne skuli ekki láta efnhagsaðstæður hér á landi fæla sig frá, heldur sjái tækifæri sem orðið hafi til í krafti íslensks hugvits.

**olikr@frettabladid.is**

Kreppan vestra sú lengsta:

# Obama segir að hún bíti enn þá

**BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti segir litlu skipta þótt hópur hagfræðinga segi kreppunni formlega lokið í Bandaríkjunum.**



BARACK OBAMA

**Kreppan sé enn raunveruleg fyrir þær milljónir manna, sem enn eru atvinnulausir eða í öðrum kröggum og eiga erfitt með að borga reikningana.**

**„Holan var svo djúp að margir eiga enn um sárt að binda," sagði hann.**

**Hagfræðingar bandarísku þjóðhagsstofnunarinnar í Cambridge sögðu í gær að kreppunni, sem hófst í desember 2007, hafi lokið í júní 2009, og þar með staðið yfir í 18 mánuði, lengur en nokkur önnur efnahagskreppa sem sögur fara af.** **- gb**

Breytingar á Snæfellsnesi:

# Loka útibúi á Hellissandi

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hefur lokað afgreiðslu bankans á Hellissandi og sameinað útibúi bankans í Ólafsvík.

„Allir starfsmenn bankans á Hellissandi hefja störf í Ólafsvík á mánudag," segir í tilkynningu Landsbankans. Þar er haft eftir Steinþóri Pálssyni, bankastjóra Landsbankans, að markmiðið með breytingunni væri að styrkja þjónustu í Snæfellsbæ með stækkun útibúsins í Ólafsvík um leið og hagrætt væri í rekstri.

Steinþór segir að á síðustu sjö árum hafi Landsbankinn lokað átján útibúum og afgreiðslum um allt land, langflestum á höfuðborgarsvæðinu. **- óká**






## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**HÆGT EN SVALT** í dag og næstu daga eru horfur á fallegu haustveðri. Vindur verður fremur hægur og það verður heldur svalt í veðri. Búast má við einhverri úrkomu, einkum súld og slyddu á morgnana og kvöldin. Inn til landsins verður að mestu þurrt og nokkuð bjart.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 20° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 24° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 15° |
| París | 22° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Tenerife og Kanarí

## Vinsælar brottfarir að seljast upp!



### Flugsæti

**Verð frá 77.500 kr***

og 15.000 Vildarpunktar

4. jan. Tenerife
27. nóv. Kanarí

Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.

*Verð án Vildarpunkta 87.500 kr.

### Flugáætlun

**Tenerife**

7. okt. uppselt,16. og 28. okt. örfá sæti laus
13. og 27. nóv.
11. des.
21. des. uppselt
4. og 18. jan.
1. feb. – 5. apr. vikulegt flug
16. apr.

**Kanarí**

30. okt. uppselt
27. nóv.
11. des., 21. des. nokkur sæti laus
5. og 18. jan.
1. feb. – 5. apr. vikulegt flug
15. feb. uppselt
1. mars nokkur sæti laus
17. apr.



### Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvu-leikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

## Tenerife



## Kanarí



Nýtt hjá VITA

### Parque Santiago

Gott og eftirsótt íbúðahótel á allra besta stað við Playa de las Americas ströndina á Tenerife. Þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fjölskyldufólk og ungt fólk á öllum aldri unir sér í frábærum sundlaugargörðum við ströndina.

**13. nóv.-27. nóv.**

**Verð frá 123.970 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna og tvö börn (2-12) í íbúð.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 148.810 og 15.000 Vildarpunktar.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 133.970 kr.

Aðeins hjá VITA

### Las Camelias

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

**29. mars-5. apr.**

**Verð frá 104.510 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 3 fullorðna í íbúð.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 111.650 og 15.000 Vildarpunktar.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 114.510 kr.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 51521 09/10

**KJÖRKASSINN**



*Á að rannsaka þátt Íbúðalánasjóðs í þenslunni í aðdraganda falls bankanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 83,5% |
| Nei | 16,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu sammála ummælum Jóhönnu Sigurðardóttur um niðurstöður þingmannanefndarinnar?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

### Sýslumaðurinn á Selfossi:

## Banaslys í Silfru enn í rannsókn

**LÖGREGLUMÁL Rannsókn stendur enn yfir á slysi sem varð þegar franskur ferðamaður drukknaði í Silfru á Þingvöllum í júní síðastliðnum.**

**Rannsókn á slysinu hefur verið í höndum Sýslumannsins á Selfossi. Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður segir að henni muni væntanlega ljúka fyrir lok mánaðarins. Hann segir að skýrslutökur hafi staðið yfir og farið hafi verið vandlega yfir málið.**

**- jhh**



**MÓTMÆLIR** Jón Gnarr stóð við Alþingi í gær og mótmælti mismunun rómabarna innan menntakerfis Slóvakíu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Borgarstjórinn mótmælti:

## Mótmæltu meðferð rómarbarna

**MÓTMÆLI** Um tuttugu manns mótmæltu aðstæðum rómabarna í slóvakískum skólum við Alþingishúsið í gær þegar Ivan Gašparovi, forseti Slóvakíu, og föruneyti komu þangað í heimsókn. Meðal mótmælenda var Jón Gnarr borgarstjóri.

Ivan Gašparovi forseti og Mikuláš Dzurinda, utanríkisráðherra Slóvakíu, eru nú í opinberri heimsókn hér á landi og komu í Alþingi í gær til að funda með þingmönnum. Utanríkisráðherra landsins segir málið byggt á misskilningi og stjórnvöld í Slóvakíu ekki mismuna börnum. **- sv**

### Prestur sem starfaði meðal annars að kristniboði játar á sig kynferðisbrot gegn þremur einstaklingum:

# Áframhaldandi rannsókn á kristniboða ólíkleg

**ÞJÓÐKIRKJAN** Samtökum íslenskra kristniboða (SÍK) bárust ásakanir frá þremur einstaklingum um kynferðislega áreitni á hendur presti sem starfað hefur hjá þeim. Ásakanirnar bárust hinn 23. ágúst síðastliðinn og var fagráði Þjóðkirkjunnar um kynferðismál tilkynnt um atvikin strax daginn eftir. Biskupsstofa staðfestir það.

Presturinn játaði brot sín, sem áttu sér stað fyrir 25 árum, í síðustu viku og flúði í kjölfarið til Noregs. Hann starfaði lengi í kristniboði í Eþíópíu og hefur erlendum samstarfsaðilum SÍK verið tilkynnt um málið.

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri SÍK, telur óvíst að áframhaldandi rannsókn muni fara fram á erlendri grund en segir samstarfshreyfingu SÍK í Noregi vinna að endurbótum varðandi almennar verklagsreglur og að fylgst sé náið með því hér á landi. Aðspurður hvort standi til að draga manninn til refsingar innan samtakanna, þrátt fyrir að málin séu fyrnd að lögum, segir Ragnar að allt sem hægt sé að gera í málinu hafi verið gert.

„Hann er dreginn út úr öllu starfi hjá okkur og samstarfsaðilum okkar. Og hann mun ekki starfa frekar hjá okkur. Hvað getum við gert meira?“ Ragnar segist ekki vita til þess að önnur mál sem þessi hafi komið upp innan samtakanna.

Biskupsstofa staðfestir ásakanirnar og játningar prestsins. Hann muni sökum þessa ekki gegna störfum sem prestur né koma á nokkurn hátt fram á vegum þjóðkirkjunnar. **- sv**




**BISKUPSSTOFA** Alls hafa komið upp sex mál síðan nefnd um málefni kynferðisbrota innan kirkjunnar var stofnuð fyrir ellefu árum.

# Dósent segir lög um gengislánin brjóta stjórnarskrá

**Ríkið getur orðið skaðabótaskylt setji það lög um gengistryggð lán þar sem lögleg lán í erlendri mynt verða færð í krónur, segir dósent í lögum. Hann vill að stjórnvöld reyni að ná samkomulagi við lánafyrirtæki.**

**DÓMSMÁL** Stjórnvöld gætu bakað sér skaðabótaábyrgð verði boðað frumvarp, sem ætlað er að jafna stöðu þeirra sem tekið hafa gengistryggð lán, að lögum, segir dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Hann varar við slíkri lagasetningu og hvetur til þess að stjórnvöld reyni að ná samkomulagi við lánafyrirtækin um lausn málsins.



**BENEDIKT BOGASON**

„Það er fyrir hendi virkur réttarágreiningur um hvort ýmis af þeim lánum sem veitt voru í aðdraganda hrunsins voru í íslenskum krónum eða erlendum gjaldeyri, og það er hlutverk dómstóla, ekki stjórnvalda, að leysa úr þeim ágreiningi,“ sagði Benedikt Bogason, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, á opnum fundi um dóm Hæstaréttar í málaferlum vegna gengistryggðra lána.

Hæstiréttur hefur komist að því að óheimilt hafi verið að gengistryggja lán í íslenskum krónum. Benedikt benti á að ekki væri þar með sagt að ólögmætt væri að veita lán sem sannarlega séu alfarið í erlendri mynt.

Eignarréttur er friðhelgur samkvæmt stjórnarskrá, og setji stjórnvöld lög þar sem eignir eru rýrðar getur það bakað ríkinu skaðabótaábyrgð, sagði Benedikt. Stjórnvöld hafa tilkynnt um að ætlunin sé að setja lög þar sem staða einstaklinga með gengistryggð lán sé jöfnuð, burtséð frá ákvæðum hvers lánasamnings.



**LÁN** Fullt var út úr dyrum í Hátíðarsal Háskóla Íslands í gær þar sem fjallað var um nýlega dóma Hæstaréttar um gengistryggð lán og áhrif þeirra.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þar sem ágreiningur er um samninga njóta báðir aðilar þess réttar að skjóta ágreiningnum til dómstóla, sagði Benedikt.

„Ef niðurstaðan er sú að einhver af þessum fjölmörgu lánasamningum [...] er með réttu talin umsamin lán í erlendum myntum, þá vaknar sú spurning hvort það að gera slík lán ólögmæt brjóti í bága við stjórnarskrána,“ sagði Benedikt.

Með því að færa lögmætt erlent lán í íslenskar krónur frá þeim tíma sem það var tekið er verið að lækka höfuðstólinn verulega. Það getur varla talist annað en veruleg eignaskerðing, segir Benedikt. Slíkt geti bakað stjórnvöldum skaðabótaskyldu.

> Þannig yrði niðurfærslan ekki í boði erlendra kröfuhafa heldur í boði ríkisins.
>
> **BENEDIKT BOGASON**
> DÓSENT VIÐ LAGADEILD HÍ

„Þannig yrði niðurfærslan ekki í boði erlendra kröfuhafa heldur í boði ríkisins. Ríkissjóður þyrfti þá að axla byrðarnar af þessu og bæta það tjón sem af þessu hlytist,“ sagði Benedikt.

Hann sagði leiðina út úr þessum vanda vera þá að stjórnvöld næðu bindandi samkomulagi við lánafyrirtæki um hvernig eigi að fara með þessi lán. Mikilvægt sé að gera það frekar en að setja lög, til að koma í veg fyrir málaferli og skaðabótakröfu síðar.

**brjann@frettabladid.is**


**Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa**

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*




10,72%
ÁRLEG NAFNÁVÖXTUN*

**100% RÍKISTRYGGING**

***Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is***

ÍSLENSK VERÐBRÉF
Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg nafnávöxtun frá 15.01.2001 til 31.08.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

# Til hamingju Valur með frábæran árangur

BYKO er stoltur stuðningsaðili Valsmanna!




***Íslandsmeistarar, Bikarmeistarar, Meistarar meistaranna, Lengjubikarmeistarar og Reykjavíkurmeistarar kvenna í knattspyrnu árið 2010***



## 100 titlar

Hundrað Íslands- eða bikarmeistaratitlar Vals
í meistaraflokki karla og kvenna frá stofnun félagsins

BYKO

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða bílaframleiðandi er metinn sá „sjálfbærasti í heimi“?*
2. *Hvaða leikari mun leika Freddie Mercury, söngvara hljómsveitarinnar Queen, í nýrri mynd?*
3. *Hvaða eiga mörg lið möguleika á að sigra í Pepsí-deild karla í knattspyrnu?*

**SVÖR**

*1. BMW. 2. Sascha Baron Cohen. 3. Þrjú.*

Þingmaður og arkitektar rökræða enn framkomu hjá umhverfisnefnd Alþingis:

# Arkitekt vill afsökunarbeiðni frá Merði

**STJÓRNMÁL** Mörður Árnason alþingismaður dregur ekki í land með ummæli sín um ábyrgð arkitekta á stöðu byggingarlistar á Íslandi.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á miðvikudag sakar Sigríður Magnúsdóttir, formaður Arkitektafélags Íslands, Mörð um dónalega framgöngu þegar fulltrúar félagins mættu hjá umhverfisnefnd Alþingis.

„Vonandi er dónayfirlýsingin merki um það að faglegur metnaður sé að glæðast meðal arkitekta, að í stéttinni verði til einskonar „innra eftirlit“ sem sér um að skussum og gróðapungum er settur stóll fyrir dyrnar, setur höft á blinda þjónustu við verktakana,“ skrifaði Mörður á bloggsíðu sína eftir að Fréttablaðið sagði frá málinu.

Skrif Marðar á bloggsíðuna vöktu talsverðar umræður. Margir tóku undir með Merði sem sagði arkitekta kannski alsaklausa „af klessuhúsum og hrokabyggingum, burtruðningi fornra húsaverðmæta, fáránlegu Ameríkuskipulagi höfuðborgarsvæðisins, smekkleysi, stílrugli, lýtum í daglegu umhverfi okkar“.



**MÖRÐUR ÁRNASON** Kannski eru arkitektar alsaklausir af klessuhúsum, segir þingmaður.

**HILMAR ÞÓR BJÖRNSSON** Mörður misbauð gestum umhverfisnefndar, segir arkitekt.

Hilmar Þór Björnsson arkitekt sagði Mörð fara fyrir strikið. „Þú átt ekki að verja þennan dónaskap heldur að brjóta odd af oflæti þínu og biðja gesti þína, sem þú misbýður, afsökunar á framferðinu,“ skrifar Hilmar og undirstrikar að arkitektarnir hafi verið gestir umhverfisnefndar. „Þeir voru boðaðir af nefndinni og til að veita henni þjónustu, ríkinu að kostnaðarlausu.“ - gar


Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga

Verður haldinn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu miðvikudaginn 29. september og hefst kl 16:30.
Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Lagðar verða fram til afgreiðslu breytingar á lögum félagsins.


# Norrænir velferðarflokkar missa fylgið

**Slæm útreið sænska Sósíaldemókrataflokksins þykir marka þáttaskil í sænskri stjórnmálasögu. Fylgi vinstriflokka á Norðurlöndunum hefur minnkað.**

**FRÉTTASKÝRING**

Eru sósíaldemókratar að missa forystuna á Norðurlöndunum?

Sænskir sósíaldemókratar hlutu slæma útreið í þingkosningunum á sunnudag. Þeir fengu 30,9 prósenta fylgi og hafa ekki fengið verri niðurstöður úr kosningum síðan 1914.

Meira en sjötíu ár eru síðan þeir hafa tapað kosningum eftir að hafa verið í stjórnarandstöðu heilt kjörtímabil, þannig að stjórnmálaskýrendur eru farnir að velta því fyrir sér hvort hér séu einhver tímamót að eiga sér stað.

Sósíaldemókrataflokkarnir, höfundar norræna velferðarkerfisins, mega muna sinn fífil fegurri víðar á Norðurlöndunum, þar sem þeir hafa verið ráðandi afl í stjórnmálum meira og minna allan seinni hluta síðustu aldar – að Íslandi undanskildu.

Þannig hafa sósíaldemókratar í Danmörku nú verið í stjórnarandstöðu í næstum áratug, sem reyndar er ekki nándar nærri jafn óvenjulegt ástand þar í landi eins og í Svíþjóð.

Almennt séð er fylgi vinstriflokka á Norðurlöndunum í lágmarki þessi misserin, að því er fram kemur í fréttaskýringu eftir Helenu Spongenberg á vefsíðunni EUobserver.com.

Skýringin er, að sögn hennar, ekki síst hve mjög hefur fækkað í verkalýðsstétt þessara landa undanfarin 30 ár eftir að þungaiðnaður tók að flytjast frá Norðurlöndunum. Norðurlandabúar hafi frekar leitað í önnur störf þar sem vægi einstaklingsins er meira en starfsstéttarinnar. Mikilvægi verkalýðshreyfingar hafi að sama skapi minnkað.

Hún segir hefðbundið fylgi flokkanna farið að eldast, svo æ erfiðara verði að afla fylgis meðal yngra fólks. „Hið gamla ástarævintýri kjósenda með flokkum sósíaldemókrata hefur einfaldlega gufað upp,“ segir Spongenberg.

Í staðinn hafa komið fram lýðskrumsframboð, sem hafa náð fylgi með því að ala á ótta og andúð við innflytjendur og útlendinga.

gudsteinn@frettabladid.is



**MONA SAHLIN** Leiðtogi sænska Sósíaldemókrataflokksins ræðir við blaðamenn.
NORDICPHOTOS/AFP

## Langt í nýja stjórn í Svíþjóð

Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra og leiðtogi Hófsama flokksins í Svíþjóð, segir langt í nýja stjórn í Svíþjóð. Hann þurfi tíma til þess að ræða við aðra flokka eftir að stjórn borgaralegu flokkanna missti meirihluta í þingkosningum um helgina.
Sænski Umhverfisflokkurinn tók fálega í bón Reinfeldts um samstarf til að tryggja stjórn hans meirihluta. Þess í stað hvatti Umhverfisflokkurinn Reinfeldt til að ræða við alla flokka um stjórnarsamstarf, sem nú virðist orðið ofan á.
Svíþjóðardemókratarnir, nýr flokkur þjóðernissinna, komst í lykilstöðu eftir kosningarnar. Reinfeldt hefur útilokað samstarf við þá. - gb



**MÓTMÆLI GEGN ÚTLENDINGAHATRI** Svíar fjölmenntu í gær til að mótmæla Svíþjóðardemókrötunum.
NORDICPHOTOS/AFP





Apótekið lægra verð
www.apotekid.is
• Hólagarði
• Spöng
• Hagkaup Skeifunni
• Hagkaup Akureyri

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...



Dagbjört Margrét Pálsdóttir
viðskiptastjóri Borgartúni

Svarar bankinn þinn þér á **fimm sekúndum?**

Tími viðskiptavina okkar er dýrmætur. Samkvæmt mælingum í ágúst svaraði þjónustuver MP banka 58% símtala á innan við 5 sekúndum.

**Hafðu samband í síma 540 3200 og skiptu yfir í betri bankaþjónustu.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is – eins og banki á að vera

Halal-sláturaðferð á sauðfé:

# Slátrun að hætti múslima

**LANDBÚNAÐUR Múslimar eiga kost á því í haust að slátra sauðfé með svonefndri halal-aðferð í nokkrum sláturhúsum á landinu. Aðferðin er ekki mjög frábrugðin hefðbundinni slátrun, en dýrið er fyrst gert meðvitundarlaust með raflosti og síðan skorið á háls. Við hefðbundna slátrun eru þau stungin í hjartað.**

**Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir, segir ekkert nýtt vera á nálinni með halal-aðferðinni. Stefna Matvælastofnunar sé og verði sú að gera dýrin meðvitundarlaus áður en þeim er slátrað.** - sv

Nýjar tilgátur um uppruna Lewis-taflmannanna á ráðstefnu í Edinborg:

# Gætu verið handverk fimm manna

**FORNMINJAR** Taflmennirnir sem fundust á Lewis-eyju úti fyrir Skotlandi árið 1831 gætu verið handverk fimm mismunandi manna.

Eins og komið hefur fram er talið að taflmennirnir, sem eru 93 talsins, hafi verið skornir úr rostungstönnum á tólftu öld. Helsta kenningin um uppruna þeirra er sú að þeir hafi verið gerðir í Noregi. Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur hefur hins vegar nýlega sett fram þá tilgátu að þeir séu skornir út hér á Íslandi. Hann rökstuddi þessa tillögu á ráðstefnu í Edinborg í Skotlandi um síðustu helgi og er sagður hafa fengið góðar undirtektir frá fræðimanna sem þar voru.

Dr. Alex Woolf, stjórnandi stofnunar miðaldafræða í Háskólanum í St. Andrews, hefur verið vantrúaður á tilgátu Guðmundar. Aðspurður hvort afstaða hans hafi nú breyst bendir dr. Woolf á að ekki hafi verið um að ræða eiginlega málstefnu um uppruna Lewis-taflmannanna. Hins vegar hafi þar komið fram grein eftir konu að nafni Caroline Wilkinson. Í greininni séu sannfærandi rök fyrir því að taflmönnunum megi skipta í fimm hópa. Þótt þessir hópar hafi í breiðum skilningi líkan stíl þá séu þeir sennilega gerðir af mismunandi handverksmönnum eða -konum.

„Þannig að ég býst við að þetta auki möguleikann á því að um fleiri en einn upprunastað sé að ræða," segir Woolf og bætir við að hann telji einhvern í Lewis hafa safnað gripunum á löngum tíma. Það skýri hvers vegna þeir fundust einmitt þar. - gar



**LEWIS TAFLMAÐUR** Dr. Alex Woolf segir fram komin sannfærandi rök fyrir því að Lewis-taflmennirnir séu verk margra manna.

Forseti afhendir trúnaðarbréf:

# Nýr sendiherra Bandaríkjanna

**UTANRÍKISMÁL** Luis E. Arreaga, nýr sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, afhenti forseta Íslands trúnaðarbréf sitt í dag. Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, tilnefndi Arreaga í embættið hinn 22. apríl síðastliðinn og öldungadeild Bandaríkjaþings staðfesti svo tilnefninguna 5. ágúst síðastliðinn. Hann var svo svarinn í embætti 10. september síðastliðinn.



**LUIS E. ARREAGA**

Luis Arreaga kemur úr röðum bandarísku utanríkisþjónustunnar, áður en hann var tilnefndur fór hann fyrir mestu fjölgun sem orðið hefur í starfsliði bandarísku utanríkisþjónustunnar, segir í tilkynningu.

Arreaga var áður varasendiherra Bandaríkjanna í Panama, aðalræðismaður Bandaríkjanna í Vancouver í Kanada og yfirmaður hjá framkvæmdadeild utanríkisráðuneytisins í Washington.

Luis Arreaga er fæddur og uppalinn í Gvatemala en fluttist síðar til Bandaríkjanna. Hann er með mastersgráðu í stjórnun og doktorsgráðu í hagfræði frá University of Wisconsin í Milwaukee.

Arreaga er kvæntur Mary F. Kelsey og eiga þau þrjú börn, að því er segir í tilkynningu.

Ráðuneyti ógildir styrksynjun:

# Lög brotin á handritshöfundi

**STJÓRNSÝSLA Mennta- og menningarmálaráðuneytið segir að ekki hafi verið farið að lögum þegar forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands ákvað að synja um styrk til gerðar kvikmyndahandrits eftir skáldsögu. Hvorki nafn skáldsögunnar né handritshöfundarins er nefnt í úrskurði ráðuneytisins.**

**Áður en höfundurinn sótti um styrk veitti hann sjálfur, sem ráðgjafi hjá KMÍ, umsögn um styrkumsögn annars höfundar sem var að gera handrit eftir sömu sögu. Rök KMÍ voru meðal annars að ekki væri rétt að veita nýjan styrk vegna handrits eftir sömu skáldsögu. Ráðuneytið ógilti synjun KMÍ.** - gar

**SJÁVARÚTVEGUR**

## Mestur afli við Ísland

Heildarafli íslenskra veiðiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum var í ágústmánuði 45.606 tonn og var að mestu aflað úr íslenskri lögsögu, eða 42.775 tonn. Afli úr færeyskri lögsögu var 1.685 tonn og úr alþjóðlegu hafsvæði 1.146 tonn. Aflinn er nú kominn í 105.255 tonn á þessu ári en var í fyrra á sama tíma 184.956 tonn.


**landsbankinn.is/fjarhagur**
Blogg og hljóðpistlar um fjármál.

# Námskeið um réttindi lífeyrisþega

Landsbankinn kynnir röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið þeirra er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin.

Á næstu fjármálakvöldum verður farið yfir helstu breytingar sem gerðar voru á réttindum og greiðslum lífeyrisþega frá Tryggingastofnun ríkisins á árinu 2009. Starfsfólk Tryggingastofnunar kynnir breytingarnar og svarar fyrirspurnum ásamt sérfræðingum bankans.

**Næstu námskeið**

**23. september kl. 20**
Útibúið Grafarholti, Vínlandsleið

**30. september kl. 20**
Útibúið Keflavík, Hafnargötu 57

**7. október kl. 20**
Félagsmiðstöðin Hlymsdalir
Miðvangi 6, Egilsstöðum

**14. október kl. 20**
Útibúið Laugavegi 77

**21. október kl. 20**
Útibúið Akranesi, Þjóðbraut 1

**Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

**Allir velkomnir.**



FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM43492

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós kynnir:

Viðburðir í vikunni ...

## Svanasöngur karlanna [英雄本色] (1986)

**Askja st.132 fimmtudaginn 14. september kl. 17:30**



Ein besta Hong Kong mynd allra tíma eftir spennu- og drama meistarann John Woo (吳宇森) og með Chow Yun Fat (周潤發) í aðalhlutverki, en segja má að sameiningu hafi þeir skapað þá grein Hong Kong spennumynda sem kennd er við „heroic bloodshed“. Athugið að myndin inniheldur ofbeldisatriði og er vart við hæfi barna.

## Vísindavaka 2010

**Listasafni Reykjavíkur, föstudaginn 24. september 17:00 - 22:00**



Kínverjarnir koma! Kínverjarnir koma!

Á öllum sviðum mannlífs í heiminum eru kínversk áhrif að ryðja sér mjög til rúms. Kínverska hagkerfið er nú annað stærsta hagkerfi heims og mun ná hinu bandaríska innan fárra áratuga. Kínverjarnir koma! Vertu viss um að skilja þá. Kynntu þér kínverskunám við HÍ og starfsemi Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

北极光孔子学院 KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE



FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


# Ákærurnar styðjast hvorki við lög né rök

**Varaformaður Sjálfstæðisflokksins hafnar öllum málatilbúnaði þeirra sem vilja að landsdómur fjalli um mál fyrrum ráðherra. Þingmaður Samfylkingarinnar segir Geir Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu hafa farið inn á valdsvið Björgvins G.**

**ALÞINGI** Lög hníga ekki til þess að Alþingi gefi út ákærur á hendur fjórum fyrrverandi ráðherrum og engin rök eru til þess að téð tiltekin brot séu refsiverð eða uppfylli það grundvallarskilyrði að meiri líkur en minni séu á sakfellingu.

Þetta sagði Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, í umræðum um landsdómsmálið á Alþingi í gær.

Hún fór yfir ákæruefnin lið fyrir lið og sagði þau ekki standast skoðun. Spurði hún meðal annars hverjum í heiminum hafi verið ljóst að í september 2008 yrði fall Lehman Brothers-bankans með þeim hætti að það hefði keðjuverkandi áhrif nánast um alla veröld. „Ekki virðist fjármálaráðherra Bandaríkjanna hafa verið það ljóst ef marka má viðtöl við hann og þau sjónarmið sem hann hefur látið frá sér fara vegna þessara atburða. Hefur honum verið gerð sök vegna þessa? Nei. Sannleikurinn er auðvitað sá að það var engum manni ljóst í byrjun árs 2008 að allt íslenska bankakerfið, allir stóru bankarnir með tölu, myndu hrynja þá um haustið,“ sagði Ólöf.

Benti hún líka á þá niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis að í síðasta lagi árið 2006 hefði verið unnt að grípa til aðgerða og nauðsynlegra ráðstafana til að draga úr umfangi og áhættu í bankakerfinu.



**FYLGST MEÐ** Skýrsla Atlanefndarinnar og þingsályktunartillögur byggðar á henni hafa verið til umræðu á Alþingi síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þá furðaði Ólöf sig á ákæruatriðinu er varðar Icesave. Ekki síst því að ráðherrar séu sakaðir um að hafa ekki búið svo um hnúta að koma Icesave í dótturfélög og þar með ábyrgðinni á herðar skattgreiðenda í Bretlandi og Hollandi. Kvað hún þetta atriði geta orðið vatn á myllu viðsemjendanna og ríkissjóði til verulegs tjóns.

Oddný Harðardóttir, Samfylkingunni, situr í Atlanefndinni og leggur til að Geir Haarde, Árni Mathiesen og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fari fyrir landsdóm. Í ræðu sinni færði hún einkum rök fyrir því hvers vegna hún telji að ekki beri að sækja Björgvin G. Sigurðsson til saka. Sagði hún Geir og Ingibjörgu hafa farið inn á valdsvið Björgvins, hann hafi ekki verið upplýstur um mikilvæg mál eða setið mikilvæga fundi og hann hafi ekki undirritað yfirlýsingu um gjaldeyrisskipti við norrænu seðlabankana.

bjorn@frettabladid.is

## Hafa þegar hlotið verulegar ákúrur

Ráðherrarnir fjórir sem lagt er til að fari fyrir landsdóm hafa þegar hlotið verulegar ákúrur fyrir störf sín. Þrír hættu afskiptum af stjórnmálum í kjölfar þeirra atburða sem um ræðir auk þess sem niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis um vanrækslu þriggja verður aldrei aftur tekin.

Þetta sagði Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Hún benti á að lög um ráðherraábyrgð hefðu verið hugsuð á þeim tíma er konungur valdi sér ráðherra. „Við þær aðstæður var ekki hægt að losna við einstaka ráðherra úr embætti í krafti þingræðisins eins og nú þekkist með vantrauststillögu. Þess í stað var notað sérstakt kerfi, lög um ráðherraábyrgð og landsdóm, til að svara þeim vanda. Enda er það skýrt merki um þessa hugsun að í 11. grein laganna er fyrst kveðið á um embættismissi, þá sektir og loks fangelsisvist.“




Sænsk rannsókn sýnir að bílar með negladekk geta fækkað banaslysum:

# Banaslysum fækkar um 42%

**SAMGÖNGUR** Negld vetrardekk geta minnkað líkur á banaslysum í hálku um 42 prósent samkvæmt rannsókn sem unnin var af sænsku umferðaröryggisstofnuninni Trafikverket.

Þetta gengur þvert á niðurstöður annarra rannsókna sömu stofnunar sem bentu til þess að ónegld dekk væru nokkurn veginn jafn örugg og þau negldu, að því er fram kemur í frétt á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda.

Nýja rannsóknin sýnir þó að engu skiptir hvort bílar sem búnir eru svokölluðum ESC-skrikvarnarbúnaði eru á nagladekkjum eða ónegldum dekkjum. Sænska umferðaröryggisstofnunin gengur svo langt að ráðleggja þeim sem ekki eru á bílum sem búnir eru ESC-skrikvörn að vera ekki á ónegldum dekkjum í vetrarfærð. Þá hvetur forstjóri stofnunarinnar sveitarfélög sem ætli sér að að banna nagladekk til að endurskoða þau áform.



**DEKK** Nagladekk hafa verið gagnrýnd vegna svifryksmengunar sem þau valda þegar ekið er á auðum götum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ESC-skrikvörn er í ýmsum nýlegum bílategundum, en er ekki staðalbúnaður nema í bílum sem gætu flokkast sem lúxusbifreiðar. Búnaðinum er ætlað að koma í veg fyrir að bílar skriki, sem leiðir oft til slysa þegar ökumenn missa stjórn á bílunum. Evrópuþingið samþykkti í ár að frá nóvember 2011 skuli allir nýir bílar vera með slíkan búnað. **- bj**

Fulltrúi ríkisins í stjórn Arion banka hefur bætt úr trassaskap sínum:

# Skilar óendurskoðuðum reikningum

**VIÐSKIPTI** Eignarhaldsfélagið Akurey, sem er í eigu Kristjáns Jóhannssonar, stjórnarmanns í Arion banka, og konu hans, skilaði ársreikningum fyrir árin 2007 og 2008 í byrjun júlí síðastliðinn. Ársreikningarnir hafa ekki verið endurskoðaðir.

Fréttablaðið sagði frá því í sumar að Akurey, sem stofnuð var árið 2007 og á stóran hlut í lyfjafyrirtækinu Icepharma í gegnum dótturfélag sitt, hefði aldrei skilað ársreikningi. Þrátt fyrir það væri eigandi þess, stjórnarformaður og prókúruhafi, Kristján Jóhannsson, lektor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og sæti sem fulltrúi Bankasýslu ríkisins í stjórn Arion banka.

Inntur eftir svörum við því hvers vegna reikningunum hefði ekki verið skilað sagði Kristján að handvömm hlyti að hafa valdið því. Hann kæmi af fjöllum og myndi ganga í það hið fyrsta að koma reikningunum til skila.

Reikningunum var síðan skilað 7. júlí, sama dag og frétt birtist í Fréttablaðinu um að þeir hefðu enn ekki borist ársreikningaskrá.

Fram kemur í ársreikningunum að endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers hafi aðstoðað við gerð þeirra og yfirfarið þá, en þeir hafi hins vegar ekki verið endurskoðaðir og sannreyndir. **- sh**



**ICEPHARMA** Akurey á stóran hlut í Icepharma í gegnum dótturfélag sitt.













# skoðun

greinar@frettabladid.is

Leikreglurnar voru löngu ljósar:

## Erfið staða á Alþingi

Alþingismenn glíma nú við það verkefni að vinna úr þingsályktunartillögum þingmannanefndar sem kennd er við Atla Gíslason. Leikreglurnar sem fylgt er voru ákveðnar þegar rannsóknarnefnd Alþingis var sett á laggirnar af ríkisstjórninni sem var við völd haustið 2008. Vonir um að Alþingi gæti náð sátt um úrvinnslu skýrslu rannsóknarnefndarinnar eru farnar veg allrar veraldar.

Strax haustið 2008 var ljóst að til þess gæti komið að kalla saman landsdóm vegna hugsanlegra brota á lögum um ráðherraábyrgð. Rannsóknarnefnd Alþingis taldi þrjá ráðherra í ríkisstjórn Geirs H. Haarde hafa vanrækt starfsskyldur sínar og fjallaði ítarlega um refsiheimildir vegna brota í störfum ráðherra.

SKOÐUN
Pétur Gunnarsson
peturg@frettabladid.is



Enginn þeirra sem sat í þingmannanefndinni taldi þó viðunandi að leggja tillögur samhljóða niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar fyrir Alþingi.

Það hefur lengi legið fyrir að landsdómur er ólíkur öðrum dómstólum í landinu. Þingmenn, ráðherrar og réttarfarsnefnd, sem er skipuð færustu sérfræðingum sem leiða þróun íslensks réttarfars, hefur ekki séð ástæðu til þess að láta lögbrot ráðherra fylgja sömu reglum og önnur sakamál. Voru þó hæg heimatökin.

Atli Gíslason og Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hafa bæði bent á að mannréttindi þeirra sem ákærðir yrðu fyrir landsdómi séu tryggð. Skipulagið standist kröfur Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg. Nýlegt fordæmi í máli danska ráðherrans Ninn-Hansens staðfesti það. Þessum staðhæfingum Atla og Eyglóar hefur ekki verið hnekkt með rökum. Menn hljóta að gefa þeim mikið vægi enda hefur dómstóllinn í Strassborg verið aflvaki helstu réttarbóta í mannréttindamálum á Íslandi síðustu áratugi.

Landsdómur og lögin um ráðherraábyrgð eru einnig einstök að því leyti hve skammur tími líður frá því að lögin eru brotin og þar til brotið telst fyrnt. Landsdómsfyrirkomulagið ívilnar þar ráðherrum umfram aðra landsmenn. Þetta er ástæðan fyrir því að margir draga í efa að landsdómsleið muni skila Íslendingum í rétta átt í uppgjöri við aðdraganda hrunsins. Nauðsynlegt sé að kafa dýpra en þessi leið geri ráð fyrir.

Í því sambandi hefur Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, bent á að Alþingi geti samþykkt ályktun um að einstakar embættisfærslur ráðherra hafi verið ámælisverðar þótt hugsanleg lögbrot tengd þeim málum séu fyrnd. Þetta er athyglisverð hugmynd þótt hæpið sé að hún geti skapað sátt á Alþingi eða í þjóðfélaginu um að líta fram hjá gildandi lögum um ráðherraábyrgð og landsdóm.

Hins vegar er ekki vafi á því að Alþingi á vandasama leið fyrir höndum næstu daga að leiða þetta mál til lykta. Hugsanlegir sakborningar fyrir landsdómi eru gamlir samstarfsmenn og samverkamenn margra núverandi þingmanna og ráðherra. Væntanlega verða margir þessara þingmanna og ráðherra kallaðir til vitnis fyrir landsdómi, komi hann saman. Færu þessir þingmenn með venjulegt ákæruvald þætti sjálfsagt að þeir hlífðu sjálfum sér og samfélaginu við beinni þátttöku í þeim ákvörðunum sem Alþingi þarf nú að taka.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Innra ósamræmi

Hreyfingarliðar býsnuðust yfir því fyrir helgi að þingmenn annarra flokka vildu kynna sér trúnaðargögn úr starfi þingmannanefndar Atla Gíslasonar. Taktík til að eyðileggja málið, kallaði Þór Saari kröfuna. Í gærmorgun barst svo tilkynning frá Hreyfingunni. Þar segir að fyrir helgi hafi Birgitta Jónsdóttir farið fram á það að trúnaðargögnin yrðu sett á netið. Það væri nefnilega svo mikilvægt að fólki gæfist færi á að kynna sér efni þeirra. Þessi viðbrögð þeirra Þórs og Birgittu fara illa saman. Því hlýtur fólk að spyrja sig: Hvað vill Hreyfingin í þessu máli?



### Óvæntir haukar í horni

Pólitíkin er óútreiknanleg. Eitt sinn hefði sá maður sjálfsagt verið afgreiddur sem vitleysingur sem hefði spáð því að sá dagur myndi renna upp að þingmenn Sjálfstæðisflokksins héldu uppi vörnum fyrir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. En sú er raunin núna. Þingmenn flokksins hafa í röðum furðað sig á þeirri ákvörðun meirihluta Atlanefndarinnar – og þar með flokkssystkina Ingibjargar – að höfða beri sakamál á hendur henni fyrir landsdómi. Ingibjörg hlýtur að hugsa með hlýhug til sjálfstæðismanna en spurning er hvað henni finnst um samfylkingarfólk.



### Efi Jóhönnu

Ingibjörgu barst raunar loksins stuðningur úr eigin flokki í gær þegar formaðurinn sjálfur, Jóhanna Sigurðardóttir, lýsti efasemdum um ákærurnar – einkum þá á hendur Ingibjörgu. Jóhanna sat í ríkisstjórn Geirs Haarde með ráðherrunum fjórum sem allt snýst um. Margir hafa líka orðið til að benda á að Jóhanna sat í ráðherranefnd um ríkisfjármál ásamt Ingibjörgu, Geir og Árna Mathiesen og hefði því átt að búa yfir upplýsingum um stöðuna umfram aðra. Samkenndin er því skiljanleg. **- sh, bþs**

HALLDÓR




## Alþingi niðurlægt

Landsdómsmál
Hjörtur Hjartarson
sagnfræðingur



Alþingismanni ber að taka afstöðu til þess hvort ákæra eigi einhvern þeirra fjögurra ráðherra sem skýrsla níumannanefndar tiltekur. Afstöðu sína getur þingmaður aðeins byggt á því hvort hann telji að einstakir ráðherrar hafi gerst brotlegir við lög, þannig að meiri líkur en minni séu á að leiði til sakfellingar. Ekkert annað getur komið til álita í því sambandi, síst af öllu persónuleg kynni. Alþingi er vettvangur almannahagsmuna.

Eftir að níumannanefndin skilaði skýrslu sinni komu fram raddir um að sú málsmeðferð sem landsdómur gerir ráð fyrir, og kveðið er á um í lögum og stjórnarskrá, sé brot á mannréttindum. Eru þær raddir trúverðugar?

Sérdómstólar sem svipar til landsdóms finnast víða í vestrænum ríkjum, og er danski Rigsretten nærtækur til samanburðar. Engir þeirra sérfræðinga sem kallaðir voru fyrir níumannanefndina höfðu efasemdir um að landsdómur stæðist almenn mannréttindi. Sama er að segja um Sigurð Líndal lagaprófessor og Ásmund Helgason, fyrrverandi yfirlögfræðing Alþingis. Formaður nefndarinnar, Atli Gíslason, sagði á Alþingi: „Ég sem þingmaður og lögmaður og með langa reynslu í þessum málum hefði aldrei lagt upp með þessa þingsályktun varðandi ráðherraábyrgðina nema að ég teldi hana standast mannréttindi.“

Síðbúnar athugasemdir um að landsdómur standist ekki almenn mannréttindi eru í besta falli hæpnar. Á svo hæpnum forsendum er óréttlætanlegt að víkja til hliðar almennum lögum og stjórnarskrá. Væntanlega verður krafist frávísunar fyrir landsdómi með skírskotun til mannréttinda. Það er eina réttlætanlega leiðin að fara, verði fyrrum ráðherrar ákærðir. Að standa öðruvísi að málum væri hrein ögrun við almenning í landinu og stórslys. Það væri staðfesting á algerri undirgefni Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu. Með því væri Alþingi niðurlægt.

Skömm íslenskra stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna er mikil. Flokkarnir hafa, allir sem einn, þóst eiga Alþingi þjóðarinnar. Stjórnmálamenn hafa á síðari árum dregið nafn og virðingu þingsins ofan í svaðið þannig að þess finnast engin fordæmi frá því Alþingi var endurreist. Ætli þingmenn nú að víkja til hliðar bæði almennum lögum og stjórnarskrá, til þess að verja meint stjórnarskrárbrot fyrrum ráðherra, þá er komið nóg. Þá er tímabært að almenningur láti til sín taka og reki þetta lið af höndum sér.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Óþol og áræði

Í DAG



Sverrir Jakobsson
sagnfræðingur

Það er sérkennileg tilfinning að keyra á leyfðum hámarkshraða eftir hraðbraut í Reykjavík og horfa á hvern bílinn á fætur öðrum æða fram úr. Ekki er það gert til þess að komast hraðar á áfangastað því að undantekningarlaust rekst maður á alla þessa bíla aftur á næstu umferðarljósum. Nei, framúraksturinn er eingöngu framúrakstursins vegna og hefur enga praktíska þýðingu. Svona einkennileg hegðun kallar vissulega á skýringu en hún er ekki auðfundin. Þetta nær því varla að teljast hraðafíkn; henni er ekki svalað við það að keyra á 80 km hraða þegar leyfður hraði er 60 km. Frekar ætti að líta á þetta sem einhvers konar óþol gagnvart því að láta bílinn á undan stjórna hraða sínum; hinn frjálsi förusveinn getur ekki liðið slíkt og tekur því sífellt fram úr jafnvel þótt hann brjóti með því umferðarlögin og uppskeri ekki annað en lengri biðtíma við umferðarljósin. Hluti af þessum akstursstíl eru sífelld akreinaskipti eða svig sem er síst til þess fallið að auka öryggi í umferðinni. Tilgangslaust svig á milli akreina er áberandi í umferðinni í Reykjavík en niðurstaðan af slíku svigi er jafnan hin sama og af öðrum framúrakstri; örlítið lengri biðtími við umferðarljósin.

Óþolið er sérkenni íslenskrar umferðarmenningar. Í nágrannalöndunum er þetta ekki svona. Í Svíþjóð nema bílar alltaf staðar við gagnbraut, jafnvel þó að enginn fótgangandi sé á leið yfir hana þá stundina. Í Danmörku bíða bílstjórar þolinmóðir eftir því að beygja þangað til hvert einasta reiðhjól er farið hjá. Í Reykjavík nenna þeir ekki einu sinni að bíða eftir því að gult ljós verði að grænu heldur æða af stað þó að gangandi vegfarandi sé á miðri leið yfir götuna. Ekki er það til að spara tíma í raun; það er ekki hægt í þéttbýli þar sem umferðarljós eru á hverju strái. Hér er á ferð óþolið; óttinn við að þurfa að bíða eftir öðrum.

Óþolið skýrir eflaust margt í íslensku þjóðlífi, ekkert síður en umferðinni. Kannski var það út af óþolinu að íslenskir bankar þöndu sig út og skuldsettu sig upp fyrir haus á fáeinum árum. Þar var ekki farið á jöfnum og rólegum hraða til að forða því að of geyst væri farið. Þetta var kallað íslenska áræðið og ráðamenn sungu því lof og prís í ræðum. Tortryggni danskra blaðamanna í garð áræðisins var auðskiljanleg. Þeir búa líka í landi þar sem bílar nenna að bíða eftir reiðhjólum. Ekkert fyrirlíta íslenskir athafnamenn meira en sænska bílstjórann sem stoppar við gangbraut. „Árangur áfram, ekkert stopp“ er slagorð þeirra. Þess vegna vilja þeir nýta allar náttúruauðlindir Íslands núna strax og skilja ekkert eftir, eins og Andri Snær Magnason benti á í ágætri blaðagrein hér á dögunum. Maður kannast við þessa kókaínfíkla úr umferðinni; þetta eru mennirnir sem geta bara ekki beðið og þurfa að vinna hvert einasta kapphlaup að næsta umferðarljósi. Kapphlaupið hefur tilgang í sjálfu sér; að þurfa ekki að bíða eftir neinum.

> Kapphlaupið hefur tilgang í sjálfu sér; að þurfa ekki að bíða eftir neinum.

Íslenskir stjórnmálamenn eru ekki afmörkuð klíka í samfélaginu heldur kosnir til valda af fólki sem hugsar eins og þeir. Maður sér þessa kjósendur á hverjum degi í umferðinni. Þeir voru bakland útrásarvíkinganna; hópurinn sem trúir á íslenska áræðið. En áræðið er í rauninni óþol, vantrú á þann margsannaða sannleik að flas gerir engan flýti, að kemst þótt hægt fari, að það hefst með hægðinni. Hinir óþolinmóðu læra ekki neitt á því að lenda við hliðina á sama „sleðanum“ aftur og aftur enda vilja þeir ekkert læra – þeir vita það eitt að þeir geta bara alls ekki beðið.

Er það Íslendingseðlið sem birtist í óþolinu? Eða er þetta fyrst og fremst tiltekinn hópur sem lætur svona? Sá sem getur ekki beðið hefur vissulega tileinkað sér hugmyndafræði einstaklingshyggjunnar ofan í kjölinn; fyrir honum er umferðin ekki ferli sem á að lokum að skila öllum á áfangastað heldur samkeppni, kapphlaup þar sem sá fljótasti vinnur þó að vinningurinn sé ekki annar en sá að fá að hafa bílinn örlítið lengur í lausagangi á rauðu ljósi.

# Skinhelgi kirkjunnar

Trúleysi



Reynir Harðarson
formaður Vantrúar

Áhugamenn um trúleysi hljóta að fagna þessa dagana, og ekki bara vegna þess að þjóðkirkjan er í vandræðum. Út er komin í íslenskri þýðingu bókin The God Delusion eftir Richard Dawkins, eitt áhrifamesta rit síðustu ára, nefnist á íslensku Ranghugmyndin um guð“. Þannig hljóðar hluti nýlegrar bloggfærslu Egils Helgasonar, sem hann kallar „Jól hjá trúleysingjum“. Sem formaður Vantrúar og þýðandi nefndrar bókar get ég viðurkennt að ég fagna því vissulega að þær konur sem voru úthrópaðar siðblindir lygarar, geðsjúklingar og druslur hafa hlotið uppreisn æru. Yfirlýstir trúleysingjar vita mætavel hvaða afleiðingar það hefur að voga sér að gagnrýna stjórnarskrárvarin sérréttindi ríkiskirkjunnar, ofurlaun presta, trúboð í leik- og grunnskólum, sjálfkrafa skráningu barna við fæðingu í trúfélag og fleira.

Þótt yfirgnæfandi meirihluti landsmanna sé hlynntur aðskilnaði ríkis og kirkju og allir stjórnmálaflokkar stefni að því að afnema sjálfkrafa skráningu barna í trúfélag móður þarf enn nokkuð hugrekki til að hafa orð á því. En vogi maður sér að gagnrýna þá trú sem kirkjan kennir sig við eða boðun hennar er það ekki bara túlkað sem ókurteisi heldur hættulegt ofstæki, hatur og niðurrifsstarfsemi af versta tagi. Samstundis er fullyrt að með því sé vegið að grunnstoðum samfélagsins af frekju og yfirgangi sem stafar að sjálfsögðu af brenglun, firringu og sjúku yfirlæti þeirra trúlausu.

Ég leyfi mér að fullyrða að almenningur gerir sér enga grein fyrir hvað hann er gjörsamlega gegnsósa af kenningum kirkjunnar og þeim lúmska áróðri sem hún beitir á opinberum vettvangi. Í Vantrú höfum við lengi gagnrýnt kristna trú, kirkju og málflutning kirkjunnar manna. Fyrir vikið höfum við fengið að reyna á eigin skinni andúð kirkjunnar manna og ofurkristinna. Við þekkjum skítkastið, símhringingarnar, slúðrið og áhrif á atvinnu okkar. Meirihluti landsmanna hefur hins vegar litla þekkingu á málstað okkar og málflutningi en trúir líklega tröllasögum hinna helgu manna.

Kannski er ekki von á góðu þegar það er beinlínis kennt í guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands að málflutningur Dawkins og Vantrúar „grafi undan allsherjarreglu og almennu siðferði“ með því að „skerða málfrelsi trúaðra, andmæla almennum mannréttindum, leggja menn í einelti og fordæma minnihlutahópa á borð við gyðinga“. Þegar okkur varð þetta ljóst var okkur illa brugðið, og þarf þó nokkuð til. Siðanefnd Háskólans hefur þessa kennslu nú til athugunar.

Þótt það sé lítið mál að kynna sér málflutninginn á vantru.is er auðveldara að gefa sér niðurstöðuna fyrirfram og klappa sér á bakið fyrir að vera nú ekki neinn öfgamaður í trúmálum heldur umburðarlyndið holdi klætt. En vissulega er full ástæða til að gleðjast yfir útkomu bókarinnar „Ranghugmyndin um guð“ á íslensku. Það er ekki ofsagt hjá Agli að þetta er hugsanlega eitt áhrifamesta rit síðustu ára, skrifað af stórmerkum vísindamanni og bráðskemmtilegum penna. Vonandi verður umræða um trúmál á vitrænni nótum þegar fleiri kynnast rökum Dawkins fyrir trúleysi.

Nú þekkjum við þrautagöngu kvennanna sem voguðu sér að segja sannleikann um háheilagan biskupinn. Í eftirmála þýðingar minnar vík ég að baráttu Helga Hóseassonar við kirkjuna og drep á eigin reynslu á því sviði. Þótt mér hafi tekist að fá úrskurð þess efnis að kirkjan hafi á mér brotið bólar ekkert á afsökunarbeiðni þaðan. Einhverra hluta vegna þykir kirkjunnar þjónum það nefnilega sjálfsagður réttur sinn og jafnvel skylda að troða boðskap sínum ofan í kokið á börnum, jafnvel þótt það sé þvert gegn vilja foreldranna.

Annað
VÍSINDAKAFFIÐ
er í kvöld
21. september kl. 20:00 - 21:30
Súfistanum, Máli og menningu




HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Hvað á að vera í stjórnarskrá?

Stjórnarskrár landa geta fjallað um allt milli himins og jarðar. Í tilefni stjórnlagaþings og endurskoðunar stjórnarskrár ræðir dr. Ragnhildur Helgadóttir prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, um hvað á að vera í stjórnarskrám og hvers vegna.

Allir velkomnir. Láttu sjá þig!
www.rannis.is/visindavaka

Vísinda Vaka
Opið hús!
Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu
Föstudaginn 24. september kl. 17:00 til 22:00

PEOPLE

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

SKATTKERFI ATVINNULÍFSINS

OPINN MORGUNVERÐARFUNDUR UM SKATTAMÁL FYRIRTÆKJA
HILTON NORDICA FIMMTUDAGINN 23. SEPTEMBER KL 8.30 - 10.00

Framsögumenn:

- **Vilhjálmur Egilsson,** framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins
  *Tillögur atvinnulífsins kynntar*
- **Steingrímur J. Sigfússon,** fjármálaráðherra
  *Viðbrögð við tillögum SA og VÍ*

Fundarstjóri er **Finnur Oddsson**, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, en **Vilmundur Jósefsson,** formaður Samtaka atvinnulífsins flytur opnunarávarp.

Þátttakendur í pallborðsumræðum:

- **Alexander G. Eðvardsson,** forstöðumaður skattasviðs KPMG
- **Ingibjörg Árnadóttir,** lögfræðingur hjá Íslandsbanka
- **Margrét Guðrún Jónsdóttir,** skrifstofustjóri Nox Medical
- **Vala Valtýsdóttir,** yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte
- **Þórður Magnússon,** stjórnarformaður Eyrir Invest og stjórnarmaður í Viðskiptaráði Íslands

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Þátttakendur fá eintak af nýrri skýrslu Viðskiptaráðs Íslands og Samtaka atvinnulífsins um nauðsynlegar umbætur á skattkerfinu. Léttur morgunverður og skráning frá klukkan 8.00. **Skráning á sa.is eða vi.is**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**63** **RITHÖFUNDURINN STEPHEN KING ER 63 ÁRA**

*„Aðeins óvinir segja manni sannleikann; vinir og elskhugar ljúga endalaust, enda pikkfastir í vef skyldunnar.“*

## Merkisatburðir

**1919** Reykjanesviti skemmist mikið í jarðskjálfta.

**1930** Johann Ostermeyer finnur upp flasskubbinn.

**1936** Franska herskipið l'Audacieux kemur til Reykjavíkur, það næst hraðskreiðasta skip heims.

**1937** Tolkien gefur út Hobbitann.

**1963** Eiríkur Kristófersson skipherra er sæmdur æðstu orðu Breta fyrir björgun breskra sjómanna.

**1957** Ólafur V. verður konungur Noregs.

**1985** Grímudansleikur Verdis er frumsýndur í Þjóðleikhúsinu.

**1996** John F. Kennedy yngri giftist Caroline Bisset.

**ÞETTA GERÐIST:** 21. SEPTEMBER 1837

## *Charles Tiffany opnar demantabúð*



Charles Lewis Tiffany stofnaði skartgripa- og postulínsverslunina Tiffany & Co í New York fyrir 137 árum.

Charles var brauðryðjandi í bandarískum skartgripaviðskiptum á 19. öld og fyrstur kaupmanna til að gefa út vörulista, sem enn í dag er gefinn út (Blue Book). Þá var Charles nafntogaður fyrir afburða þekkingu á demöntum og kynnti til sögunnar „enska viðmiðið“ fyrir sterlingssilfur árið 1851, en það er 92 prósent hreint silfur. Sonur hans Louis, varð frægur fyrir steinda Tiffany's-lampa.

Ríkustu fjölskyldur Bandaríkjanna bera demanta Tiffany's sem og helstu Hollywood-stjörnur og konungsfjölskyldur Evrópu. Þá hefur skart Tiffany's löngum birst í dægurmenningu. Árið 1948 söng Marilyn Monroe um Tiffany's-demanta í bíómyndinni Ladies of the chorus og Eartha Kitt óskaði eftir jólagjöf frá Tiffany's í jólalaginu Santa Baby. Þekktust er þó skáldsaga Trumans Capote, Breakfast at Tiffany's, sem 1961 var kvikmynduð með Audrey Hepburn í aðalhlutverki.





†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Lárusdóttir**

Frá Skagaströnd,

til heimilis að Nestúni 2, Hvammstanga, lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi aðfararnótt mánudagsins 20. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðmundur Haukur Sigurðsson**
**Ögn Magna Magnúsdóttir**
**Sigurður Sigurðsson**
**Seeka Butprom**
**Svanfríður Sigurðardóttir**
**Þórdís Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalbjörg Þorkelsdóttir**

frá Felli, til heimilis að Hraunbúðum, Vestmannaeyjum,

lést á Hraunbúðum fimmtudaginn 16. september. Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 2. október kl. 13.00.

**Börn, tengdabörn, ömmubörn og langömmubörn.**



†

*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Óskars Ólasonar**

málarameistara.

**Óli Þorleifur Óskarson**
**Björg Óskarsdóttir**
**Sigurður Jakobsson**
**Lára Óskarsdóttir**
**Ólafur Þór Jóelsson**
**Helgi Rúnar Óskarsson**
**Bjarney Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorgerður Jónsdóttir**

frá Neðri-Svertingsstöðum, Miðfirði,

sem lést þriðjudaginn 14. september, verður jarðsungin frá Garðakirkju á Álftanesi, miðvikudaginn 22. september kl. 13.00.

**Friðrik Jónsson**
**Oddrún Sverrisdóttir**
**Sævar Jónsson**
**María Gunnarsdóttir**
**Sólrún Jónsdóttir**
**Ólafur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

MYND/MAGNÚS ÓLAFSSON

**FORMAÐUR VINA KVENNASKÓLANS** „Það er heiður fyrir okkur að fá þessa muni í skólaminjasafnið,“ segir Aðalbjörg Ingvarsdóttir.

VINUM KVENNASKÓLANS: BARST HÖFÐINGLEG GJÖF UTAN ÚR HEIMI

# Yfir hundrað ára húsbúnaður Elínar Briem til Blönduóss

Tvö borð og fimm stólar, sófi, skatthol, málverk og fjölmargir smærri munir bárust nýlega frá Þýskalandi til minjastofu Kvennaskólans á Blönduósi. Þetta eru gjafir frá erfingjum Elínar Briem, fyrrum forstöðukonu Kvennaskólans, systkinunum dr. Helga Sæmundssyni, verkfræðingi í Stuttgart, Sigurlaugu Sæmundsdóttur Hampe í München og Elínu Briem Sæmundsdóttur Finborud í Ósló.

„Elín Briem var gagnmerk kona og það er heiður fyrir okkur að fá þessa muni í skólaminjasafnið. Ég vona að okkur auðnist að búa þannig um þá að þeir varðveitist og verði til augnayndis, þó ekki hafi verið mótuð um það stefna enn þá hvernig sýningum verður háttað,“ segir Aðalbjörg Ingvarsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Kvennaskólans á Blönduósi. Hún er formaður hollvinasamtakanna Vinir Kvennaskólans sem í eru um 200 manns; konur og karlar.

Kvennaskólinn á Blönduósi hætti starfsemi sinni 1978 en honum tilheyrðu ýmsar eignir, meðal annars stórt og fallegt hús. Textílsetrið var stofnað þar árið 2005 og starfsemi þess hefur farið vaxandi að sögn Aðalbjargar. Hún segir hollvinasamtökin hafa útbúið minjastofu í húsinu. „Okkur fannst þörf á að halda húsinu við og varðveita muni og sögu skólans. Því var sett upp minjastofa þar sem við gerum sögu skólans skil með myndum og munum. Við vorum ekki með í huga að auka við eignina, nema að bæta við myndasafn skólans, enda starfar stofan ekki samkvæmt safnalögum en svo bárust okkur óvænt boð í sumar um þessa höfðinglegu gjöf frá erfingjum Elínar Briem og við sögðum bara já takk,“ segir Aðalbjörg og rifjar upp þátt Elínar í skólahaldinu.

„Elín var einn af frumkvöðlum Kvennaskólans. Það var hún sem skipulagði námsskrá og mótaði starfið á upphafsárum hans. Skólinn var stofnaður frammi í Vatnsdal, á Undirfelli, og síðan starfaði hann á Lækjarmóti í Víðidal í tvo vetur. Elín var forstöðukona þar fyrri veturinn. Þaðan fór hún til náms í Danmörku en kom aftur og þá flutti skólinn að Ytri-Ey og hét Kvennaskóli Húnvetninga. Þetta var mikilsmetinn skóli, bóknámsskóli fyrst og fremst sem stúlkur flykktust í. Flestar voru tvo vetur. Það voru ekki margir skólar fyrir stúlkur á þessum tíma. Algengt var að synir væru sendir til náms en dæturnar sátu eftir. Elín kom alls fjórum sinnum til að stjórna skólanum og var skólastjóri í samtals átján ár á árabilinu frá 1880 til 1915. Eftir að hún fór frá Blönduósi starfaði hún mikið að félagsmálum í Reykjavík.“

Aðalbjörg segir mynd til af Elínu í stofu sinni á Sauðárkróki, þar sem hún bjó með Stefáni Jónssyni, seinni manni sínum, á fyrsta áratug 20. aldar. Þar sjást húsgögnin sem nú eru nýkomin um langan veg til Blönduóss. Því eru þau ótvírætt orðin meira en hundrað ára.

gun@frettabladid.is

# Rýnt í húmor í Hafnarfirði

Í tengslum við sýningu Hafnarborgar Að drekka mjólk og elta fólk stendur Þjóðfræðistofa fyrir málþingi um húmor sem samfélagsrýni og valdatæki þjóðfélagshópa, en Þjóðfræðistofa er rannsóknarstofnun sem sinnir rannsóknum og miðlun á þjóðfræði og tengdum greinum jafnt innanlands sem utan. Á málþinginu munu fræði- og listamenn stíga á svið og varpa ljósi á hinar ýmsu birtingarmyndir húmors í menningar- og samfélagslegu samhengi. Á málþinginu verður grínt í hin ýmsu form húmors svo sem uppistand, háðsdeilur og leikræna íroníu. Málþingið fer fram laugardaginn 25. september frá kl. 15.00 til 16.30 í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, Strandgötu 34, Hafnarfirði.

Dagskráin er fjölbreytt og má reikna með að hún taki um eina og hálfa klukkustund, en að loknum fyrirlestrum verða pallborðsumræður með þátttakendum. Á málþinginu verður einnig sýnt úr heimildarmyndinni Uppistandsstelpur, sem frumsýnd var fyrr í haust.



**UPPISTANDSSTELPUR** hafa verið iðnar við kolann í sumar og grínast mikið. Brot úr heimildarmyndinni Uppistandsstelpur verður sýnt á málþinginu.



**Ráðlagður dagskammtur (RDS)** er það magn nauðsynlegra vítamína og steinefna sem er talið að fullnægi þörfum þorra fólks. Þarfirnar geta þó verið einstaklingsbundnar. Mikil neysla á sumum næringarefnum getur haft neikvæð áhrif á heilsuna og því hafa verið sett efri mörk, eða það hámark sem óhætt er að neyta daglega. Þau eru umtalsvert hærri en RDS.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar
Nýtt og enn öflugra
System + fyrir dömu og herra kr. 34.995,-
NÝTT
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Eirberg
Rafskutlur
-frelsi og nýir möguleikar
Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri



Ný kynslóð
Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is

Patti.is
Landsins mesta úrval af sófasettum



Leður sófasett 3+1+1 149.900 kr



Púðar í úrvali Verð frá 2.900 kr
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið: Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 - Laugard. frá 11 til 16

;ALLT Á FERÐINNI
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fc Watthai-Iceland fótboltaliðið var stofnað af munki til að bæta ímynd Taílendinga á Íslandi.

# Boltinn bætti samskiptin

Við erum stórt lið, allt upp í 20 manns, en ætli fastur kjarni sé ekki eitthvað um fimmtán sem æfa og spila á sparkvellinnum við Safamýrarskóla, rétt hjá Framheimilinu, um helgar," segir Somchai Yuangthong, liðsmaður í Fc Watthai-Iceland, fótboltaliði Taílendinga. Að sögn Somchai var fótboltaliðið formlega stofnað árið 2000 í þeim tilgangi að hvetja Taílendinga til íþróttaiðkunar og bæta ímynd þeirra í íslensku samfélagi. „Hugmyndina á Pra Mahaprasit Sirintharo, búddamunkur sem er búsettur hér. Hann fékk okkur til að setja saman lið til að bæta samskipti innan hópsins og við Íslendinga og aðra innflytjendahópa, sem höfðu verið stirð á köflum. Hann hafði þegar átt þátt í að stofna taílensk fótboltalið í Danmörku sem hafði gefist vel og taldi víst að sams konar árangur næðist hér," útskýrir Somchai og bætir við að munkurinn hafi haft á réttu að standa.

;HEILSA | 4




KRINGÓMA
SURROUND

Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta
SURROUND SOUND by ReSound

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinninguna fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.



dot by ReSound
HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is
Tímapantanir
534 9600
ReSound
rediscover hearing

**Matarolíuna** má setja í úðabrúsa og úða henni í potta og pönnur en þannig er hægt að draga verulega úr olíunotkun við matargerð. Blandið vatni og olíu til helminga í brúsann.



Andlitsnudd og maski
Verð: 6.500 kr.
50 mín. heilsunudd
Verð: 6.500 kr.
Tilboðið gildir í september 2010
DONG FANG SALON

2 FYRIR 1 AF MATSEÐLI
Í HÁDEGINU ALLA DAGA
sushismiðjan
RESTAURANT
VIÐ SMÁBÁTAHÖFINA
OPIÐ TIL 22:00

# Heimabakað og frá býli

**Veitingastaðurinn Spíran í Garðheimum var opnaður í júní. Þar er boðið upp á holla rétti úr fersku hráefni sem flest kemur beint frá býli. Hinrik Carl Ellertsson matreiðslumaður er yfirkokkur Spírunnar.**




Hinrik Carl Ellertsson með girnilegan rétt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við bjóðum upp á einn rétt dagsins og síðan nokkur salöt sem fólk getur blandað saman að vild,“ segir yfirkokkur Spírunnar, Hinrik Carl Ellertson.

Spíran opnaði í Garðheimum í júní og sérhæfir sig í hollum og góðum réttum úr fersku hráefni. „Við reynum að nota sem mest beint frá býli, bæði grænmeti og kjöt,“ segir Hinrik og bætir við að hæg séu heimatökin. „Garðheimar selja býlunum ýmislegt og því eigum við oft ferð út á land. Þá tökum við til baka sveppi, tómata, paprikur og núna rótarávexti svo eitthvað sé nefnt,“ segir hann en Spíran er einnig með eigin grænmetisgarð.

Spíran er á efri hæð Garðheima þar sem áður hafa verið ýmist jólahorn eða föndurhorn. „Nú er öll hæðin lögð undir veitingastaðinn og nóg að gera,“ segir Hinrik og telur að dags daglega komi um 50 til 80 manns á staðinn. „Meirihlutinn þó seinni hluta vikunnar.“ Spíran er opin frá 11 til 17 alla daga en boðið er upp á heita rétti í hádeginu á virkum dögum. Annars býður Spíran einnig upp á úrval smárétta, súpu dagsins, og sérútbúnar lokur. „Þá bjóðum við á föstudögum upp á sushi frá Osushi. Okkur fannst rétt að færa þá menningu hér ofar í bæinn,“ segir Hinrik glaðlega og bætir við að allt bakkelsi Spírunnar sé heimabakað.

Og hvers konar fólk sækir staðinn? „Hingað sækir alls konar fólk. Frá sendibílstjórum sem þykir gott að geta lagt í rúmgóð stæði, til heilu saumaklúbbanna og bankafólks úr Mjóddinni,“ svarar Hinrik.

Hann minnir að lokum á að Spíran og Garðheimar standi oft fyrir skemmtilegum námskeiðum. Í haust hafi til dæmis verið kennd sultu- og pestógerð.

Nánari upplýsingar má finna á spiran.is

*solveig@frettabladid.is*

## KJÚKLINGABRINGA Í JÓGÚRT-KARRÍSÓSU

### með tvenns konar salati

4 kjúklingabringur
1 dós af lífrænni jógúrt
5 msk. af karrí-blautmauki eða 5 tsk. af karrídufti
safi úr ½ sítrónu
salt og pipar eftir smekk

*Jógúrtinu, karrí-blautmaukinu og safanum úr sítrónunni er blandað saman og saltað og piprað eftir smekk. Þessu er næst hellt yfir kjúklinginn og látið liggja í 4-6 tíma, við það mýkist kjúklingurinn og verður safaríkari.*

*Kjúklingurinn steiktur á pönnu í um 2 mínútur á hvorri hlið og því næst settur inn í ofn á 110° C í 30 mínútur eða 160° C í 18 mínútur. Betra er að elda hann á lægri hita því við það missir hann minni safa. Borið fram með hrísgrjónum.*



**Agúrkusalat**
1 stk. agúrka skorin fínt niður
safi úr ½ lime
2 cm bútur af smátt skornu engiferi
graskersfræ eftir smekk
1 stk. rautt chili, smátt skorið
1 dl appelsínusafi
smá salt

*Öllu blandað vel saman og látið standa í tvo tíma áður en borið er fram.*

**Gulrótarsalatið hennar ömmu**
5 meðalstórar gulrætur rifnar niður
100 g rúsínur
safi úr ½ sítrónu
15 mintulauf
1 dl eplasafi

*Öllu blandað vel saman og látið standa í tvo tíma áður en borið er fram.*

DÝRINDIS SAMLOKUBAKKAR
Hollt og ferskt!
Tilvalið fyrir fundinn eða starfsmannapartýið
Veisluþjónusta SAFFRAN býður upp á ljúffengar, hollar, ferskar og framandi veislur á verði sem fær þig til að brosa!
Við bjóðum til að mynda upp á:
SMÁRÉTTI
STEIKARHLAÐBORÐ
ÞRIGGJA RÉTTA MATSEÐLA
OG HÓPMATSEÐLA
Tilboð og matseðlar á SAFFRAN.IS
VEISLUÞJÓNUSTA
SAFFRAN
S. 578 7875 SAFFRAN.IS

LAGERÚTSALA
Smiðjuvegi 16
Gerið frábær kaup
Allt að 80% afsláttur
maður lifandi
MATVARA, SNYRTIVÖRUR, SOKKAVÖRUR og margt fleira.
Yggdrasill
BIOVÖRUR
S: 544 4270
Opið
þriðjudag 21. september frá 12-18
miðvikudag 22. september frá 12-18


Hreðkan er fínlegur ávöxtur og fljótsprottinn.


Rauðrófur hafa lengst af verið súrsaðar niður en eiga vaxandi fylgi að fagna sem ferskar.

# Kjarnmiklir rótarávextir upp úr íslenskri mold

**Meðal þess sem haustið ber með sér eru ferskir, íslenskir rótarávextir. Þeir bragðast best úr eigin garði en á grænmetismörkuðum og í kæliborðum verslana má líka nálgast slíkar hollustuvörur.**

Rófur, bæði gular og rauðar, gulrætur, næpur og hreðkur tilheyra rótarávaxtafjölskyldunni. Þær bragðast vel bæði hráar og matreiddar á ýmsa vegu og eru auðugar af vítamínum og steinefnum á þessum árstíma.

**Gulrófurnar** eiga langa sögu á landinu enda eru til af henni íslenskir stofnar, harðgerir og auðveldir í ræktun. Tíðkast hefur að borða rófur soðnar með lambakjöti, saltkjöti og saltfiski og rófustappa er ómissandi með sviðum. Snjallræði er líka að skera þær í bita blanda þeim saman við aðra rótarávexti svo sem rauðrófur, sætar kartöflur og gulrætur, skella þeim í form með ólívuolíu, salti og rósmaríni og baka síðan í ofni.


Gulrætur eru gómsætar.

**Gulrætur** eru líklega vinsælastar rótarávaxtanna. Hráar eru þær sælgæti eins og þær koma fyrir, í salöt eða sem nasl með ídýfu og soðnar líka ljúffengar og þægilegar í hverskyns rétti og sem meðlæti með kjöt og fiskréttum.

**Rauðrófur** eru yfirleitt ekki borðaðar hráar en þó má vel rífa þær og nota í salöt. Þær eru hins vegar vel þekktar sem súrsætt meðlæti. Þá eru þær soðnar í ediksblönduðu vatni og snæddar sem meðlæti með lambasteik eða öðrum réttum.

**Hreðkur** eru fljótsprottnar og auðræktaðar, (latneska heitið raphanus þýðir einmitt auðræktuð). Þær eru fyrirtaks snakk, hitaeiningasnauðar og hollar og sóma sér líka vel í salötum. *gun@frettabladid.is*


Gulrófan hefur fylgt Íslendingum gegnum aldir og skapað sér hefð.


**Kynning**

Á Culiacan eru margir fastakúnnar sem vita nákvæmlega hvað þeir vilja. Við sjáum sömu andlitin oft dag eftir dag, segir eigandinn, Sólveig Guðmundsdóttir. Það er vissulega gott og við heyrum oft að fólk talar um hvað því líði vel af matnum. Svo er þetta líka á svo góðu verði að fólk hefur efni á að koma oft í viku. Réttirnir kosta á bilinu 990 til 1.480 krónur.

# Fáar kaloríur, góð næring

Evert Víglundsson er yfirþjálfari og eigandi Crossfit Reykjavík, sem er til húsa í Skeifunni.

Hann velur fitness-burrito og bætir við guacamole. Evert er ekki að telja kaloríurnar, heldur leggur hann aðaláherslu á góða næringu. „Á Culiacan fæst fjölbreyttur og bragðgóður matur í heilsusamlegum skömmtum,“ segir Evert. „Holl fita (guacamole) er afar mikilvæg fyrir líkamann og virkar eins og smurning á kerfið.“ Crossfit er mjög vaxandi íþrótt á Íslandi. Tveir mánuðir eru síðan Crossfit Reykjavík opnaði og koma nú þangað 200 manns sem er langt framar vonum. Fjölbreyttar þjálfunaraðferðir helstu afreksíþróttagreina og heilbrigður lífsstíll er það sem einkennir Crossfitið. Evert leggur þó áherslu á að þetta sé sport fyrir alla, ekki bara keppnisfólk.

Pálína Sigurrós Stefánsdóttir, hefur verið fastur gestur á Culiacan síðastliðin 6–7 ár.

Hún leggur áherslu á að borða mikið af grænmeti og prótínríkt fæði. Hennar uppáhaldsréttur á Culiacan er kjúklinga-quesadillas, sem henni finnst rosalega bragðgóður og ferskur réttur. Hún fær sér milda sósu, ferskt salsa og fajitas með. Með quesadillas er alltaf borinn fram sýrður rjómi. „Ég vel Culiacan vegna þess að þar borða ég með góðri samvisku, “ segir Pálína.

Andri Björnsson, hefur oft borðað á Culiacan sl. fjögur ár. Hann fær sér yfirleitt alltaf ultimo-burrito og biður um extra mikinn kjúkling. Andri er að fara að keppa í vaxtarrækt á Icelandic Expó, 20. nóvember nk. Hann er að skera niður og þessi máltíð hentar jafnvel þá. „Ég sækist eftir miklum prótínum og góðum kolvetnum. Stundum fæ ég mér guacamole til að fá góðu fituna,“ segir Andri.

**Culiacan er í Faxafeni 9 og er opið alla daga 11.30–22.00.**


Pálína Sigurrós Stefánsdóttir.


Evert Víglundsson.


Andri Björnsson.



**Málstofa** um væntanlega rannsókn á svokallaðri kengúrumeðferð eða húð við húð meðferð fyrir fyrirbura á Norðurlöndunum fer fram á Eiríksgötu 34 mánudaginn 27. september. Nánar á www.rsh.is

Framhald af forsíðu

„Við settum saman fótboltalið sem var fyrst í stað skipað Taílendingum og Íslendingum og fórum svo brátt að spila við önnur lið. Upp frá því snarbötnuðu samskiptin okkar á milli og við aðra þjóðfélagshópa," segir Somchai og getur þess að hópurinn spili reglulega við önnur lið, þar á meðal frá Litháen.

Síðan Fc Watthai-Iceland var stofnað hafa nokkrar mannabreytingar átt sér stað og er það nú eingöngu skipað Taílendingum sem allir hafa brennandi áhuga á fótbolta. Sjálfur er Somchai mikill Chelsea-aðdáandi. „Ég hélt upphaflega með Manchester United en skipti yfir í Chelsea þegar Ruud Gullit gekk í liðið þegar ég var fimmtán ára," segir Somchai, sem fylgist líka ágætlega með íslenska boltanum og hrósar sérstaklega framgöngu kvennalandsliðsins. „Við eigum mjög gott kvennalið, stelpurnar eru að gera frábæra hluti."

Somchai segir sig dreyma um að efla og tryggja þátt taílenskra kvenna til jafns við karla í íþróttum hér á landi. „Þær hafa ekki sýnt fótboltanum mikinn áhuga hingað til, aðallega staðið á hliðarlínunni og haft lítið að gera. Það gæti því allt eins verið sniðugt að stofna kvennalið í „cheball", íþrótt sem er blanda af handbolta og körfubolta og var vinsæl í Taílandi."

Næst á döfinni er þó fyrirhuguð ferð til Danmerkur þann 8. október þar sem liðið tekur þátt í stóru fótboltamóti í Stenløse. „Þetta er árlegt mót, haldið að undirlagi munksins vinar okkar, og þarna munu etja kappi þau fótboltalið sem hann hefur átt þátt í að stofna. Dagurinn fer í stífa spilamennsku og um kvöldið verður hálfgerð uppskeruhátíð þar sem yngri og eldri kynslóðir Taílendinga koma saman, biðja, borða og njóta samverunnar," segir Somchai, sem hefur ásamt félögum sínum og með aðstoð Taílensk-íslenska félagsins verið að safna fyrir ferðinni hátt í ár. „Menn eru því orðnir alveg rosalega spenntir fyrir þessu."

*roald@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hópurinn hittist reglulega um helgar til að æfa og spila fótbolta. Somchai er í efri röð lengst til vinstri.



Ekki eru notuð eiturefni við lífræna ræktun sem veldur því að hún krefst meiri vinnu og er þar af leiðandi dýrari.

# Lífrænt er bragðmeira

**Lífrænt ræktað grænmeti kostar sitt enda vinnsluaðferðirnar kostnaðarsamari.**

Lífrænt ræktað grænmeti er að jafnaði dýrara en annað grænmeti. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Sem dæmi má nefna að ekki eru notuð eiturefni við ræktunina sem veldur því að hún krefst meiri vinnu, meðal annars við að reyta arfa. Þá er vöxturinn í sumum tilfellum hægari sem leiðir til þess að framleiðslan á tímaeiningu verður minni, sem orsakar hærra verð.

Ástæðan fyrir því að margir velja engu að síður lífrænt ræktað grænmeti er sú að það er yfirleitt talið innihalda meira af næringarefnum auk þess sem það er laust við varnarefni, sem eru notuð til eyðingar meindýra. Þá er það álitið bragðmeira en annað grænmeti. Rannsóknum ber hins vegar ekki saman um hvort lífrænt ræktað grænmeti innihaldi meira magn næringarefna en grænmeti sem er ræktað á hefðbundinn hátt. Nokkrar rannsóknir benda hins vegar til þess að meira sé af sykrum í lífrænt ræktuðu grænmeti og er lengri vaxtartími talin hugsanleg ástæða.


STAFGANGA Í LAUGARDAL

Stafgöngunámskeið hefjast 28. September 2010

BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.

SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is

GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgöngubjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgöngubjálfi, sími: 694 35 71.

STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR



Herra inniskór og sandallar úr leðri, mjúkir og þægilegir.

Teg: 67604-80
Stærðir: 41 - 47
litur: brúnt
**Verð: 11.885.-**



Teg: 68564/319
Stærðir: 41 - 46
Litir: svart/orange
**Verð: 7.550.-.**



Misty skór
Laugavegi 178
Vertu vinur

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is



Hristu sálina þína með dansi!

SHAKE YOUR SOUL ®

Helgarnámskeið
í sveitasælu Borgarfjarðar
8.- 10. október

Púlsinn námskeið

*Nánari upplýsingar www.pulsinn.is*



Fararstjórn erlendis

**Meðal námsefnis:**
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



**Ferðalandafræði:** Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson Consúll, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður, Höskuldur Frímannsson leiðsögumaður, Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Magnús Björnsson fararstjóri, Pétur Óli Pétursson fararstjóri, Bjarni Randver Sigurvinsson guðfræðikennari, Sr. Bjarni Karlsson sóknarprestur, Ómar Valdimarsson blaðamaður.

Ferðamálaskóli Íslands **Opið 8-22**

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin

RopeYoga
Innritun hafin! Sími 581 3730

Ný námskeið hefjast 4. október

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak. Hentar öllum aldurshópum og líkamsgerðum. Þú finnur strax árangur eftir fyrstu æfinguna án þess að reyna of mikið á þig.

Lokuð 6 vikna námskeið 2x í viku í 60 mínútur:
- Þriðjudaga og fimmtudaga kl 6:15, 10:30 og 12:00
- Mánudaga og miðvikudaga kl 16:30 FULLBÓKAÐ

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal. Verð kr. 13.900.
Óséttar pantanir seldar frá 29. september, næsta námskeið hefst 14. nóvember.

Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HHOTSKÓGUR grafísk hönnun



friform.is

INNRÉTTINGATILBOÐ Í SEPTEMBER

30%
ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR

Komdu með málin og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

Mán. - föst. kl. 09-18
Lau. kl. 11-15

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

# lífrænn lífsstíll

ÞRIÐJUDAGUR 21. SEPTEMBER 2010




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



### ● LÍFRÆNT KAFFIHÚS Á EYRARBAKKA

Kökur, súpa og brauð er meðal þeirra lífrænu veitinga sem eru á boðstólum á Bakkabrimi, kaffihúsi við bryggjuna á Eyrarbakka. Staðurinn er í eigu parsins Davids Kelley og Örnu Aspar Magnúsardóttur sem opnuðu hann í sumar við góðar undirtektir. Eigendurnir útbúa allan mat frá grunni og bjóða að auki upp á hlý teppi og matarkörfur fyrir þá sem vilja njóta veitinganna utandyra, enda er staðurinn við bryggjuna með einstakt útsýni út á hafið. Bakkabrim er haft opið frá klukkan 10 til 22 alla daga.





Biotta Gulrótarsafi
A vítamín fyrir sjón og húð!
heilsa –hafðu það gott




Biotta Rauðbeðusafi
Góður fyrir meltinguna og blóðið - inniheldur fólínsýru.
heilsa –hafðu það gott




Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki







Guðmundur og Sigfús vigta, hnoða og móta deigið í lífrænt brauð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Súrdeigið þykir hollara

**Lífræna súrdeigsbrauðið frá bræðrunum í Brauðhúsinu í Grímsbæ er löngu orðið þekkt meðal þeirra sem kjósa hollt og bragðgott brauð.**

Bræðurnir Guðmundur og Sigfús lærðu báðir að baka hjá föður sínum, Guðfinni Sigfússyni, sem lengi rak bakarí. Áhuginn á lífrænu hráefni vaknaði hjá Sigfúsi strax á menntaskólaárum. „Ég fór utan á árunum 1986 til 1990, meðal annars til að kynna mér lífræna ræktun og bakstur. Þegar ég kom heim tókum við lífrænu brauðin inn í reksturinn sem viðbót við það sem fyrir var,“ segir Sigfús en þá ráku þeir feðgar saman bakarí. Í kringum 1999 var hins vegar ákveðið að skipta alveg yfir í lífrænan bakstur og eru þeir bræður vel þekktir í dag fyrir hin hollu og bragðgóðu brauð.

En í hverju felst hinn lífræni bakstur? „Hann felst í því að við notum eingöngu lífrænt ræktað hráefni sem við flytjum inn frá Danmörku og Svíþjóð. Þá notum við langmest heilkornamjöl og lítið af sigtuðu mjöli,“ segir Sigfús en í Brauðhúsinu eru langflest brauðin úr súrdeigi en aðeins ein brauðtegund með geri. „Næringin úr korninu nýtist betur í líkamanum með því að nota súrdeig,“ útskýrir Sigfús og vill meira að steinefnin verði þannig aðgengilegri fyrir líkamann.

Er tímafrekara að baka súrdeigsbrauð? „Jú, það er eitthvað tímafrekara. Það brauð sem við bökum á mánudegi þurfum við að undirbúa á sunnudegi svo deigið nái að standa í tólf tíma. Þetta gengur þó vandræðalaust þegar það er komið upp í vana.“

Sigfús segir nokkurn bragðmun á venjulegu brauði og súrdeigsbrauði. „Súrdeigsbrauðin eru bragðmeiri og geta verið súrari. Við reynum þó að hafa þau mild enda smekkur fólks misjafn,“ segir hann en bendir á að í sumum löndum sé hefð fyrir mjög súrum brauðum eins og í Finnlandi. „Slík brauð myndu ekki falla að smekk Íslendinga,“ segir hann glettinn.

Brauðtegundirnar sem bakaðar eru í Brauðhúsinu eru upp undir tuttugu talsins en ekki er boðið upp á allar tegundir dag hvern. Þá fást brauðin víðar en í Brauðhúsinu Grímsbæ; í flestum heilsubúðum, í Melabúðinni og Fjarðarkaupum. *-sg*

## SÚRDEIGS SPELTBRAUÐ

**Að kvöldi er blandað saman í skál:**

1 msk. ferment súrdeig (fæst í Brauðhúsinu)
400 g speltmjöl
4 dl vatn (30° C)
Lok lagt yfir og látið standa á hlýjum stað í um það bil 12-14 tíma.

**Að morgni er bætt við:**

600 g speltmjöl (má vera sigtað)
1 msk. salt
3-3,5 dl vatn (37° C)

*Hnoða vel, breiða yfir og láta hefast í 40 mínútur. Skipta deiginu, hnoða og setja í smurð form eða á plötu. Láta lyftast í um 30 mínútur.*

*Baka við 230° C í 40-60 mínútur.*



*Bæta má hverju sem hugurinn girnist í deigið. Tilvalið er að rífa nýjar íslenskar lífrænt ræktaðar gulrætur og/eða sjóða bankabygg og bæta í deigið.*

# Snyrtivörur til heilsubótar

„Lífrænar snyrtivörur sækja nú mjög í sig veðrið enda æ fleiri meðvitaðir um mikilvægi þess að borða ekki aðeins hreina fæðu heldur bera á hörund sitt hreinar snyrti- og húðvörur sem lausar eru við aukaefni. Eitur- og rotvarnarefni í hefðbundnum snyrtivörum eru fljót að smjúga inn í húðina og dreifa sér í líffæri með blóðrásinni og því skiptir máli að vanda valið,“ segir Helga Snædal Guðmundsdóttir, vörustjóri hjá Heilsu, sem flytur inn lífrænar húð-, hár- og snyrtivörur frá Aubrey Organics og Mádara, ásamt því að dreifa íslensku vörumerkjunum Sóley og Villimey sem bæði hafa lífræna vottun.



**Helga Snædal Guðmundsdóttir, vörustjóri hjá Heilsu, segir lífrænar snyrtivörur spennandi og margt að bætast við í snyrtibudduna.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Lífrænar snyrtivörur eru í stöðugri þróun og vel sambærilegar í verði og gæðum við þekktustu snyrtivörumerki, en úrvalið er ekki eins mikið þótt alltaf sé að bætast við. Það sér maður vel á vörusýningum ytra þegar maður vill helst vera í snyrtivörudeildinni því þar er svo margt spennandi að gerast,“ segir Helga hlæjandi og hvetur neytendur til að vera vakandi yfir tilboðum sem oft bjóðast á lífrænum snyrtivörum í heilsubúðum og apótekum.

„Margir gera þau mistök að geyma lífrænar snyrtivörur of lengi, en sökum þess að þær eru lausar við rotvarnarefni þarf að nota þær meðan ferskar. Þær eru frábær kostur og gera manni mun betra en snyrtivörur sem krefjast efnafræðikunnáttu til að skilja megi innihaldslýsinguna.“ *-þlg*

**● DÚNMJÚK, UMVEFJANDI OG LÍFRÆN FEGURÐ** Lífræn bómull er sterkari og heldur sér betur en venjuleg bómull, auk þess að vera fallegri þar sem ekki er búið að menga hana með alls konar eiturefnum, vaxtarhormónum og aflaufgunarmiðlum. Lífræn bómull er því mýkri og andar betur. Leifar af eitri geta orðið eftir í fatnaði úr bómull, auk þess sem það er umhverfisspillandi. Umhverfisvæn bómull er handtínd, sem kemur í veg fyrir að hún skemmist í vélum.

Lífræn, umhverfisvæn bómull er afar litekta, þolir vel þvott og verður raunar mýkri við hvern þvott, en frá umhverfissjónarmiðum þykir mjög slæmt að flík gefi frá sér lit við þvott.

*Heimild: biovorur.is*





**Móðir Jörð í Vallanesi, brugghúsið Ölvisholti og Ríki Vatnajökuls ætla að senda fulltrúa á Salone del Gusto, sem fer fram á tveggja ára fresti í Tórínó á Ítalíu.**

# Harðfiskur og skyr til sýnis í Tórínó

**Íslendingar taka í fyrsta sinn þátt í matvælasýningunni Salone del Gusto í Tórínó.**

„Við getum verið ákaflega stolt að taka þátt, þarna er verið að sýna okkur mikinn heiður," segir Dominique Plédel Jónsson, formaður Slow Food Reykjavík Convivium, um fyrirhugaða þátttöku íslenskra matvælaframleiðenda á sýningunni Salone del Gusto sem verður haldin í Tórínó á Ítalíu 21. til 25. október.

Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingar taka þátt í Salone del Gusto, sem er umfangsmikil sýning haldin á vegum alþjóðlegu Slow Food-samtakanna. Þar fara fram smakkanir og fyrirlestrar um hrein og holl matvæli og fræðslustarfssemi sem tengist hugmyndafræði slow food, meðal annars í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigðri matvælaframleiðslu og efla samskipti minni framleiðenda og neytenda í heiminum.

Tíu manna hópur frá Íslandi tekur þátt á sýningunni að sögn Dominique. „Við munum segja frá hvernig Íslendingar hafa geymt matvæli í gegnum aldirnar og verðum með sýnishorn af harðfiski, hangikjöti, hefðbundnu skyri og fleiru."



**Dominique Plédel Jónsson.**

Þá segir Dominique að Gunnari Karli Gíslasyni, matreiðslumanni á veitingastaðnum Dilli, hafi verið sýndur sá heiður að taka þátt í Theatro del Gusto, einum vinsælasta viðburði sýningarinnar. „Gunnar fær klukkutíma á sviðinu til að sýna hvað hægt er að gera við íslenskt hráefni. Aðeins tólf taka þátt þannig að það er heiður að fá að vera með," útskýrir Dominique og getur þess að sýningin í heild geti haft mikla þýðingu fyrir þátttakendur. „Að meðaltali leggja 200.000 manns leið sína á Salone del Gusto og í kjölfarið myndast oft ábatasöm viðskiptasambönd."

*- rve*

**● SLETTU LÍFRÆNU SKYRI Í SKÁLINA MÍNA!** Nú er komið lífrænt skyr í tveimur bragðtegundum frá Biobú í matvöruverslanir; hreint og með vanillu. Skyr er matartegund sem talin er hafa verið á borðum Íslendinga frá landnámi og dæmi um þjóðlegan mat sem náð hefur að aðlagast nútíma þjóðfélagi með ágætum. Engu að síður hafa orðið breytingar á vörunni og framleiðsluaðferðum hennar, en skyr er að undirstöðu ferskur súrostur sem frá örófi alda hefur verið framleiddur úr undanrennu og þá mjólkurprótíni hleypt. Í stað hefðbundinnar skyrgerðar með pokasíun er skyr nú almennt framleitt með þrýstisíun, en hjá Biobú er skyrið framleitt með gömlu aferðinni, pokasíun. Nýja skyrið frá Biobúi þykir einstakt lostæti og ekki spillir fyrir að það er lífrænt og bráðholt fyrir kroppinn.

*Heimild: biobu.is*







Maður lifandi...
líttu þér nær
á næstu grösum
er grænn kostur fyrir þig

Bændur í bænum
*Lífrænn ferskvörumarkaður og netverslun*
*Grænmeti - Ávextir - Mjólkurvörur*




graenihlekkurinn.is - Nethyl 2c
Opið alla virka daga milli 12 - 18



„Aðalatriðið er að sjá hlutina í svolítið stóru samhengi," segir Martha sem kveðst varla muna hvenær hún hóf sinn lífræna lífsstíl. Hann hafi komið smátt og smátt. MYND/BB

# Gott innlegg til framtíðar

**Martha Ernstsdóttir er á hlaupum í Seljalandsdal við Ísafjörð þegar hún svarar símanum og er spurð út í sinn lífræna lífsstíl. Hún labbar upp að skíðaskálanum og leysir frá skjóðunni.**

„Ég geng eins langt í lífrænum lífsstíl og ég hef möguleika og þekkingu á. Svo læri ég æ meira með árunum og reyni stöðugt að bæta mig," segir Martha og kveðst borða sem mest innlend matvæli og helst lífræn. „Einnig kaupi ég vörur merktar Fair Trade sem þýðir að bak við þær séu sanngjörn viðskipti en hvorki arðrán né barnaþrælkun," segir hún og nefnir sem dæmi hrásykur frá Dansukker. Hún leggi sig líka fram um að nota sem minnst af umbúðum. „Mér blöskrar alveg umbúðanotkun okkar Íslendinga. Þar má taka ærlega til. Það er svo mikið sorp sem af umbúðunum hlýst," bendir hún á. „Lífrænn lífsstíll felst meðal annars í því að bera virðingu fyrir náunganum og umhverfinu, hvernig maður talar til fólks og hvernig maður gengur um. Þetta er allt hluti af því að menga ekki í kringum sig. Ég hugsa dæmið þannig."

Martha kveðst hafa þróað sinn lífræna lífsstíl lengi. „Vinkonur mínar segja að sem unglingur hafi ég verið heilsufrík sem borðaði grænmeti. Það hefur verið ómeðvitað því ég man ekkert eftir því. Ég ólst reyndar upp við að borða baunir en mamma segir að það hafi einkum verið af því að þær voru ódýrar," rifjar hún upp og mælir ekki með því að fólk breyti neysluvenjum sínum á einum degi heldur byrji smátt og smátt að huga að umhverfinu. Til dæmis á því að kaupa brún egg af að því hænurnar sem verpa þeim gangi um frjálsar. „Svo gerist þetta hægt og rólega," fullyrðir hún og tekur sem dæmi að auðvelt sé að kaupa umhverfisvænt þvottaefni í heilsubúðum. Það hafi hún gert í mörg ár. „Hreinsivörur fara út í náttúruna og berast með höfunum út um allan heim. Maður þarf að taka þetta allt með í reikninginn."



Martha kaupir vörur merktar Fair Trade sem þýðir að bak við þær séu sanngjörn viðskipti.

Martha hefur búið á Ísafirði í tvö ár og segir það mjög notalegt. Þó geti verið erfitt að ná í lífrænan mat þar. „Það fer þó skánandi, hægt og bítandi. Bæði Bónus og Samkaup eru að auka við sig lífrænum vörum, hægt og rólega," segir hún og upplýsir að áður en hún flutti vestur hafi hún búið í nágrenni Melabúðarinnar og því verið góðu vön. En er ekki dýrara að borða það sem er unnið á svona vandaðan hátt eins og lífrænt framleiddar vörur? „Þegar upp er staðið held ég það sé ekki dýrara. Ég hugsa líka dæmið þannig að þó þetta sé dýrara núna þá sé það innlegg til framtíðar og skili betri heilsu og heilnæmara umhverfi. Aðalatriðið er að sjá hlutina í svolítið stóru samhengi."

gun@frettabladid.is



● **VISTVÆNAR HREINLÆTISVÖRUR** Úrval af vistvænum og umhverfisvottuðum hreinlætisvörum hefur stóraukist síðustu árin enda meðvitund um umhverfið og skaðleg áhrif hreinsiefna á það mun meiri en áður. Efnin hverfa nefnilega ekki þótt þeim sé sturtað niður heldur enda þau í hafinu. Allra öruggast er að forðast notkun óþarfa hreinsiefna og nota litla skammta þegar nauðsynlegt er að nota efni. Vistvæn hreinsiefni fást orðið nokkuð víða, í heilsuverslunum með lífrænan mat til að mynda. Mikill árangur næst þó með því að nota einfaldlega góðan klút og náttúruleg efni svo sem salt og edik.

# Matarvenjur kannaðar

Könnun á mataræði þjóðarinnar mun fara fram næstu daga. Að könnuninni standa Lýðheilsustöð og Matvælastofnun í samvinnu við Rannnsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands. Hólmfríður Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri næringar á Lýðheilsustöð, segir mikilvægt að fylgjast með mataræði þjóðarinnar reglulega.

„Við byggjum okkar starf varðandi ráðleggingar og fræðslu á slíkum könnunum og því er mikilvægt að fá öruggar og ábyggilegar upplýsingar. Heilsa hverrar þjóðar ræðst að miklu leyti af lífsháttum og þar er mataræði áhrifamikill þáttur. Niðurstöður könnunarinnar munu því nýtast við lýðheilsustarf og fyrir matvælaframleiðslu og matvælalöggjöf í landinu."

Hliðstæð könnun var síðast gerð árið 2002. Þar áður var mataræði þjóðarinnar kannað árið 1990 og höfðu orðið talsverðar breytingar á þeim tíma. Neysla á mjólk, fiski og kartöflum hafði minnkað en neysla á gosdrykkjum, vatni, grænmeti og ávöxtum hafði aukist. Eins hafði neysla á brauði, morgunkorni og pasta aukist. Neysla á kjöti hafði heldur aukist en þó hafði neysla á rauðu kjöti dregist saman en neysla á kjúklingi aukist.

Aðspurð segir Hólmfríður að reikna megi með að neysluvenjur og mataræði þjóðarinnar hafi breyst síðustu átta ár. Ómögulegt sé þó að segja um á hvaða hátt, nýjar tegundir matvara komi reglulega á markað en auk þess hafi efnahagsástandið sitt að segja. Hún segir framboð á matvælum gefa vísbendingar um þróun en segja ekki til um neysluvenjur fólks, því sé mikilvægt að kanna mataræðið reglulega.



Hólmfríður Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri næringar á Lýðheilsustöð, segir mikilvægt að fylgjast með matar- og neysluvenjum þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bréf með beiðni um þátttöku verða send til um tvö þúsund manns á aldrinum 18-80 ára en könnunin sjálf fer fram símleiðis. Hólmfríður vill hvetja fólk til þátttöku og stuðla þannig að því að fræðslustarf á sviði manneldis og matvælaöryggis byggist á traustum upplýsingum. Nánar á www.lydheilsustod.is. - rat



● **LÍFRÆNIR BÆNDUR** Fram um miðja 20. öldina var íslenskur landbúnaður lífrænn í flestu tilliti miðað við þær reglur sem gilda nú um þá búskaparhætti. Fyrsti viðurkenndi lífræni búskapurinn hófst að Sólheimum í Grímsnesi upp úr 1930. Áhugi á lífrænum búskap fór vaxandi upp úr 1990 en sú vakning var þó tíu til fimmtán árum á eftir þróuninni í flestum nágrannalöndunum.

Þegar VOR – verndun og ræktun, félag bænda í lífrænum búskap, var stofnað í Bændahöllinni 26. apríl 1993 voru framleiðendur lífrænna búvara sjö að tölu en um aldamót voru þeir orðnir um 40 að meðtöldum vinnslustöðvum.

Upplýsingar af www.bondi.is.

Náttúrulega frábært te

CLIPPER
NATURAL, FAIR & DELICIOUS



**Fíflate**
Gott fyrir meltingu og hreinsar nýrun, lifur og bris. Minnkar brjóstsviða og er vatnslosandi.



**Rauðrunnate**
Náttúrulega koffínlaust, ríkt af andoxunarefnum og hefur róandi áhrif á magann. Hentar börnum sem fullorðnum.



**Netlute**
Talið hreinsandi fyrir blóð og er gott fyrir þá sem þjást af frjókornaofnæmi. Jafnar blóðsykur og gott fyrir gigtarverki.



**Grænt te**
Ríkt af andoxunarefnum og hefur jafnframt hreinsandi áhrif. Inniheldur koffín. Einn bolli á dag er talin öflug forvörn gegn ýmsum kvillum og sjúkdómum. Inniheldur koffín.



**Hvítt te**
Mjög ríkt af andoxunarefnum. Það er minnst unnið og því talið næringarmeira en önnur te. Talið er að hvíta teið búi yfir enn öflugri heilsubætandi eiginleikum en önnur te. Það er einnig koffínminna en annað te.

Te er einn mest gefandi drykkur sem líkaminn getur fengið. Verðið kemur þér á óvart.

Þú færð gott úrval af CLIPPER í verslunum um allt land.

Yggdrasill

# Spáð fyrir um fjölgun ristilkrabbameina

**Tilfellum ristilkrabbameina í Bretlandi gæti fjölgað um 50 prósent á næstu 30 árum.**



Helstu áhættuþættir ristilkrabbameins eru hreyfingarleysi og offita.

Greint er frá því í tímaritinu European Journal of Cancer að vísindamenn spái því að tilfellum ristilkrabbameina í Bretlandi fjölgi úr 23 þúsundum nú, í 35 þúsund árið 2040.

Í rannsókninni voru notuð gögn frá sjö löndum til að spá fyrir um fjölgun krabbameina miðað við öldrun íbúa.

Útbúið var tölvulíkan sem getur spáð fyrir um fjölgun ristilkrabbameina miðað við ólíkar aðstæður. Tveir helstu áhættuþættir ristilkrabbameins eru hreyfingarleysi og offita. Ef offitutölur haldast jafnar í Bretlandi eru líkur á að tilfellum fjölgi í 35 þúsund árið 2040 eða um 50 prósent.

Ef offitan verður meiri í landinu og nálgast það sem hún er í Bandaríkjunum er líklegt að vandamálið verði enn meira og að tilfellin verði 37 þúsund eftir þrjátíu ár.

Ef Bretar skyldu nú verða heilsumeðvitaðri, á borð við Hollendinga sem standa hvað best, er líklegt að tilfellin yrðu 2.000 færri en ætlað var.

Önnur rannsókn sem kom út á svipuðum tíma sýnir að ekki aðeins of feitt fólk er í hærri áhættuflokki. Einnig þeir sem ekki þykja of feitir en beri fituna mest um sig miðja. Hver tomma (2,54 cm) sem bætist við mittismálið þýðir tveggja prósenta meiri hættu á ristilkrabbameini. *- sg*

Ef teygjum er sleppt eftir stífa þjálfun er hætt við því að vöðvarnir styttist. Styttist vöðvar tapast kraftur. Stytting í vöðva þýðir að sá vöðvi sem vinnur á móti honum verður veikburða.



**Heimild: www.doktor.is**

# Þétt handtak tengist langlífi

**Styrkleiki handtaks gæti sagt til um hversu lengi einstaklingur mun lifa.**

Vísindamenn við háskóla í London báru jafnvægi eldra fólks, styrkleika handtaks þeirra og getu til að standa upp úr stól saman við dánartíðni. Kom í ljós að þeir sem stóðu sig best í prófunum voru líklegri til að lifa lengur, en frá þessu er greint í British Medical Journal.

Rannsóknin var framkvæmd af „Unit for Lifelong Health and Ageing". Þar voru dregnar saman niðurstöður úr þrjátíu eldri rannsóknum sem tóku til tugþúsunda manna og báru saman líkamlegt ástand og dánartölur.

Rannsakendur fundu að dánartíðni var 67 prósentum hærri hjá fólki með veikt handtak miðað við þá sem voru með þéttasta handtakið.

Einnig kom í ljós að þeir sem gengu hægast voru þrisvar sinnum líklegri til að deyja fyrr miðað við þá sem gengu hraðast.

Þeir sem hægast risu upp úr stól voru helmingi líklegri til að deyja fyrr miðað við þá sem sneggstir voru að standa upp.

Vísindamennirnir vonast til að einföld próf á borð við þessi geti gefið læknum vísbendingar um hverjir séu í hættu. *- sg*



Vísindamennirnir komust að því að dánartíðni var 67 prósent hærri hjá fólki með veikt handtak miðað við þá sem voru með þéttasta handtakið.


Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
TT námskeið



Viltu ná kjörþyngd og komast í form?

**Ný námskeið hefjast 3. október**
**Innritun hafin í síma 581 3730**

TT námskeiðin okkar sívinsælu, frá toppi til táar, miðast við að veita konum leiðsögn um lífshætti sem skila árangri. Þau byggjast á áralangri reynslu og fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsbeitingu, fundi, vigtun og mælingar.

TT námskeiðin standa yfir í sex vikur. Þrjá tíma í viku er stunduð markviss líkamsrækt sem eflir þol og styrk og tekur mið af einstaklingsbundinni getu. Vigtað er í hverjum tíma og mælingar gerðar þrisvar á tímabilinu. Fundur er haldinn einu sinni í viku. Við veitum persónulega þjónustu í notalegu umhverfi þar sem algjör trúnaður ríkir.

**TT tímar í boði:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 6:15 | A | mánu-, miðviku- og föstudagar | ÖRFÁ PLÁSS | |
| 7:20 | C | mánu-, miðviku- og föstudagar | | |
| 10:15 | D | mánu-, miðviku- og föstudagar | | Barnapössun |
| 12:05 | F | mánu-, miðviku- og föstudagar | | Barnapössun |
| 14:20 | G | mánu-, miðviku- og föstudagar | | |
| 16:40 | H | mánu-, miðviku- og föstudagar | FULLBÓKAÐ | Barnapössun |
| 17:40 | I | mánu- og þriðjud, fimmtud 18:25 | | Barnapössun |
| 18:40 | J | mánud, - miðvikud 19:25 og lau 8:30 | | |
| 18:25 | TT3 | Mánu- og miðvikud - (16-25 ára) | FULLBÓKAÐ | |

**Námskeið hefjast 3. október.** Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 3. október kl. 16:00 og 17:00. Námskeiðum fylgir frjáls mæting í tækjasal!

Ósóttar pantanir seldar frá 29. september. Næsta námskeið hefst 14. nóvember.

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





**Helena Bæringsdóttir**
löggildur fótaaðgerðarfræðingur er komin til starfa

Mizu er alhliða snyrtistofa. Hjá okkur er m.a. einnig boðið upp á höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð og nudd.

Við erum með rafrænt bókunarkerfi og því hægt að panta beint á netinu.

Kíkið á síðuna okkar mizu.is. Frábær tilboð.

Mizú
SNYRTI- NUDD OG FÓTAAÐGERÐASTOFA
Borgartúni 6 • 105 Reykjavík • sími 551 1050 • www.mizu.is



Best ThaiFood 2010
na na thai
Thai Restaurant & Store
YUMMI YUMMI



na na thai
Thai Restaurant & Store
Skeifan 4, á móti BT

MSG
www.yummiyummi.net
September
10% afsláttur af núðlusúpu á
„Yummi Yummi is Indeed, Yummy"
The Reykjavik Grapevine
YUMMI YUMMI
Yummi Yummi Hverfisgötu 123
Breyttur opnunartími 11:30 – 22:00

## Atvinna

DOMTI

**Lágvöruverslunin Domti Nordica sem mun opna á Íslandi, Smáratorgi 1 óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf;**

- Kassastarfsmenn í 100% starf. Vinnutími 11–19.
- Hlutastörf um helgar.

Upplýsingar í síma 774 2505
eða á domti@domti.is

## Tilkynningar



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

býður upp á 12 spora starf í vetur. Tækifæri til að taka til í vistaverum hugans og uppskera aukin lífsgæði bæði félagslega og tilfinningalega.

Kynningarfundur verður haldinn í kirkjunni í kvöld, 21. september kl. 20:00–22:00.

Fundirnir verða á þriðjudagskvöldum í vetur.
Nánari uppl. www.viniribata.is og www.frikirkjan.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

**Innréttingar**
Smíða innréttingar í hesthús, einnig útigerði, hringgerði, uppsetning öll almenn járnsmíði, gott verð. Uppl. í síma 869 6690 Aðalsteinn.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

50 fm. 2.herb íbúð á sv. 101 til leigu nú þegar ásamt öllum húsbúnaði. Uppl. í s. 898 1492 eftir hádegi.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

ROOM F/RENT W/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 / 111 BREIÐHOLT 8973611

Herb. miðb. rvk, húsg. fylgja. Verð 40 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

3 herb. íb. til leigu í grafarv. einnig sófasett og sófaborð til sölu uppl: 848 8360.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3-4 herbergja íbúð í ein/tvíbýli í Foldahverfinu, Grafarvogi helst fyrir áramót. S. 699 5049.

Fjögurra manna fjölskylda óskar eftir íbúð/húsi á svæði 108 (nálægt Breiðagerðisskóla) lágmark 4 herbergja. Uppl í síma 6944666

## Húsnæði til sölu

FlóttaKONA ! VÁ ! Auglýsir íbúð til sölu. Í toppstandi að sögn fagmanna. Um er að ræða eign á Ísafirði. Selst með matarleyfum , á það sem á henni hvílir + flutningskostnaður. Upplýsingar í síma 661 6535

## Atvinnuhúsnæði

Lítill/meðalstór skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut og Ármúla Hagstætt verð og gott útsýni. Uppl: 899 3760.

til leigu einbýlishús i vesturbæ kópavogs 5herb 150fm2 upplýsingar hjá leiga1@visir.is

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**Geymslupláss!**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5.000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Vertargeymslur**
Geymdu gullin þín í Gónhól pöntun 771 1936 gonholl.is

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564 6501.

## Gisting

Gisting Akureyri - Gista.is. Íbúðir í göngufæri við miðbæ. Lín og þráðlaust net. S. 694-4314.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí - Mosfellsbæ.**

**Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til starfa í afgreiðslu í verslun okkar í Mosfellsbæ.**

**Vinnutími er virka daga frá 13:00-18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 5666145, 6602155 eða á staðnum. Einnig er hægt að senda inn umsókn á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/umsókn.asp**

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí - Reykjavík.**

**Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til starfa í afgreiðslu í verslun okkar á Háaleitisbraut 58-60.**

**Vinnutími er virka daga frá 13:00-18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Áhugasamir geta sótt um á heimasíðunni okkar, slóðin er www.mosfellsbakari.is/ umsókn.asp**

Vana vélamenn með réttindi, einnig vana mótasmiði óskast til starfa í Noregi norðurlandamál æskilegt góð laun og húsnæði arbeidssoker@vktas.no s. 004797063983.

**!! AVON !!**
Við hjá AVON óskum eftir sölufulltrúum um allt land við sölu á snyrtivörum. Nánari upplýsingar í síma 577-2150 Avon@avon.is

Ertu dugleg(ur) og viltu stjórna þínum vinnutíma? Uppl. í s. 773 6099.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Ný upptaka hjá Rauða Torginu! Dimmrödduð, svolítið hás ung kona í gríðarlegu stuði hljóðritaði sjálfa sig í mikilli fantasíu þar sem þú(!) kemur við sögu Þú heyrir upptökuna hjá Kynl. sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8184.

46 ára kona sem á sitt eigið hús, leitar að sambandi við rafvirkja, smið, pípara, málara, o.sv.frv. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8249.

Kona í miklu stuði sem horfir gjarnan á bláar með dótið sitt við hendina, vill kynnast karlmanni. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8940.

## Fasteignir

**heimili FASTEIGNASALA**



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
lögg. leigumiðlari

**Sími 530 6500**
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson
löggiltir fasteignasalar



**Silfurteigur - 4ra herb.**
Nýkomin í sölu falleg íbúð á efri hæð. Glæsilegt stórt eldhús. Tvö - þrjú herbergi. Björt stofa með útgengi út á suðursvalir. Parket og flísar á gólfum. Íbúðinni fylgir einnig hlutdeild í tvöföldum bílskúr. Frábær staðsetning. **Verð 22,5**



**Klapparstígur - 3ja herb.**
Stórglæsileg 105 fm íbúð á 4. hæð í góðu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Fallegar innréttingar og gólfefni og mikið útsýni. **V. 37,0 m.**



**Álftamýri - með bílskúr.**
Mjög góð 2ja herbergja íbúð á 1. hæð ásamt bílskúr. Eignin er laus fljótlega.
**V. 16,9 m.**



**Berjavellir - 4ra herbergja.**
Vönduð og vel skipulögð 130 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. 3 stór svefnherbergi og fallegar innréttingar.
**100% lán**



**Hlíðarvegur Kóp.**
Glæsileg um 190 fm eign á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Allt fyrsta flokks. Fjögur góð svefnherbergi, tvennar svalir, 60 fm sólpallur. og einstakt útsýni.



**Hjallahlíð - Mos**
. Efri hæð ásamt bílskúr í Permaformhúsi. Sérinngangur og þrjú svefnherbergi. Stórar suðursvalir. Parket á gólfi. Vel staðsett eign þar sem stutt er í skóla, sundlaug og aðra þjónustu.



Hamravík - einbýli.
Fallegt og vandað 240 fm hús með innbyggðum bílskúr. Frábær bakgarður, sólpallar, heitur pottur, einstök staðsetning og frábært útsýni og gönguleiðir.
**V. 69,0m.**



**Ásakór - 3ja herbergja.**
Fallega 100 fm íbúð á jarðhæð ásamt stæði í bílskýli. Timburverönd í sérgarði.
**V. 23,9 m.**



**Sumarhús í Oddsholti**
Fallegt og vel byggt 50, fm sumarhús á 7700 fm eignarlandi. 200 fm sólpallur í kringum húsið.



**Selbrekka - Tvær íbúðir.**
Mikið endurnýjað 230 fm einbýlishús með 2ja herbergja aukaíbúð á neðri hæð. Nýlegar innréttingar og golfefni, raf- og pípulagnir. Góður garður, sólpallur með heitum potti. **V. 57,0m**



**Laugarnesvegur.**
Góð 90 fm íbúð á 2 hæð í fallegu sjö íbúða fjölbýli byggðu 1985. Tvö góð herbergi og góðar suðursvalir.
**V. 21,0 m.**



**Gullengi - 5 herbergja.**
Falleg opin og björt 140 fm endaíbúð á 3. hæð. Sérinngangur, stórar svalir. mikið útsýni og vel innréttuð.
**V. 32,9 m.**



**Laugavegur - 2ja herb. .**
Mikið endurnýjuð 45 fm íbúð á tveimur hæðum. BNýtt eldhús og innréttingar að hluta. Góð eign í miðbænum.
**V. 12,9 m.**



**Bárugata - 2ja herb.**
Mjög vel staðsett og nýuppgerð björt og falleg 62 fm íbúð með sérinngangi. Garður í suður.
**V 19,9 m.**

**Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is**



RÖKKURRÓ Hljómsveitin heldur útgáfutónleika í Iðnó í kvöld.

# Útgáfutónleikar Rökkurró

Hljómsveitin Rökkurró gaf nýlega út sína aðra breiðskífu, Í annan heim, hjá 12 Tónum. Platan hefur fengið góðar viðtökur og hefur til að mynda verið ofarlega á Tónlistanum frá því að hún kom út.

Til að fagna útgáfunni blæs hljómsveitin til útgáfutónleika, en þeir fara fram í Iðnó í kvöld, og verður platan þar leikin í heild inni. Rökkurró mun fá ýmsa gesti sér til liðs við flutninginn, meðal annars strengjasveit og aðra hljóðfæraleikara. Það er hljómsveitin Of Monsters and Men sem sér um upphitun en sveitin sigraði í Músíktilraunum í ár.

Húsið verður opnað kl. 20.30 og hefjast tónleikarnir stundvíslega klukkan 21.

Forsala miða er í 12 Tónum Skólavörðustíg og kostar miðinn þar 1.000 kr en 1.200 krónur við innganginn. - jbá

# Fjöltyngi í hádeginu í HR

Háskólinn í Reykjavík heldur áfram þeim sið í vetur að halda tungumálaborð í hádeginu í vetur. Á tungumálaborðum geta nemendur, starfsmenn HR og allir þeir sem hafa áhuga á að þjálfa færni sína í einstökum tungumálum sest niður og spjallað um heima og geima á viðkomandi tungumáli. Í vetur verða tungumálaborð í eftirfarandi tungumálum: Ensku, spænsku, þýsku, frönsku, norsku, pólsku, finnsku og arabísku. Erlendir nemar við HR hafa verið duglegir að setjast við þessi borð og því gefst Íslendingum gott tækifæri til að spjalla við innfædda á þeim erlendu tungumálum sem þeir hafa einhvern tíma lært en hugsanlega haft takmörkuð tækifæri til að viðhalda kunnáttunni. Auk þess er þetta gott tækifæri til að kynnast ungu fólki sem er hingað komið til að kynna sér íslenska menningu og þjóð.

Tungumálaborðin verða í mötuneyti HR í Nauthólsvík á milli klukkan 12 og 13 á þriðjudögum og verður haldin í fyrsta sinn í dag. Hvert borð verður merkt sínu tungumáli.



HR Í Háskólanum í Reykjavík verður hægt að bæta tungumálakunnáttu sína í hádeginu í vetur.

# Söfnuðu peningum með tíu tombólum

„Við viljum hjálpa fátæku börnunum í Afríku,“ segja þær Ásdís Birna Þórarinsdóttir, Hafey Lilja Hreinsdóttir og Tinna Sif Aðalsteinsdóttir í kór þegar þær sýna blaðamanni Fréttablaðsins peningana sem þær hafa safnað undanfarið. Það er afrakstur af að minnsta kosti tíu tombólum sem þær hafa haldið síðustu mánuði en þessum þremur stúlkum í 3.-ÍAV í Rimaskóla er mjög umhugað um velferð fátækra barna úti í heimi.

Þær telja fram 5.360 krónur og tilkynna að fyrir slíka upphæð megi kaupa fullt af skólatöskum og bókum fyrir börnin í Afríku. Peningana gáfu þær stöllur svo til Hjálparstofnunar kirkjunnar. - sg



UMHYGGJUSAMAR Ásdís Birna Þórarinsdóttir, Hafey Lilja Hreinsdóttir og Tinna Sif Aðalsteinsdóttir.

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðmunda Þórarinsdóttir,**
Prestastíg 9, Reykjavík,

lést á heimili sínu laugardaginn 18. september. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 28. september kl. 13.00. Fyrir hönd aðstandenda,

**Bragi Stefánsson**
**Sigrún B. Bragadóttir Barba** — **Thomas M. Barba**
**Garðar Bragason** — **Prapha Bragason**
**Hólmfríður Bragadóttir**
**Bragi Þór Bragason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður, bróður, afa og langafa,*

**Hauks Haraldssonar**
mjólkurfræðings frá Húsavík,
Mýrarvegi 115, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir umhyggju og hlýju.

**María Sigríður Þórðardóttir**
**Guðný María Hauksdóttir**
**Jóhannes Haukur Hauksson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir, mágkona og dóttir,*

**Guðrún Sigurðardóttir**
Kirkjuvegi 1, Keflavík,

er látin. Útför verður frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 27. september kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Þroskahjálp á Suðurnesjum.

**Erna Sigurðardóttir**
**Elísabet Murray** — **Brian Murray**
**barnabörn,**
**Hrefna Sigurðardóttir** — **Rúnar Benediktsson**
**Svava Sigurðardóttir** — **Ævar Ingi Guðbergsson**
**Sigurður Halldórsson**

---



*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur vináttu, hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ragnheiðar Björnsdóttur.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Dvalarheimilisins Höfða fyrir umönnun, nærgætni og hlýju.

**Skarphéðinn Árnason**
**Sigurbjörn Skarphéðinsson** — **María Karlsdóttir**
**Sigrún Birna Skarphéðinsdóttir** — **Pétur Örn Jónsson**
**Aðalheiður Skarphéðinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óli Fossberg Guðmundsson,**
Túngötu 2, Eskifirði,

lést laugardaginn 18. september.

**Bára Guðmundsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Marinó Samsonarson**
handritafræðingur, áður Melhaga 11,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 16. september. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 24. september kl. 15.00.

**Heiðbrá Jónsdóttir** — **Einar Baldvin Baldursson**
**Svala Jónsdóttir**
**Hildur Eir Jónsdóttir** — **José Enrique Gómez-Gil Mira**
**Sigrún Drífa Jónsdóttir** — **Árni Sören Ægisson**
**Soffía, Helga, Baldvin, Jón, Íris Eir, Sóley Margrét, Rósa og Eiður Ingi.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,*

**Lundfríðar Guðrúnar Magnúsdóttur,**
Hálsum, Skorradal.

**Hulda Þorsteinsdóttir** — **Pétur Haraldsson**
**Trausti Ingólfsson** — **Kristín Árnadóttir**
**Ingibjörg Ingólfsdóttir** — **Aðalsteinn Vilbergsson**
**Runólfur Ingólfsson** — **Samruai Chimchan**
**Þórunn Ingólfsdóttir** — **Kristinn Ásgeirssson**
**Pálmi Ingólfsson**
**barnabörn, langömmubörn og systkini hinnar látnu.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Auður Waagfjörd Jónsdóttir**
frá Garðhúsum, Vestmannaeyjum,

sem lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 15. september, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 22. september klukkan 15.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á fjáröflunarsjóð Þorgerðar I.O.O.F. til líknarmála kt: 691093-3609 reikn.nr. 0526-14-100860.

**Kristinn Jörundsson** — **Steinunn Helgadóttir**
**Kristín Bára Jörundsdóttir** — **Eiríkur Mikkaelsson**
**Jón Sævar Jörundsson** — **Rita Arnfjörð Sigurgarðsdóttir**
**Alda Guðrún Jörundsdóttir** — **Jóhann Hlöðversson**
**Anna Sigríður Jörundsdóttir** — **Bjarni Kristinn Jóhannsson**
**Jörundur Jörundsson** — **Áslaug Hreiðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** Listastefna, **6.** í röð, **8.** námsgrein, **9.** prjónavarningur, **11.** ónefndur, **12.** málum, **14.** ósannindi, **16.** kúgun, **17.** æxlunarkorn, **18.** fát, **20.** karlkyn, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sleipur, **3.** frá, **4.** land í Evrópu, **5.** tál, **7.** gramur, **10.** stykki, **13.** ískur, **15.** drykkur, **16.** einatt, **19.** svörð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dada, **6.** áb, **8.** fag, **9.** les, **11.** nn, **12.** litum, **14.** skrök, **16.** ok, **17.** gró, **18.** fum, **20.** kk, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT: 1.** háll, **3.** af, **4.** danmörk, **5.** agn, **7.** beiskur, **10.** stk, **13.** urg, **15.** kókó, **16.** oft, **19.** mó.






# Guð vors lands

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**

Er þjóðsöngur Íslendinga úreltur? Ýmsir félagsfræðingar, t.d. Robert Bellah, hafa sýnt að þjóðsöngvar gegna ekki aðeins almennu stemnings- og samstöðuhlutverki, heldur líka trúarlegu hlutverki. Gildir einu hvort sem texti þeirra vísar til Guðs, trúarstefs eða ekki. Þetta hlutverk varðar helgun og fullgildingu þjóðar.



**FLESTIR,** sem ekki eru algerlega trúarlega laglausir eða ljóðrænt flatir, geta skynjað eða tengst einhverju í texta „Ó, Guð vors lands". Skáldpresturinn Matthías Jochumsson orti svo vítt og breitt að múslimar, hindúar, kristnir og efahyggjumenn geta samsinnt boðskap þjóðsöngsins einmitt vegna breiddar og kredduleysis hans. Vegna þessa er hann vel fallinn til að þjóna táknhlutverki þjóðsöngs, ekki síst á tímum trúarlegs fjölbreytileika.

**LAGIÐ** hæfir og þolir fangbreidd textans, sem flengist slysalaust frá kyrru hins titrandi társ til skartsækinna sólkerfa, sem raða sér í krans! Í fátæku samfélagi varð söngur, lag og hátíð til að lyfta draumum, vonum og tilfinningum. Íslendingar gátu þrátt fyrir allt spunnið úr sögu, náttúru og möguleikum eitthvað rismikið, öflugt og seiðandi. Öndvert öllu oflæti fyrr og síðar er í þjóðsöngnum líka minnt á forgengileika og skammæi lífsins. Þar er tjáð viska um líf, gildi, fegurð og samtengingu alls sem er. Þar er margt til að meta og læra.

**Í SKYNDIYFIRHEYRSLUM** fjölmiðla er fólk stundum spurt hvort það kunni þjóðsönginn. Flestir kunna fyrsta erindið, en fæstir tvö þau seinni. Raunar er fyrsta erindið rismest, flýgur hæst og dýpst. En síðari erindin dýpka stef og vinna úr hugmyndum. Þar er jafnvel að finna sorgarvinnu sem heppnast (lestu öll erindin og íhugaðu hve veröldin lýsist og stefnan til gæðalífs styrkist).

**ÞJÓÐSÖNGURINN** hentar illa til rútusöngs og drykkjubreims. Það er kannski ekki löstur heldur beinlínis kostur! Hinar glaðværu stundir kappleikja þarfnast ekki þjóðsöngs, heldur fremur einfalds texta og grípandi lags, n.k. barnasöngva. Þjóðsöngvar eru almennt leiknir við upphaf millilandakeppna og alþjóðamóta. Á þeim stundum raula eða muldra leikmenn með, en engar kröfur eru gerðar til þeirra að syngja þá hástöfum og í heyrandi hljóði. Texti „Ó Guð vors lands" á slíkum stundum er ljómandi og getur enda hvatt menn til dáða. Hver kynslóð velur sér hvatningartexta og syngur þá. Tíska breytist og hver tíð á sér söngva og lög, sem henta breytilegum smekk. En þjóðsöngurinn er klassík, bæði lag og texti. Og einkenni á klassík er að hið klassíska þolir og lifir af nag tímans. Þjóðsöngurinn er fullgildur.












## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HLÝJA Í LÖNGU FRÍMÍNÚTUNUM OG Á LEIÐINNI HEIM.

**MAGNI** - Jakki

POLARTEC®
Classic 300

Auka rennilás í hálsmáli fyrir meiri þægindi. Leðurflipi á rennilás með hömruðu lógói.

Flískantur að innanverðu sem kemur í veg fyrir ertingu frá rennilásum.

Ísaumað rammíslenskt munstur á öxlum.

Sérmótað snið á olnbogum auðveldar hreyfingu.



Stór renndur vasi til að hlýja sér í eða fela fundna fjársjóði.

Hlýr, mjúkur og endingargóður flísjakki. Andar vel og þornar fljótt.

**Stærðir:** 92 – 164 **Litir:** hvítur, rauður og dökkblár **Verð: 12.800 kr.**

Skoðaðu **Magna** og allt úrvalið af skólafatnaði í verslunum okkar.

**Höfuðborgarsvæðið:** Bankastræti 5,
Faxafen 12, Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11
**Akureyri:** Glerártorg
**Keflavík:** Leifsstöð og **söluaðilar um allt land**

**www.66north.is**

**Klæddu þig vel**

# menning

menning@frettabladid.is

**ORÐIN STANDA** Leikhúsútgáfa útvarpsþáttarins Orð skulu standa verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu í kvöld. Stjórnandi „þáttarins“ er Karl Th. Birgisson og með honum liðsstjórarnir Davíð Þór Jónsson og Hlín Agnarsdóttir, auk tónlistarstjórans Pálma Sigurhjartarsonar. Vel valdir gestir verða breytilegir frá einum þætti til annars. Listrænn stjórnandi er Hilmir Snær Guðnason.

## Gróska í Selinu

Tvennir tónleikar verða í Selinu á Stokkalæk á næstunni. Á fimmtudag halda þeir Benedikt Kristjánsson tenór og Miklos Dalmay píanóleikari tónleika þar. Þeir munu flytja lög eftir Karl O. Runólfsson og Dichterliebe eftir Robert Schumann. Næstkomandi sunnudag er komið að þeim Rut Ingólfsdóttur fiðluleikara og Richard Simm píanóleikara. Á efnisskránni eru lög eftir Árna Björnsson, Wolfgang Amadeus Mozart, Ludwig van Beethoven og César Frank.

Aðgangseyrir er 2.000 krónur og verða veitingar á tónleikunum. Miðapantanir eru í síma 4875512 og 8645870.




Elísa Anna
hefur hafið störf
á snyrtistofunni
Salon Ritz
laugarvegi 66.

Gamlir sem nýjir
viðskiptavinir velkomnir.
Salon Ritz snyrtistofa
Laugarvegi 66.
Sími 552-2460


# ENDURLIT TIL KÁRAHNJÚKA

**Umgengni mannsins við náttúruna er í brennidepli á ljósmyndasýningunni Aðflutt landslag eftir Pétur Thomsen, sem var opnuð í Listasafni Íslands fyrir helgi. Sýningin samanstendur af myndum sem sýna þær hrikalegu landlagsbreytingar sem fylgdu Kárahnjúkavirkjun.**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á sýningunni Aðflutt landslag eftir Pétur Thomsen eru 29 ljósmyndir sem spanna yfir þriggja ára tímabil. Pétur bjó erlendis þegar framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun hófust en vildi taka þátt í umræðunni um umhverfismál með einhverjum hætti.

„Það varð úr að ég ákvað að ráðast í það verkefni að fylgjast með og skrá mótun og breytingar sem urðu á landslagi Kárahnjúka á byggingartímanum og hið tímabundna landslag sem myndaðist þar.“

Frá 2003 til 2006 fór Pétur því reglulega til Kárahnjúka, eina til tvær vikur í einu, og myndaði breytingarnar sem urðu á landslaginu eftir því sem framkvæmdinni vatt fram. Af þeim aragrúa mynda sem hann tók á þessu tímabili valdi hann 29 sem nú eru til sýnis í Listasafni Íslands.

Myndirnar einkennast af sömu fagurfræðilegu nálgun, leitinni að ægifegurð. „Það var myndbyggingin sem ég lagði upp með,“ segir Pétur, „að leita að hinu ógnvekjandi í náttúrufegurðinni.“ Þótt Kárahnjúkavirkjun sé fullkláruð telur Pétur að myndasyrpan eigi jafnvel enn brýnna erindi í umræðuna nú en þegar umræðan um framkvæmdirnar var sem heitust.

„Þessar myndir eru hlutlægur vitnisburður um hvernig maðurinn umgengst auðlindir sínar og nýtir þær; hvernig tæknimenningin, með allri sinni nákvæmni og skipulagi, ræðst gegn óspilltri náttúrunni. Að því leyti er þessi sýning mikilvægt innlegg í umræðuna um umhverfismál, því virkjanaframkvæmdir eru fjarri því að vera útrædd hér á landi.“

bergsteinn@frettabladid.is

**PÉTUR THOMSEN** Fór reglulega á Kárahnjúka á þriggja ára tímabili og myndaði þær breytingar sem urðu á landslaginu eftir því sem framkvæmdinni vatt fram.






ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Fíasól
Sýningar alla laugardaga og sunnudaga.
Nánar á leikhusid.is | Sími miðasölu 551 1200



Grófbökuð lifrarkæfa
Hollusta á brauð
ÁN MSG
Ali


# Pitsa ryðst inn í lokaða veröld

Leikhús ★★★

**Pitsusendillinn**

**Sýnt í Faktorý, Smiðjustíg**

Höfundur: Elísabet Jökulsdóttir
Leikstjóri: Heiðar Sumarliðason

**Aðalhlutverk:** Þóra Karítas Árnadóttir, Magnús Guðmundsson, Hjörtur Jóhann Jónsson og Saga Garðarsdóttir.



Ný leikhús í gömlu umhverfi líta nú dagsins ljós nánast í hverri viku. Faktorý hét áður Grand Rokk og þar við hliðina á veitingastaðnum í sal með sætum og sófaröð kviknaði leikhús til lífsins á föstudagskvöldið þegar hópurinn sem kallar sig Fátæka leikhúsið réðist í að frumflytja verk eftir Elísabetu Kristínu Jökulsdóttur.

Fjórir leikarar sitja í ferköntuðu rými eins og þeir séu myndskreyting í bók eða hver og einn í sínu sjónvarpsstúdíói. Þessir fjórir leikarar haggast ekkert úr stöðum sínum allt verkið þótt ýmislegt komi þeim úr jafnvægi vægast sagt. Fjölskylda; mamma, pabbi og dóttir, búa á Melhaga í Reykjavík og virðist hafa einangrast þar algerlega frá öllu öðru lífi en samvistunum hvert við annað. Þau eru upptekin af kynórum um leið og þau niðurlægja hvert annað en þykjast þó þurfa hvert á öðru að halda. Allt í einu er dinglað (eins og það heitir núorðið þegar dyrabjöllu er hringt). Kominn er pitsusendill með sendingu sem enginn í þessari fjölskyldu kannast við, enda pantar enginn pitsu í þessari fjölskyldu. Dóttirin lifir í lokaðri veröld og er greinilega það sem foreldrarnir bæði hata og elska og helst vilja losna við, hvernig sem það kemur nú heim og saman. Engu að síður skapast samskipti milli hennar og sendilsins og svo tekur mamman yfir það samband meðan pabbinn vill helst flýja með móðurinni en einhvern veginn samt ekki. Leikurinn er uppbyggður af mónólógum frá hverju einu þeirra auk þess sem undirliggjandi hljóðmotta framkallar einhvers konar jarðskruðningahljóð eða eins og eldgos sé í uppsiglingu og magnar stemninguna í verkinu.

Þóra Karítas Árnadóttir fer með hlutverk hinnar hjólgröðu móður sem síðan viðurkennir að hafa ekki fengið neitt almennilegt út úr kynlífi sínu, alla vega ekki með eiginmanninum. Þóra Karítas hefur heillandi nærveru og einbeitingu fyrir utan að raddbeiting hennar er hér með skemmtilega dularfullum blæ. Hin innilæsta dóttir sem vill en vill þó ekki fara eða vera, er leikin af Sögu Garðarsdóttur sem enn er í leiklistarnámi við LHÍ. Saga hefur sterka útgeislun og sýndi fantagóða takta í fremur erfiðu hlutverki, einkum þegar hún var að reyna að útiloka vitleysuna í foreldrum sínum. Pabbann leikur Magnús Guðmundsson. Á tíma virtist hann vera orðinn svolítið leiður á að vera þessi pabbi en þegar á leið rjátlaðist sá leiði af honum. Kannski var föðurhlutverkið óskýrast af hendi höfundar? Pitsusendilinn lék Hjörtur Jóhann Jónsson. Hann er enn í skólanum og það verður mjög gaman að fylgjast með honum; hann er með húmoristíska áru sem hann er strax farinn að spila snilldarlega á.

Leikstjórinn virðist halda mjög vel utan um sitt fólk. Elísabet Kristín Jökulsdóttir les okkur leikstjórnarhlutann eða leiðbeiningar af bandi og eins lýkur hún verkinu með sömu aðferð, eins og um síðustu blaðsíðu bókar sé að ræða. Það rammaði ágætlega inn verkið. Þó svo að leikararnir hafi verið hverjum öðrum betri og virkilega gaman að sjá þetta efnilega fólk fara vel með texta, vaknar þó spurningin hvort textinn hafi verið nógu efnilegur. Og þó, kynórarar og innilokuð börn hjá misskildum foreldrum er kannski ágætis tilbreyting í hruna-hryjandanum. Smart sýning en framvinduna vantaði sem gerði að þetta varð fremur eins og sífelld endurtekning af sömu mynd.

Elísabet Brekkan

**Niðurstaða:** Smart sýning og vel leikin en heldur endurtekningarsöm.

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!



**67%**
Lesa bara Fréttablaðið

**5%**
Lesa bara Morgunblaðið

**27%**
Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir
**95%**
lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




**Allt sem þú þarft...**

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí - júlí 2010.

# Áhugi frá bandarískri útgáfu

Hiphop-hljómsveitin Original Melody er í viðræðum við lítið bandarískt útgáfufyrirtæki, Hartke Records, um að það kynni og dreifi nýjustu plötu hennar, Back & Forth, sem kemur út 1. október.

„Við erum að skoða þennan samning. Við ætlum að fara vel yfir þetta áður en við skrifum undir," segir Ívar Schram úr Original Melody. „Fyrirtækið er í Kansas. Þar var gæi sem fann okkur á netinu. Við áttum saman fund á Skype þar sem hann var að útskýra hvað hann vildi gera. Hann vill reyna að koma tónlistinni út fyrir landsteinana og byggja upp aðdáendahóp. Þetta er bara gaman og vonandi kemur eitthvað út úr þessu."



**ORIGINAL MELODY** Hljómsveitin er í viðræðum um að gefa út nýjustu plötu sína í Bandaríkjunum.

Stutt er síðan nýju plötunni var lekið á netið á bandarísku hip-hop-bloggsíðunni Thewordisbond.com. Ívari tókst sem betur fer að stöðva lekann. „Við bjuggum til síðu fyrir plötuna og þar átti hún að vera læst. Náungi á þessari bloggsíðu fann plötuna og póstaði á bloggið sitt. Þar sá ég að allt í einu voru mörg hundruð manns búnir að hlaða niður titillaginu," segir Ívar. „Ég sendi þeim póst og sagði þeim að þessi plata væri langt í frá ókeypis og bað þá um að taka hana út."

Back & Forth er fyrsta plata Original Melody síðan Fantastic Four kom út fyrir fjórum árum. Engir gestarapparar koma við sögu í þetta sinn. Einn gestur syngur þó á plötunni, Þorsteinn Kári Jónsson, sem söng með Hjaltalín í MH áður en sveitin sló í gegn. „Hann stóð sig fáránlega vel," segir Ívar. - fb



**HIN NÝJA AMIINA** Sex manna hljómsveitin Amiina gefur út plötuna Puzzle á miðvikudaginn. Útgáfutónleikar verða einnig haldnir á Nasa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Púsluðu saman nýrri plötu

**Hljómsveitin Amiina gefur út sína aðra plötu, Puzzle, á miðvikudag. Tveir karlkyns meðlimir hafa gengið til liðs við þessa fyrrum stúlknasveit.**

Önnur plata hljómsveitarinnar Amiinu, Puzzle, kemur út hérlendis á miðvikudaginn í samstarfi við Smekkleysu. Sama dag verða haldnir útgáfutónleikar á Nasa þar sem Sin Fang Bous hitar upp. Tveimur dögum seinna heldur sveitin síðan í tveggja vikna tónleikaferð um Evrópu.

Þrjú ár eru liðin síðan fyrsta stóra plata Amiinu, Kurr, kom út við góðar undirtektir. Síðan þá hefur margt gerst. Farið var í tónleikaferð með Sigur Rós 2008 auk þess sem tvö Amiinu-börn komu í heiminn.

Að auki hafa þau tíðindi átt sér stað að Amiina er ekki lengur stúlknasveit því tveir karlkynsmeðlimir hafa bæst í hópinn, trommarinn Magnús Tryggvason Elíassen og raftónlistarmaðurinn Guðmundur Vignir Karlsson (Kippi Kaninus). „Við fórum að vinna með Magnúsi 2007 þegar við vorum að túra með Kurri. Vorið 2008 héldum við síðan stóra tónleika í Hafnarhúsinu á Listahátíð Reykjavíkur og Vignir tók líka þátt í þeim tónleikum. Þá bjuggum við til ný lög og upp úr því urðum við í raun að þessari útgáfu af bandinu," segir María Huld Markan Sigfúsdóttir úr Amiinu. „Þetta er í rauninni þróun á því sem fyrir var. Hljómsveitin breytast og fara að gera öðruvísi tónlist. Okkur langaði til að þróast og halda áfram," segir hún og bætir við að nýja platan sé töluvert frábrugðin Kurri. Ryþmapælingarnar og raftónlistaráhrifin séu meiri en áður.

Spurð um nafnið á plötunni, Puzzle eða púsl, segir María það eiga sér eðlilegar skýringar. „Það er svolítið púsl að skipuleggja hljómsveit með sex manns með fjölskyldur, börn og skólagöngu," segir hún en fjórir meðlimir Amiinu eru í háskólanámi. „Líka hvernig við vinnum tónlistina því það gerist svolítið í skömmtum. Við púslum þessu svolítið saman og hendum á milli okkar hugmyndum. Hún er búin að púslast saman þessi plata í langan tíma."

Forsala miða á útgáfutónleikana á Nasa fer fram í Smekkleysu og á Midi.is. freyr@frettabladid.is





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GOING THE DISTANCE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| REMEMBER ME | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE GHOST WRITER | kl. 5:30 | VIP |
| STEP UP 3-3D | kl. 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| INCEPTION | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE OTHER GUYS | kl. 8 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| GOING THE DISTANCE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 10:10 | 12 |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 - 10:10 | L |
| STEP UP 3 | kl. 6 | 7 |
| REMEMBER ME | kl. 8 | 12 |
| GHOST WRIGHTER | kl. 10:10 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 650*
*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR, Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | kl. 3.30 - 6 - 8 - 10 | L |
| SUMARLANDIÐ LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D LÚX | kl. 10.10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 3.40 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 10.10 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | kl. 6 - 8.30 - 10.30 | L |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 8.30 - 10.30 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE FUTURE OF HOPE | kl. 6 | L |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | kl. 8 - 10 | L |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 6 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |

ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




TILBOÐ í bíó. Gildir á allar merktar sýningar.




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | 6, 8 og 10 - EKKI TILBOÐ | L |
| AULINN ÉG 3D | 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| DESPICABLE ME 3D | 8 og 10 - ENSKT TAL | L |
| THE OTHER GUYS | 5.50, 8 og 10.15 | 12 |





**IAN LIVINGSTONE** Forstjóri tölvuleikjafyrirtækisins Eidos heldur fyrirlestur á ráðstefnunni You Are In Control.

# Flestir tölvuleikir fjölskylduvænir

**Ian Livingstone, forstjóri tölvuleikjafyrirtækisins Eidos, heldur fyrirlestur á ráðstefnunni You Are in Control. Fréttablaðið ræddi við hann um Eve Online, ofbeldi í tölvuleikjum og framtíð iðnaðarins.**

Bretinn Ian Livingstone, forstjóri tölvuleikjafyrirtækisins Eidos, heldur fyrirlestur á alþjóðlegu ráðstefnunni You Are in Control sem verður haldin í fjórða sinn í Reykjavík dagana 1. og 2. október.

„Ég hlakka mikið til að koma til Íslands. Segðu mér aðeins frá Bláa lóninu,“ segir Livingstone sem er að koma hingað í fyrsta sinn.

Árið 1975 stofnaði Livingstone Games Workshop ásamt tveimur félögum sínum. Fyrirtækið tryggði sér söluréttinn á borðspilinu Dungeons & Dragons í Evrópu og hagnaðist vel á því enda leikurinn afar vinsæll. Árið 1981 samdi Livingstone gagnvirka ævintýrabók fyrir börn, Fighting Fantasy, sem sló í gegn og seldist í nærri sextán milljónum eintaka og var þýdd yfir á 27 tungumál. Næst fjárfesti hann í fyrirtækinu Dorkmar og samdi þar leikinn Eureka sem kom út 1984. Síðar meir var fyrirtækið eitt fjögurra sem runnu inn í Eidos Interactive sem fór á hlutabréfamarkað í London 1995. Það fyrirtæki hefur gefið út vinsæla tölvuleiki á borð við Tomb Raider, Hitman og Commandos.

### Undrandi á Eve Online

„Mér finnst mjög áhugavert að sjá hvert stefnir í leikjum á Netinu. Það sem hefur gerst á Íslandi með Eve Online er spennandi, rétt eins og leikir sem eru spilaðir á Facebook og á iPhone. Tæknin er að skapa fullt af nýjum tækifærum,“ segir Livingstone. Aðspurður segist hann hafa orðið mjög undrandi þegar hann frétti að Eve Online kæmi frá Íslandi. „Ég vissi ekki að það væri stór leikjaiðnaður á Íslandi. Það var gaman að heyra það. Þetta sýnir bara að leikir höfða til fólks úti um allan heim.“

Livingstone lítur björtum augum á framtíð tölvuleikja. „Hér áður fyrr var erfitt að spila tölvuleiki. Þeir voru gerðir af litlum hópi áhugamanna um tölvuleiki fyrir aðra áhugamenn. Á undanförnum árum hafa leikir orðið mun aðgengilegri fyrir stóran hóp fólks. Fólk getur spilað Wii í stofunni heima hjá sér eða Farmville á Facebook,“ segir hann.

En hver er eiginlega lykillinn að góðum tölvuleik? „Það er leikur sem er auðvelt að læra en erfitt að ná fullum tökum á.“

Sjálfur er hann mikill leikjakarl og spilar mikið í frístundum sínum. „Í hjarta mínu er ég stórt barn. Heima hjá mér eru tvö herbergi tileinkuð leikjum. Í öðru eru um eitt þúsund borðspil en í hinu eru tölvuleikir og stór kúluspil. Ég hef mjög gaman af því að spila.“

### 97 prósent leikja fjölskylduvænir

Mikið hefur verið rætt um ofbeldi í tölvuleikjum og hversu slæm áhrif það getur haft á ungdóminn. Livingstone segir mikilvægt að öflugt kerfi sé til staðar sem merki bannaða leiki. „Leikirnir sem eru gagnrýndir eru oftast bannaðir fyrir yngri en átján ára. Þetta eru leikir fyrir þroskaða einstaklinga. Í kvikmyndaiðnaðinum eru margar myndir bannaðar innan átján sem fólk talar ekkert um,“ segir Livingstone. „Fólk sem spilar ekki leiki heldur að einu leikirnir sem eru í boði séu ofbeldisfullir en staðreyndin er sú að aðeins 3 prósent leikjanna sem eru í boði eru bannaðir innan átján. Fólk hefur afbakaða mynd af því sem er búið til af leikjum því 97 prósent af þeim eru fjölskylduvænir. Þetta eru leikir eins og Wii Sports, Guitar Hero, Farmville og Doodle Jump á iPhone. Oftast er það fólk sem veit ekkert um tölvuleikjaiðnaðinn sem gagnrýnir þá fáu titla sem eru bannaðir yngri en átján ára.“

Hve langan tíma tekur að búa til einn tölvuleik? „Að gera einn stóran tölvuleik fyrir Playstation 3 og Xbox 360 tekur um tvö til þrjú ár. Um 150 til 200 manns búa hann til og kostnaðurinn er um 30 til 40 milljónir dollara (3,5 til 4,7 milljarðar króna). Það þarf mikla hæfileika til að búa svona leik til,“ segir Livingstone.

freyr@frettabladid.is



**TOMB RAIDER** Angelina Jolie sem Lara Croft í myndinni Tomb Raider, sem var byggð á samnefndum tölvuleik Eidos.

# Lokatónleikar Jónsa í Höllinni

Tónlistarmaðurinn Jón Þór Birgisson, eða Jónsi úr Sigur Rós, lýkur heimstónleikaferðalagi sínu á Íslandi í Laugardalshöllinni 29. desember.

Í byrjun apríl gaf Jónsi út sína fyrstu sólóplötu, Go, sem hefur hlotið lof gagnrýnenda um allan heim. Í kjölfar útgáfu plötunnar lagði Jónsi af stað í metnaðarfulla tónleikaferð um heiminn sem stendur enn yfir. Áður en Jónsi stígur á svið í Laugardalshöllinni mun hann ásamt hljómsveit hafa spilað á einum 99 tónleikum í Norður-Ameríku, Evrópu, Ástralíu og Asíu, þar á meðal tónlistarhátíðunum Coachella, Summer Sonic, Öya, Pukkelpop, Electric Picnic og Bestival.

Tónleikaferðin hefur vakið mikla eftirtekt enda hefur Jónsi ferðast um með afar vandaða sviðsmynd. Jónsi leitaði til framleiðslufyrirtækisins 59 Productions og ljósahönnuðarins Phil Eddolls í London við hönnun hennar. 59 Productions hafa m.a. unnið fyrir ensku óperuna, enska þjóðleikhúsið, Metropolitan-óperuna í New York og listahátíðir í Evrópu.

Forsala á tónleika Jónsa hefst á fimmtudaginn kl. 10.00 á Midi.is og afgreiðslustöðum Mida.is. Jónsi hefur ákveðið að gefa 300 unglingum á aldrinum 13 til 16 ára tækifæri til að komast á tónleikana á miðaverði sem þeir ráða við, eða 1.000 kr. Annars kostar miðinn 3.900 og 4.900 krónur.



**JÓNSI** Jónsi lýkur heimstónleikaferðalagi sínu á Íslandi í Laugardalshöllinni 29. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**11 LEIKMENN** í liði 21. umferðar Pepsi-deildar karla hjá Fréttablaðinu eru: Óskar Pétursson (Grindavík), Andrés Már Jóhannesson (Fylki), Rasmus Christiansen og Denis Sytnik (ÍBV), Elfar Freyr Helgason og Guðmundur Kristjánsson (Breiðabliki), Baldur Sigurðsson (KR), Björn Daníel Sverrisson og Matthías Vilhjálmsson (FH), Haukur Ingi Guðnason (Keflavík) og Joseph Tillen (Fram).

# Hugsaði minn gang eftir agabannið

**Björn Daníel Sverrisson er leikmaður 21. umferðar Pepsi-deildar karla. Hann skoraði tvö mörk í 5-3 sigri FH á Keflavík og hefur farið mikinn í undanförnum leikjum. „Hefur verið sérstakt sumar," segir hann.**

**FÓTBOLTI** Björn Daníel Sverrisson hefur verið áberandi í leikjum FH að undanförnu. Hann fór mikinn í leiknum gegn Keflavík um helgina þar sem hann skoraði tvö mörk og lagði upp eitt til viðbótar í 5-3 sigri. Alls hefur hann skorað fjögur mörk og átt þrjár stoðsendingar í síðustu þremur leikjum FH.

„Það hefur verið gaman að undanförnu," segir Björn Daníel. „Bæði hef ég verið að spila vel og liðið hefur unnið sína leiki. Ég hef líka verið að spila framar á vellinum en áður í sumar og hef fengið fleiri færi."

Hann segir að þetta sé hans staða á vellinum. „Þarna er ég kominn inn í boxið og er meira viðloðandi sóknarleikinn. Ég hef ekki þurft að sinna varnarleiknum jafn mikið eftir að Hákon [Atli Hallfreðsson] kom aftur inn í liðið. Við höfum spilað saman upp alla yngri flokkana og náum vel saman."

Auk þeirra spilaði Matthías Vilhjálmsson inni á miðjunni og segir Björn Daníel að þeir myndi gott teymi. „Við erum allir frekar flinkir fótboltamenn og mér finnst miðjan vera skemmtilega samansett þegar við spilum saman," segir hann.

FH-ingar fóru nokkuð rólega af stað í Pepsi-deildinni í vor og segir Björn Daníel að það hefði tekið sinn tíma að fylla í skarð Davíðs Þórs Viðarssonar sem fór í atvinnumennsku. „Davíð er frábær leikmaður og leiðtogi og það tekur alltaf tíma að fylla slík skörð. Mér fannst við þó hafa náð að finna réttu blönduna áður en Hákon meiddist [snemma móts]. Í hans fjarveru var ég oft að spila aftast á miðjunni sem er í raun mín veika staða þó svo að mér finnist líka gaman að spila þar."

FH-ingar hafa verið á mikilli siglingu í haust og eiga enn möguleika á Íslandsmeistaratitlinum. En ef þeim á að takast að verja titilinn þurfa bæði Breiðablik og ÍBV að misstíga sig í lokaumferðinni um næstu helgi. FH er tveimur stigum á eftir Blikum og einu á eftir ÍBV.

„Við höfum verið að finna okkur vel en samt sem áður höfum við líka verið að tapa stigum í leikjum sem við áttum að vinna. Sérstaklega í 2-3 leikjum þar sem við vorum með mikla yfirburði í leiknum en náðum ekki að klára þá. Það er sérstaklega svekkjandi í ljósi stöðunnar nú. En við munum fara af fullum krafti í lokaleikinn enda væri það ömurlegt að vinna hann ekki ef það kæmi svo í ljós að það myndi duga til að vinna titilinn," segir Björn Daníel.

Sumarið hefur einnig verið viðburðaríkt fyrir Björn Daníel sjálfan en hann var settur í agabann í lok maí. „Eftir þetta atvik finnst mér að ég hafi spilað nokkuð vel og haldið ágætum stöðugleika. Að sjálfsögðu hugaði ég minn gang eftir þetta enda ekki reynsla sem ég vil upplifa aftur. Þetta var aðeins minni heimsku um að kenna," segir hann.

„En þetta er eitthvað sem maður lærir af og ég hef lagt mikið á mig í sumar eftir þetta. Það er að skila sér núna." **eirikur@frettabladid.is**



**LÆTUR VAÐA Á MARKIÐ** Björn Daníel Sverrisson skýtur á markið á móti Keflavík á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Björn Daníel Sverrisson í sumar

| Í maí til ágúst | | Í september | |
|---|---|---|---|
| Leikir: | 15 | Leikir: | 3 |
| Mörk: | 2 | Mörk: | 4 |
| Stoðsendingar: | 2 | Stoðsendingar: | 3 |
| Meðaleinkunn: | 5,67 | Meðaleinkunn: | 7,67 |



**HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR** Í leik á móti Frökkum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hólmfríður Magnúsdóttir:

## Komu sjálfum sér á óvart

**FÓTBOLTI** Hólmfríður Magnúsdóttir og félagar hennar í Philadelphia Independence tryggðu sér sæti í undanúrslitum bandarísku atvinnumannadeildarinnar með 1-0 sigri á Washington Freedom.

„Ég held að við séum bara búin að koma okkur sjálfum á óvart því við erum nýtt lið í deildinni og erum komnar alla leið í undanúrslit," sagði Hólmfríður en sigurmarkið kom á 120. mínútu leiksins. „Við höfum verið að klára leiki í sumar á síðustu mínútunum og það er heldur ekkert skemmtilegra en að vinna leik með því að skora þegar bara ein mínúta er eftir. Þetta var geðveikt," sagði Hólmfríður sem lék í 115 mínútur í vinstri bakverðinum þrátt fyrir að geta lítið æft fyrir leikinn vegna meiðsla.

„Það var alltaf verið að spyrja mig hvort þeir þyrftu að taka mig útaf því ég var ekki orðin góð í seinni hálfleik. Það var samt ekki möguleiki á því að ég færi útaf í svona leik," sagði Hólmfríður.

„Nú þarf ég bara að gera mig tilbúna fyrir næsta leik. Við erum að fara til Boston á morgun og leikurinn er síðan á fimmtudaginn," sagði Hólmfríður en sigurvegari þess leiks mætir deildarmeistarum FC Gold Pride í úrslitaleik um titilinn. - óój



**FRÁ KEPPNI** Sölvi Geir Ottesen, fyrirliði íslenska landsliðsins. NYND/GETTYIMAGES

Áfall fyrir íslenska landsliðið:

## Sölvi brotinn

**FÓTBOLTI Sölvi Geir Ottesen, fyrirliði íslenska landsliðsins í fótbolta, verður ekki með íslenska landsliðinu á móti Portúgal í næsta mánuði.**

**Sölvi handleggsbrotnaði í lok nágrannaslags FC Kaupmannahafnar og Brøndby á sunnudagskvöldið og handleggurinn verður fimm til sex vikur að gróa. Sölvi Geir mun fá hlíf á hendina og spilar væntanlega eins fljótt og hann fær grænt ljós á það.** - óój

Þóra Björg Helgadóttir varð sænskur meistari með LdB FC Malmö um helgina:

## Við erum með eitt besta lið heims

**FÓTBOLTI** Landsliðsmarkvörðurinn Þóra Björg Helgadóttir varð um helgina sænskur meistari í knattspyrnu með liði sínu, LdB FC Malmö. Liðið gerði á laugardaginn 1-1 jafntefli við Kopparberg/Göteborg sem er í öðru sæti deildarinnar. Tíu stigum munar á liðunum þegar þrjár umferðir eru til loka keppnistímabilsins.

„Þetta er auðvitað frábært enda er allt liðið í skýjunum," segir Þóra í samtali við Fréttablaðið en hún hefur varið mark liðsins í sumar.

Malmö hefur vart stigið feilspor í sumar og er taplaust með sautján sigra í nítján leikjum. „Ég held að enginn hafi átt von á því að við yrðum með þessa yfirburði," segir hún. „Við erum vissulega með liðið til þess en það sem hefur verið að hrjá það undanfarin ár er að það hefur verið að klikka á ögurstundu. Okkur var því ekki spáð titlinum í vor og engu líkara að fólk hafi einfaldlega gefist upp á okkur."

En þrátt fyrir þessa miklu yfirburði í sumar leyfði sér enginn hjá félaginu að fagna of snemma.

„Svíarnir eru bara þannig að það var ekki einu sinni rætt um þessi mál og það mátti alls ekki minnast á gullið," segir Þóra í léttum dúr. „En þannig náðum við að halda stemningunni góðri í hópnum. Við tökum bara einn leik fyrir í einu og gerum það áfram út tímabilið."

Þóra verður áfram í herbúðum félagsins og stefnir hátt með félaginu á næsta tímabili. „Við ætlum okkur að verja titilinn og vonandi tekst okkur að fara langt í Evrópukeppninni. Ég tel að við séum í einu besta liði heims. Ég veit að þetta eru stór orð og að ég er ekki hlutlaus en ég tel að við getum farið langt ef við höldum þessum dampi."

Almennt er talið að deildirnar í Svíþjóð, Bandaríkjunum og Þýskalandi séu þær bestu í heimi. „Ég hef verið að væla í þjálfaranum að koma á æfingaleikjum gegn bandarískum liðum á næsta undirbúningstímabili. Við höfum heldur ekki spilað gegn þýsku liðunum en ég hlakka til að fá að mæla okkur við bestu lið Evrópu á næsta ári," segir Þóra. - esá




**MEISTARI Í 9. SINN** Þóra Björg Helgadóttir vann sinn fyrsta meistaratitil erlendis en hún hefur 8 sinnum orðið Íslandsmeistari með KR og Breiðabliki.

Láttu skynsemina ráða ferð, verslaðu ódýrt hjá PITSTOP
Láttu skynsemina ráða ferð, verslaðu ódýrt hjá PITSTOP



-15%

pitstop

Við erum með frábær verð á heilsárs/vetrardekkjum og út September veitum við –15% afslátt af heilsársdekkjum og umfelgunum að auki.

Settu vetrardekkin tímanlega undir í ár og farðu strax á eina af þjónustustöðvum PITSTOP og fáðu heilsársdekk og umfelgun á frábærum verðum og -15% afslátt að auki .

Það er ódýrara að vera öruggur í umferðinni í vetur.





Rauðhella 11, Hfj.



Dugguvogur 10, Rvík



Hjallahraun 4, Hfj

Pitstop býður auðvitað miklu fleiri gerðir og týpur af dekkjum í öllum verðflokkum.

pitstop

Rauðhellu 11, Hfj - Dugguvogi 10, Rvík - Hjallahrauni 4, Hfj. - Þjónustubíll
Sími : 568 2035 Sími : 568 2020 Sími : 565 2121 Sími : 568 2035 & 842 5715

www.pitstop.is





HVAÐ FÆRÐ ÞÚ FYRIR PENINGANA?

10 KLST.* AF SJÓNVARPSEFNI HJÁ RÚV

EÐA

12 KLST.* AF SJÓNVARPSEFNI HJÁ SKJÁ EINUM

EÐA

56 KLST.* 2 | 2 BÍÓ | 2 EXTRA AF FRÁBÆRRI SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

*Sýningartími að meðaltali á sólarhring.

Stöð 2 , Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> **Susan Sarandon**

„Ég hlakka til að verða eldri, þegar útlitið fer að skipta minna máli og það sem þú stendur fyrir er það sem skiptir máli."

***Susan Sarandon leikur í spennumyndinni Irresistible sem er á dagskrá Stöðvar 2 Bíós kl. 22.00 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON SKORAR Á EGGERT OG BÖRK

# *Sporðaköst verður að endursýna/gefa út*

Nú er það svo að ég er haldinn veiðidellu á hættulegu stigi. Þeir sem þekkja til þessa ástands vita að það er ómögulegt að seðja dýrið sem hefur búið um sig í brjóstinu. Kvillinn er hins vegar þess eðlis að nauðsynlegt er að reyna að slökkva þorstann, og verður það best gert með því að veiða auðvitað. Tími og peningar koma þó í veg fyrir að þetta sé mögulegt.

Ég treysti mér til að fullyrða að þáttagerð um stangveiði sé í þessu ljósi stórlega vanmetið fyrirbæri. Þessa dagana eru tvær þáttaraðir um stangveiði á skjánum, Veiðiperlur og Eru þeir að fá'ann, og er það vel. Efnistök eru ólík en meginmarkmiðinu er náð á báðum vígstöðvum. Að kasta inn í stofu litlum veiðisögum, sem á annað borð sefa en í hina röndina æra upp í manni delluna. Eðli sjúkdómsins er nefnilega með þeim ólíkindum að öll þekkt meðul slá aðeins tímabundið á einkennin en gera menn svo mun veikari þegar upp er staðið.



Það er kvíðvænlegur andskoti að nú tekur við langur og fisklaus vetur. Stangir og flugur hverfa inn í dökk skúmaskot og eina haldreipið eru minningarnar. Og einstaka augnablik sem þáttagerðarmenn hafa fest á filmu í gegnum árin.

Þess vegna ætla ég að nota tækifærið og skora á Stöð 2 að endursýna í vetur bestu veiðiþætti sem hér hafa verið framleiddir; Sporðaköst. Alls voru framleiddir þrjátíu þættir undir merkjum Sporðakasta, 900 mínútur af stórkostlegu sjónvarpsefni.

Það má líka koma fram að einhver snillingur stofnaði nýlega grúppu á Fésbókinni þar sem skorað er á Börk Baldvinsson og Eggert Skúlason að endurútgefa þættina á DVD. Guð má vita að ég mun tilheyra þeim fjölmenna hópi sem myndi kaupa. Kostnaðurinn við slíkt skiptir mig ekki máli. Menn vita jú að lyf kosta mikið á Íslandi.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **18.40 Tottenham - Arsenal, bein úts.** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.30 The Doctors** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10 Að duga eða drepast** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Nýtt útlit** SKJÁREINN



▶ **21.20 White Collar** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.40 Fiðlusmiðurinn** Mynd um Hans Jóhannsson fiðlusmið.
**16.35 Íslenski boltinn** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Skyndiréttir Nigellu** (12:13) (Nigella Express) (e)
**18.00 Friðþjófur forvitni** (3:20)
**18.25 Pálína** (54:56)
**18.30 Jimmy Tvískór** (23:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Að duga eða drepast** (19:20) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
**20.55 Önnumatur** (1:8) (AnneMad) Í þessari dönsku matreiðsluþáttaröð töfrar kokkurinn Anne Hjernøe fram kræsingar af ýmsu tagi.
**21.25 Návígi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Rannsókn málsins - Slóðin** (1:2) (Trial and Retribution: Tracks) Bresk spennumynd frá 2008 í tveimur hlutum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Popppunktur** (Úrslitaþátturinn) (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**00.50 Fréttir** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Spiderwick Chronicles**
**10.00 Mr. Wonderful**
**12.00 Land Before Time XIII: The Wisdom of Friends**
**14.00 The Spiderwick Chronicles**
**16.00 Mr. Wonderful**
**18.00 Land Before Time XIII: The Wisdom of Friends**
**20.00 The Big Nothing**
**22.00 Irresistible**
**00.00 New France**
**02.20 Grilled**
**04.00 Irresistible**
**06.00 License to Wed**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz, Nornfélagið
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Matarást með Rikku** (8:10)
**11.00 Wipeout USA**
**11.45 Making Over America With Trinny & Susannah** (6:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (13:24)
**13.25 Nine Months**
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Ben 10, Nornfélagið, Strumparnir
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (16:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (20:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (18:22)
**20.10 The Middle** (7:24) Frábærir gamanþættir í anda Malcholm in the Middle.
**20.30 The New Adventures of Old Christine** (10:22) Fjórða þáttaröðin um Christine sem er fráskilin og einstæð móðir.
**20.55 Cougar Town** (15:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends.
▶**21.20 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
**22.05 The Shield** (3:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögregluliðið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.
**22.50 Daily Show: Global Edition**
**23.15 Pretty Little Liars** (3:22)
**00.00 Mercy** (21:22)
**00.45 True Blood** (12:12)
**01.45 Nip/Tuck** (21:22)
**02.30 The Best of Cathouse** Djarfur heimildarþáttur frá HBO. Stranglega bannaður börnum.
**02.55 Dirt**
**04.30 Lady Vengance**

## SPORT *besta sætið*

**17.20 Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ** Sýnt frá Unglingaeinvíginu í Mosfellsbæ en þangað eru samankomnir allir bestu ungu kylfingar landsins. Fimm stigahæstu kylfingarnir í hverjum flokki hjá drengjum og þrjár stigahæstu stúlkurnar í hverjum flokki á Arion banka mótaröðinni taka þátt.
**18.10 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
▶**18.40 Enski deildabikarinn. Tottenham - Arsenal** Bein útsending frá stórleik Tottenham og Arsenal í enska deildabikarnum.
**20.45 Spænski boltinn. Real Madrid - Espanyol** Útsending frá leik Real Madrid og Espanyol í spænska boltanum. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl. 19.55.
**22.25 Tournament Of Champions** Sýnt frá Tournament of Champions en mótið er hluti af World Series of Poker en til leiks eru mættir margir af bestu pókerspilurum heims.
**23.20 Enski deildabikarinn. Tottenham - Arsenal** Sýnt frá leik Tottenham og Arsenal í enska deildabikarnum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.10 WBA - Birmingham** Enska úrvalsdeildin.
**15.55 Stoke - West Ham / HD** Enska úrvalsdeildin.
**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir í þaula.
**18.35 Football Legends - Michael Owen** Í þessum þætti af Football Legends verður farið yfir feril Michael Owen og sá magnaði leikmaður skoðaður í bak og fyrir.
**19.00 Man. Utd - Liverpool / HD** Enska úrvalsdeildin.
**20.45 Chelsea - Blackpool / HD** Enska úrvalsdeildin.
**22.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**23.00 Everton - Newcastle** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**17.00 Game Tíví** (1:14) (e)
**17.30 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
**18.10 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.55 King of Queens** (19:25) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (33:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**19.45 Whose Line is it Anyway** (1:20) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
**20.10 The Marriage Ref** (2:12) Bráðskemmtileg þáttaröð þar sem stjörnudómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna.
▶**21.00 Nýtt útlit** (1:12) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.
**21.50 In Plain Sight** (14:15) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina.
**22.35 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.20 CSI: New York** (8:23) (e)
**00.10 Sordid Lives** (2:12) (e)
**00.35 CSI: New York** (3:25) (e)
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Rök Matthíasar Imsland og Hallbjarnar Karlssonar gegn kaupum framtakssjóðs á Icelandair og Vestia.
**21.00 Græðlingur** Haustuppskera í boði Gurrýar.
**21.30 Mannamál** Sigmundur Ernir ekki alltaf um troðnar slóðir.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### Cougar Town

Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda að hennar mati engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The New Adventures of Old Christine

**Stöð 2 kl. 20.30**



Fjórða þáttaröðin um Christine sem er fráskilin, einstæð móðir sem lætur samviskusemi og óþrjótandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði. Sérstaklega á hún erfitt með að slíta sig frá fyrrverandi eiginmanni sínum sem hún á í vægast sagt nánu og sérkennilegu sambandi við.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Fjölradda sveiflusöngur
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Ris og fall flugeldahagkerfa
**14.03** Að horfa á tónlist: Rínargullið
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Málstofan
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.20** Tríó
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Fimm fjórðu
**23.05** Matur er fyrir öllu
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

▶**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Gossip Girl** (3:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartíi.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 V** (2:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á ótrúlega raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.

**22.35 Torchwood** (12:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa.

**23.25 Gossip Girl** (3:22)

**00.10 The Doctors**

**00.50 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**01.20 Fréttir Stöðvar 2**

**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.35** Keeping Up Appearances **13.05** The Green, Green Grass **13.35** The Green, Green Grass **14.05** Lab Rats **14.35** Lab Rats **15.05** Waterloo Road **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** Keeping Up Appearances **18.00** The Catherine Tate Show **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Extras **19.30** Whitechapel **20.15** Jonathan Creek **21.05** Come Dine With Me **21.30** The Jonathan Ross Show **22.20** EastEnders **22.50** Torchwood **23.35** Whitechapel

## DR 1

**12.00** Danmark ser grønt **12.30** Fængslet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Lotte fra Spektakelmagergade **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Medicinmanden **20.45** Vilde roser **21.30** Teenageliv **22.00** Naruto Uncut **22.25** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** På innsida av det danske kongehuset **13.00** NRK nyheter **13.10** Med hjartet på rette staden **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Berulfsens fargerike **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.15** Karanba! **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Program ikke fastsatt **20.30** Ta en Tattoo **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Den store reisen **22.25** The Norwegian Solution **22.55** Takk for sist **23.35** Svisj gull

## SVT 1

**12.30** Här är ditt liv, Cory **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Agenda special **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Vem tror du att du är? **18.40** En bondes längtan **18.55** Din plats i historien **19.00** Elvis i glada Hudik **20.00** DOX **21.35** Flamman och Citronen **22.25** Blekingegadebandet **23.10** Dr Åsa **23.40** Niklas Mat




## MORGUNMATURINN



*„Ruddalegur uppáhellingur er morgunverður meistaranna hjá mér.“*

Egill Harðarson, ritstjóri Rjómans.is og grafískur hönnuður.

# Fengu loks sigurlaunin í Popppunkti

„Það er svona þegar verðlaunin eru ekki prentuð á pappír og afhent strax. Þá vill þetta oft fara á flakk milli skrifborða en við erum búnir að leysa þetta núna,“ segir Felix Bergsson, spyrill í Popppunkti. Síðasti þáttur sumarsins í spurningakeppni tónlistarmanna var á laugardaginn þegar Skriðjöklar og Lights on the Highway öttu kappi í úrslitum. Lights on the Highway fór með sigur af hólmi. Athygli vakti þegar Guðmundur Svafarsson, liðsmaður Ljótu hálfvitanna, mætti til að krýna arftaka sína að þá lét hann þau orð falla að sigurvegararnir ættu ekki að vera of glaðir; það hefði reynst þrautin þyngri að innheimta vinningana frá því á síðasta ári.

Guðmundur vildi hins vegar lítið tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum og Dr. Gunni segir að þetta sé allt einn stór misskilningur. „Það fór einhver í sumarfrí og þetta gleymdist en við erum búnir að fá verðlaunin núna,“ sagði Guðmundur í samtali við Fréttablaðið. Felix vildi hins vegar ekki meina að þeir hefðu ákveðið að tóna niður verðlaunin í ár vegna þessa „miskilnings“. „Nei, þetta var stundum svolítið „2002“ hjá okkur, utanlandsferðir og eitthvað svoleiðis. En þetta er bara í takt við tíðarandann,“ segir Felix og bætir því við að þeir séu þegar farnir að leggja drög að næsta sumri. „Við erum búnir með hundrað þætti og eigum samt eftir slatta af hljómsveitum á borð við Todmobile og Bubba.“

- fgg



**MISSKILNINGUR EÐA EKKI** Guðmundur Svafarsson sagðist ekki hafa fengið öll verðlaunin fyrir sigur Ljótu hálfvitanna í fyrra. Því hefur nú verið kippt í liðinn að sögn Felix Bergssonar.

# Miðar fyrir milljón

Ingólfur Þórarinsson, best þekktur sem Ingó Veðurguð, er einn vinsælasti dægurlagasöngvari landsins um þessar mundir. Hljómsveitin hans, Ingó og Veðurguðirnir, troðfylla hvern tónleikastaðinn á fætur öðrum úti á landi og Ingó sjálfur leikur á kassagítar fyrir fullum Óliver á hverjum fimmtudegi. Ekki má heldur gleyma því að Ingólfur leikur með meistaraflokki Selfoss í Pepsí-deildinni og hefur staðið sig með ágætum þótt liðið hafi fallið úr deildinni á sunnudag. Nýjasta rósin í hnappagatið er hins vegar metsala á söngleikinn Buddy Holly þar sem Ingólfur leikur aðalhlutverkið en þrjú þúsund miðar hafa selst síðan forsalan hófst en það ætti að skila nokkrum milljónum í kassann.

- fgg



**VINSÆLL** Ingó fyllir sveitaböllin og Óliver og nú seljast miðar á Buddy Holly eins og heitar lummur.

INGIBJÖRG FINNBOGADÓTTIR: MJÖG SPENNANDI VERKEFNI FYRIR OKKUR

# Calvin Klein vill íslenskan strák í auglýsingaherferð

„Við erum að leita að flottum strákum fyrir næstu tískusýningu hönnuðarins Calvins Klein í New York. Sá sem verður valinn kemst á samning hjá okkur og á svo einnig möguleika á því að komast á samning hjá hönnuðinum sjálfum og verða andlit næstu auglýsingaherferðar fyrirtækisins. Þannig að við erum að leita að næstu karlfyrirsætu Calvins Klein,“ segir Ingibjörg Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Elite-umboðsskrifstofunnar á Íslandi.

Umboðsskrifstofan fékk verkefnið beint í gegnum tengiliði sína í New York og að sögn Ingibjargar er Calvin Klein að leita að nýju skandinavísku andliti fyrir næstu sýningu sína. „Við erum eina Elite-umboðsskrifstofan á Norðurlöndunum sem fengum þetta verkefni þannig að þetta er bæði mjög spennandi verkefni fyrir okkur og mikill heiður, enda erum við nýbúnar að opna skrifstofuna.“ Að sögn Ingibjargar hefur Calvin Klein ekki áður leitað sérstaklega að íslenskum karlfyrirsætum og bætir við að þetta sé einstakt tækifæri fyrir alla þá stráka sem hafa áhuga á tískubransanum og vilja skoða heiminn í leiðinni.

Auglýsingar Calvins Klein hafa ávallt vakið mikla athygli og hafa margar þekktar stjörnur setið fyrir í auglýsingaherferðum hönnuðarins, má þar helst nefna leikarann Mark Wahlberg, fótboltakappann Freddie Ljungberg, fyrirsætuna Kate Moss og leikkonuna Evu Mendez.

Verið er að leita að strákum á aldrinum 16 til 30 ára og þurfa þeir að vera yfir 180 sentimetrar að hæð. Prufur fara fram á morgun milli klukkan 16.00 og 18.00 við Klapparstíg 25-27.

sara@frettabladid.is




**LEITA AÐ NÝRRI KARLFYRIRSÆTU** Ingibjörg Finnbogadóttir og Tinna Aðalbjörnsdóttir reka saman Elite-umboðsskrifstofuna á Íslandi. Þær leita að nýrri karlfyrirsætu fyrir Calvin Klein. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## FRÆG CALVIN KLEIN-MÓDEL

Leikarinn **Mark Wahlberg** er ein frægasta karlfyrirsæta Calvins Klein. Hann sat fyrir í auglýsingaherferð fyrir hönnuðinn árið 1992 og vöktu auglýsingarnar gríðarlega athygli. Wahlberg varð mjög vinsæll meðal kvenfólks í kjölfarið og nokkru seinna varð hann einnig vinsæll leikari.

Sænski fótboltakappinn var andlit Calvins Klein árið 2003 og var sú auglýsingaherferð ein vinsælasta herferð fyrirtækisins frá upphafi. Sænska fyrirsætan Marcus Schenkenberg sat einnig fyrir í herferð Kleins, en sá er líklega hvað þekktastur fyrir einmitt þessar auglýsingar og það að hafa verið kærasti kynbombunnar Pamelu Anderson.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarmaðurinn **Mugison** er staddur í New York þessa dagana á vegum Iceland Naturally-verkefnisins sem miðar að því að kynna íslenska menningu og vörur erlendis. Súðvíkingurinn ætlar að spila á háskólakaffistofum vítt og breitt um borgina og á einum tónleikanna verður íslenskur kokkur með í för sem ætlar að elda ferskan, íslenskan fisk ofan í mannskapinn. Mugison fetar þarna í fótspor Lay Low sem fór í sams konar tónleikaferð í síðustu viku og Helga Hrafns Jónssonar sem spilaði í New York á undan henni.



Mugison er ekki eini þekkti Íslendingurinn í New York um þessar mundir því í sömu flugvél og hann á leiðinni út var leikstjórinn **Guðný Halldórsdóttir**. Hún er viðriðin heimildarmynd sem eiginmaður hennar, Halldór Þorgeirsson, er að vinna um föður hennar og Nóbelsskáldið Halldór Laxness. Myndin verður tekin upp í Bandaríkjunum og víða um Evrópu. RÚV, sænska ríkissjónvarpið og Kvikmyndamiðstöð Íslands koma einnig að gerð myndarinnar, eins og Fréttablaðið hefur greint frá.



Útrásarvíkingurinn **Jón Ásgeir Jóhannesson** var sömuleiðis í vélinni til New York. Réttarhöld standa nú yfir þar í borg vegna máls sem Glitnir höfðaði gegn honum og þarf hann að svara fyrir þær sakir sem bornar hafa verið á hann. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var Jón Ásgeir síðasti maður inn í flugvélina og fyrsti maður út, sem kemur kannski ekki á óvart því öll augu beindust að honum á meðan hann var um borð í vélinni.

- fb

# Taka við berstrípuðu leikhúsi

Nýverið var greint frá því að Hafnarfjarðarbær hefði samið við Gaflaraleikhúsið um rekstur leikhúss að Strandgötu 50 í Hafnarfirði sem áður hýsti Hafnarfjarðarleikhúsið. Björk Jakobsdóttir, Gunnar Helgason, Lárus Vilhjálmsson, Gunnar Björn Guðmundsson og Ágústa Skúladóttir koma að Gaflaraleikhúsinu en reiknað er með því að nýja leikhúsið verði opnað um mánaðamótin október-nóvember.

Björk og Gunnar áttu sinn þátt í því að koma Hafnarfjarðarleikhúsinu Hermóði og Háðvör á laggirnar fyrir sextán árum og þau fá svo sannarlega að byrja með Gaflaraleikhúsið frá grunni. „Nei, það eru engin ljós, engir bekkir, engir stólar fyrir áhorfendur, ekki neitt. Ætli við rukkum nokkuð inn á opnunina heldur biðjum fólk bara um að koma með stóla og borð. Þetta verður svona svipað og þegar fólk er að safna í stell,“ segir Björk.

Hópurinn fær lykla að húsinu afhenta í dag en í gær var unnið hörðum höndum að því að fjarlægja allt úr húsinu. Björk segir þau einfaldlega ætla að laga starfsemi hússins að umhverfinu. En það séu stórar og miklar hugmyndir í bígerð. „Já, það er barnaleikrit eftir Gunnar Helgason, söngleikur, ævintýraleikrit, uppistand og revíuprógramm, við höfum alveg endalaust mikið af hugmyndum og hlökkum alveg óskaplega mikið til að byrja,“ segir Björk.

- fgg



**NÝTT LEIKHÚS** Björk Jakobsdóttir verður ein þeirra sem kemur að rekstri leikhússins. Með henni verða Gunnar Helgason, Gunnar Björn Guðmundsson, Lárus Vilhjálmsson og Ágústa Skúladóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Haltu barnaafmælið hjá okkur
www.keiluhollin.is
KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN
Opið sunnud. - fimmtud. frá 11:00 - 24:00 og föstud. og laugard. frá kl 11:00 - 01:00
Pantanir í síma 511 5300 alla virka daga kl. 10:00 -15:00 eða á keiluhollin@keiluhollin.is

BRUEN
NLP-Practitioner NÁM (120 kennslust.)
Öflugt og áhrifaríkt nám fyrir alla sem vilja bæta færni sína í samskiptum og stjórnun. Kennsla hefst 12. okt. og líkur með diplomu 13. des. (kl. 9-18 alla kennslud.)
Kennari: Hrefna Birgitta Bjarnadóttir, alþjóðlegur NLP-Trainer/Coach.
Ath. Styrkir frá stéttarfélögum/Vinnumálastofnun.
Nánari upplýsingar um kennsludaga, verð og skráningu eru á www.bruen.is og hjá Jóni Bjarna NLP-Practitioner/ACC-Coach í síma: 898 0714 / netfang: solris.jbb@simnet.is




# 29.406.830 kr.

## söfnuðust til góðra málefna

Uppskeruhátíð áheitasöfnunar Reykjavíkurmaraþons Íslandsbanka var haldin miðvikudaginn 15. september í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar var frábærum árangri við söfnun áheita fyrir góðgerðarfélög fagnað, en alls fá 92 góðgerðarfélög tæplega 30 milljónir í áheit sem söfnuðust í hlaupinu.

Allir hlauparar sem söfnuðu áheitunum á hlaupastyrkur.is eiga hrós skilið sem og þeir sem létu gott af sér leiða með því að heita á hlaupara.

Til hamingju með árangurinn!

### Félög sem mest safnaðist fyrir

| | |
|---|---|
| Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna | 2.223.166 kr. |
| Ljósið endurhæfing krabbameinsgreindra | 1.982.459 kr. |
| Hringurinn, Barnaspítalasjóður | 1.398.298 kr. |
| Krabbameinsfélag Íslands | 1.393.222 kr. |
| Kraftur | 1.292.386 kr. |
| Parkinsonsamtökin á Íslandi | 1.161.603 kr. |
| Félag CP á Íslandi | 1.146.224 kr. |

### Hlauparar sem söfnuðu mestu

| | | |
|---|---|---|
| S. Hafsteinn Jóhannesson | Parkinsonsamtökin á Íslandi | 602.000 kr. |
| Oddur Kristjánsson | Félag CP á Íslandi | 453.019 kr. |
| Rakel Steinarsdóttir | Reykjadalur, sumarbúðir fatlaðra barna | 446.500 kr. |
| Rósa Björg Karlsdóttir | Ljósið, endurhæfing krabbameinsgreindra | 404.000 kr. |
| Viktor Snær Sigurðsson | AHC samtökin á Íslandi | 355.000 kr. |

REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

Íslandsbanki
- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Pósthúsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Anna horfin

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær virtist Sigurði G. Tómassyni, dagskrárgerðarmanni á Útvarpi Sögu, hafa verið sagt upp með sms-skeyti frá útvarpsstjóranum Arnþrúði Karlsdóttur. Ekki virðast þó öll kurl vera komin til grafar í málinu og Sigurður var enn titlaður starfsmaður stöðvarinnar á vefsíðu hennar í gær. Hins vegar er útvarpsþátturinn Milli mjalta og messu horfinn af dagskránni og umsjónarmaður hans, **Anna Kristine Magnúsdóttir**, sömuleiðis. Anna Kristine fékk samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tölvupóst frá Arnþrúði í síðustu viku þar sem tilkynnt var að krafta hennar væri ekki óskað lengur.



### Bin borgarstjóri?

Jón Gnarr borgarstjóri hefur verið kallaður ýmsum nöfnum í gegnum tíðina og verið borinn saman við marga. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, fyrrum formanni Frjálslynda flokksins, hefur greinilega ekki þótt nóg um slíkt og ákvað að bera borgarstjóra saman við **Bin Laden** í samtali sínu við Vísi.is. Lét Guðjón þessi ummæli falla í samhengi þess að eflaust sé auðveldara að fá fund með Bin Laden heldur en borgarstjóra, en að sögn Guðjóns hafa þeir Sigurjón Þórðarson, núverandi formaður flokksins, þurft að bíða óralengi eftir fundi með Jóni Gnarr. Sigurjón segir allt benda til þess að borgarstjóri hljóti að vera að leggja þá tvímenninga í einelti og sé þar með að sýna andúð sína á Frjálslynda flokknum.



- fgg / - sv

### Mest lesið vísir.is

1. Versti pabbi í heimi: Tíu börn með tíu konum á tíu árum
2. Harður árekstur vegna starfsmanns hestaleigu
3. Morðið í Hafnarfirði enn til rannsóknar
4. Borgarstjóri Reykjavíkur mótmælir við Alþingi
5. Tillaga um aðstoð við fátæka kolfelld





# FRYSTIKISTUR Í MIKLU ÚRVALI




## NÚ Á SÉRSTÖKU TILBOÐI

| Whirlpool frysti-kistur | Lítrar nettó | Hæð í sm | Breidd í sm | Dýpt í sm | Körfur | Skil-rúm | Ljós | Frystig. 24 klst. | Orku-fl. | VERÐ ÁÐUR | TILBOÐS VERÐ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| AFG610MB | 103 | 85 | 53 | 58 | 1 | Nei | Nei | 7,5 kg | B | Kr. 69.995 | Kr. 59.995 |
| AFG6142B | 138 | 88,5 | 57 | 67 | 1 | Nei | Nei | 11 kg | B | Kr. 79.995 | Kr. 69.995 |
| AFG6222B | 212 | 86,5 | 80,6 | 64,8 | 1 | Nei | Nei | 14 kg | B | Kr. 84.995 | Kr. 74.995 |
| WH2010A | 204 | 86,5 | 80,6 | 64,8 | 1 | Nei | Nei | 15 kg | A+ | Kr. 89.995 | Kr. 79.995 |
| AFG6262B | 258 | 88,5 | 95 | 66 | 1 | Nei | Já | 18 kg | B | Kr. 89.995 | Kr. 84.995 |
| AFG6323B | 320 | 88,5 | 112 | 66 | 1 | Nei | Nei | 24 kg | B | Kr. 99.995 | Kr. 94.995 |
| AFG6492B | 400 | 88,5 | 134 | 66 | 4 | Já | Já | 25 kg | B | Kr. 119.995 | Kr. 109.995 |
| AFG6592B | 503 | 88,5 | 163 | 66 | 5 | Já | Já | 30 kg | B | Kr. 129.995 | Kr. 119.995 |

## ALLAR STÆRÐIR – ALLAR GERÐIR

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ

Whirlpool Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500